1. H/f Pétursey. Samþ. með 6:4 atkv. að fella burtu útsvarsskuld félagsins gegn greiðslu á 1200 kr.
2. Jón Dalmannsson. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 70 kr.
3. Eyþór Óskar Sigurðsson. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 125 kr.
4. Stefán Ó. Thordersen. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 122 kr.
5. Brynjólfur Kjartansson. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 100 kr.
6. Guðlaug Stefánsdóttir. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hennar.
7. Vilhelm Möller. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 85 kr.
8. Elís Jónsson, kaupmaður. Samþ. að fella burtu Útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 50 kr.
9. Guðjón Sigurðsson, Amtmannsstíg 5. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
10. Loftur Bjarnason, Miðstræti 8 B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 100 kr.
11. Guðmundur Þ. Gíslason. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 52.50.
12. Ondula. Erindinu synjað.
13. Sigurður Jónsson, Seljavegi 11. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 70. kr.
14. Sigríður Snæbjarnardóttir. Erindinu synjað.
15. H/f. Defensor. Samþ. með 9:1 atkv. að fella burtu útsvarsskuld félagsins gegn greiðslu á kr. 11000.-

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 4.05.

Guðmundur Ásbjörnsson. Hermann Jónasson. Sig. Jónasson. Jakob Möller. Hjalti Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Ólafur Friðriksson. M. Júl. Magnús. Guðrún Jónasson. Guðm. Eiríksson. Jón Ólafsson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1932, föstudaginn 30. desember, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl.2.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varaæ bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, Hjalti Jónsson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, M. Júl. Magnús.

Fundurinn var hakdinn í skrifstofu borgarstjóra.

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. des. lögð fram.
1.-3. liður samþ. með shlj. atkv.
Samþ. með 10:1 atkv. að mæla meðundanþágu þeirri, er um ræðir í 4. lið.
5.-7. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Kosning borgarstjóra:
Forseti lagði fram erindi frá Aþýðuflokknum í bæjarstjórninni, dags. 29. des., og erindi frá Sjálfstæðisflokknum í bæjarstjórninni, dags. sama dag, um fjölgun borgarstjóra. - Ennfremur las forseti frá Jóni Þorlákssyni verkfræðing þar sem hann tilkynnir, að hann muni, ef til kemur, taka við kosningu sem borgarstjóri Reykjavíkur fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili K. Zimsen.
Borgarstjóri tilkynnti, að Torfi Hjartarson cand. jur. hefði tekið aftur umsókn sína.
Þá fór fram kosning borgarstjóra.

Kosningu hlaut:
Jón Þorláksson verkfræðingur,

með 8 atkv. Sigurður Jónasson fékk 7 atkv.

Að aflokibbi dagskrá ávarpaði Pétur Halldórsson fráfarandi borgarstjóra K. Zimsen, nokkrum orðum, og tóku bæjarfulltrúarnir undir með því að standa upp. - Borgarstjóri þakkaði.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 2.50.

Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónasson. Hermann Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Ólafsson. Kjartan Ólafsson. Hjalti Jónsson. M. Júl. Magnús. Ágúst Jósefsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Guðrún Jónasson. Guðm. Eiríksson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, þriðjudaginn 10. janúar, var fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 2.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Eiríksson, Hjalti Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ágúst Jósefsson, Sigurður Jónasson, Kjartan Ólafsson, Jón Ólafsson, M. Júl. Magnús og Ólafur Friðriksson.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingsalnum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð bæjarráðs frá 6. janúar lögð fram.
12. liður samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð skólanefndar frá 6. janúar lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Önnur umræða um fjárhagsáætlun bæjarins 1933.
Forseti tilkynnti, að breytingatillögur við áætlunina yrðu að vera komnar til borgarstjóra fyrir kl. 12 næstkomandi laugardag.
Frumvarpið samþ. til framhalds annarar umræðu með shlj. atkv.

IV. Önnur umræða um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1933.
Frumvarpið samþ. til framhalds annarar umræðu með shlj. atkv.

V. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Guðni Pálsson, Vatnsstíg 16. Erindinu synjað.
2. Svavar Guðnason, Njálsgötu 85. Samþ. að færa útsvar hans 1932 niður í 20 kr.
3. Friðfinnur Kærnested, Grettisgötu 62. Samþ. að færa útsvar hans 1931 og 1932 niður í 200 lr.
4. Þórarinn Guðmundsson, fiðluleikari. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 600 kr.
5. Elías Kristjánsson, Njálsgötu 57. Erindinu synjað.
6. Guðrún A. Jónsdóttir, Laugavegi 46 A. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hennar.
7.. Guðmundur Guðmundsson, Laugavegi 155 A. Samþ. að lækka útsvar hans 1932 niður í 120 krónur.
8. Jón Magnússon, Hverfisgötu 34. Erindinu synjað.
9. Vilhelm Knudsen, Hellusundi 6. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 150 krónum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Anna Ásmundsdóttir. Samþ. með 6:2 atkv. að fella burtu útsvarsskuld hennar gegn greiðslu á æ500 kr.
11. Friðrik Jensen, Bragagötu 33. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 150 kr.
12. Georg Lyders, Bergstaðastræti 28 B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 25 kr.
13. Friðjón Skarphéðinsson. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
14. h/f. Fáfnir. Erindinu synjað.
15. Helgi Guðmundsson, Ingólfsstræti 6. Erindinu synjað.
16. Ingibjörg H. Briem, Bárugötu 35. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hennar gegn greiðslu á 50 kr.
17. Sigfús Gíslason, Ljósvallagötu 15. Samþ. að lækka útsvar hans 1932 niður í 250 krónur.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.3o.

Guðmundur Ásbjörnsson. Hjalti Jónsson. Pétur Halldórsson. Guðrún Jónasson. Sig. Jónasson. Guðmundur Eiríksson. Kjartan Ólafsson. Hermann Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson. Ágúst Jósefsson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933. fimmtudaginn 19. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 2.10 síðdegis, og voru íá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Ólafsson, Ágúst Jósefsson, ~~Stefán~~ Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Hjalti Jónsson.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar :

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Jóhanns Þorleifssonar, Eiríksgata 17 | 3079 | 15890.- |
| 2. | Hús Björns Jónssonar, Lauganesvegur 51 | 3963 | 8935.- |
| 3. | Hús Sigtryggs Kaldan, Þórsgata 22 | 2037 | 13528.- |
| 4. | Hús Margrétar Vilhjálmsdóttur Njálsgata 33 | 1129 | 14405.- |
| 5. | Hús Einars Þorsteinssonar, Þjórsárgata 4 | 3115 | 22320.- |
| 6. | Hús Sigurðar Sigmundssonar, Fálkagata 13 | 2404 | 38594.- |
| 7. | Hús Guðmundar Einarssonar, Baldurgata 22 A | 1592 | 10645.- |
| 8. | Hús Jakobs Bjarnasonar, Þórsgata 29 | 1911 | 10947.- |
| 9. | Hús Böðvars St. Bjarnasonar Laugavegur 73 | 3069 | 11278.- |
| 10. | Hús Alberts Ólafssonar, Lauganesvegur 71 | 3118 | 9290.- |
| 11. | Hús Jóns Jónssonar, Hverfisgata 76 | 644 | 6950.- |
| 12. | Hús Þórarins Kristjánssonar Njarðargata 2 | 2846 | 1280.- |
| 13. | Hús Óskars Þórðarsonar, Öldugata 17 | 2383 | 1080.- |
| 14. | Hús Ásgeirs Magnússonar, Hörpugata 8 | 3098 | 4392.- |
| 15. | Hús Ármanns Guðmundssonar, Lauganesvegur 69 | 3070 | 8054.- |
| 16. | Hús h/f Sjell við Shellveg | 2969 | 22075.- |
| 17. | Hús Ólafs Magnússonar o.fl. Túngata 2 | 569 | 32498.- |
| 18. | Hús Valdimars Stefánssonar, Laugavegur 67 | 663 | 29961.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19. | Hús Guðmundar Helgasonar, Óðinsgata 4 | Brbnr.: 2252 | Kr.: 110211.- |
| 20. | Hús Sigvalda Jónssonar, Arnarós við Tunguveg | 3075 | 6836.- |
| 21. | Hús h/f Shell við Shellveg | 2970 | 15090.- |
| 22. | - - - - | 2971 | 14740.- |
| 23. | - - - - | 2972 | 29220.- |
| 24. | - - - - | 2973 | 22300.- |
| 25. | Hús Guðmundar Jónssonar, Sólvallagata 7 | 2729 | 875.- |
| 26. | Hús Silla & Valda, Aðalstræti 10 | 4ææ | 575.- |
| 27. | Hús Steingríms Arasonar við Baugsveg | 3068 | 18040.- |
| 28. | Hús Sveins Jóhannssonar, Laugarnesvegur 79 | 3116 | 19615.- |
| 29. | Hús Þorvaldar Thoroddsen, Smáragata 2 | 3117 | 30035.- |
| 30. | Hús Kristjáns Einarssonar, Vonarland | 2191 | 1848.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. janúar lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 13. janúar lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 6. lið:
"Í stað tillögu borgarstjóra í 6. lið bæjarráðsfundargerðar 13. þ.m. komi:
Bæjarstjórn felur bæjarráði, að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraða og bæta innheimtu á bæjargjöldum með því:
1. Að leggja fyrir bæjargjaldkera að stjórna innheimtunni og skipuleggja hana í samráði við annan þann fulltrúa, er annast kann um lögtöku á bæjargjöldum, enda hafi sá fulltrúi yfirumsjón með innheimtunni út um bæinn.
2. að athuga í samráði við bæjarfjaldkera, hvort rétt sé að bæta við innheimtumönnum, er gangi um bæinn til gjaldþegna,
3. að leita samninga við ríkistjórnina um sameiginlega innheimtu tekju- og eignarskatts og útsvara."
Bprgarstjóri bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 4. lið :
"Bæjarstjórnin samþykkir fyrir sitt leyti, að félagið Hvítabandið megi starfrækja húsið nr. 37 við Skólavörðustíg sem sjúkrahús."
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Stefáns Jóg. Stefánssonar, 1. liður, felldur með 8:6 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga norgarstjóra í 6. lið samþ. með 9:5 atkv.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar, 2. liður, samþ. með 8:2 atkv.
Tillaga sama bæjarfulltrúa , 3. liður, samþ. með 10:2 atkv.

Fundarhlé kl. 4.2o - 5.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 17. janúar lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá í sambandi við síðari tillöguna í 4. lið :
"Með því að hafnarstjórn hefir ekki enn þá lokið afgreiðslu þessa máls í hendur bæjarstjórnar, og í trausti þess, að tillögur hafnarstjórnar liggi fyrir á næsta fundi, tekur bæjarstjórnin fyrir næsta mál á dagskrá."
1. og 3. liður samþ. með shæj. atkv.
Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 8:7 atkv.

V. Framhald 2. umræðu um frumvarp til fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs 1933.
Þessar breytingartillögur komu fram:
Frá bæjarfulltrúm Alþýðuflokksins :

Gjöld :

IV. Á eftir 4. lið komi nýr liður :
5. Til verkamannaskýlis við höfnina kr. 50.000.oo.
VI. 1. b. Í stað 500.000.oo komi : - 450.000.oo
Á eftir VI. lið komi nýr liður, sem verði VII. :
Mæðrastyrkur - 60.000.oo
Styrkur þessi sé veittur einstæðum mæðrum eða konum, sem vinna fyrir sjúkum og óvinnufærum eiginmönnum, sjúkum uppkomnum börnum eða gömlum foreldrum, svo þær vegna heimilisstarfa gera ekki leitað sér nægilegrar atvinnu utan heimilisins. Styrkur þe þessi er ekki afturkræfur. Bæjarráð sér um úthlutun á styrk þessum.að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar og fátækrafulltrúa.
Nefndin gefi út ávísanir til styrkþega og séu ávísanirnar greiddar úr bæjarsjóði af bæjargjaldkera.
VII. (sem verður VIII.).
4. (Grund) falli niður.
5. (Vorblómið) falli niður.
9. Til ráðstöfunar fyrir barnaverndarnefnd5.000.oo
13. (nýr stafliður)Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsókn kr. 1000.oo.
14. (nýr stafliður) Til Sjómannafélags Reykjavíkur til lesstofu fyrir sjómenn Kr. 2000.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. (nýr stafliður) Til ráðningarstofu fyrir verklýðsfélögin kr. 3000.oo

VIII. (sem verður IX)
3. (nýr stafliður) Til nýrra gatna eftir síðari ákvörðun bæjarstjórnar - 100.000.oo

X.(sem verður XI.)
10. stafliður verði þannig:
Matgjafir og mjólkurgjafir skólabarna - 30.000.oo
Á eftir 10. lið komi nýr liður er verði:
11. Til ferðalaga skólabarna - 2.000.oo
12. Skólabækur handa fátækum skólabörnum - 5.000.oo
Aðrir stafliðir breytast samkv. þessu.

XI. (sem verður XII.) Nýr stafliður eftir 3. staflið.
4. Framlag til byggingar Gagnfræðaskólans í Reykjavík kr. 45.000.oo

XVI. (sem verður XVII.)
1. orðist þannig:

| | |
|---|---|
| Atvinnubótavinna | kr.600.000.oo |
| - tillag úr ríkissjóði | - 150.000.oo |
| | kr.450.000.oo |
| - Lán úr ríkissjóði | - 150.000.oo |
| | kr.300.000.oo |

Í sambandi við fjárhagsáætlunina:

I. Bæjarstjórnin samþykkir að greiða föstum starfsmönnum bæjarins, sem dýrtíðaruppbótar njóta, sömu dýrtíðaruppbót fyrir yfirstandandi ár eins og þeim var greitt árið 1932. Gjaldliður XVII. breytist samkvæmt því.

II. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og bæjarráði að leita samninga við stjórnendur elliheimilisins Grund og barnaheimilisins Vorblómið, um að bærinn taki við umráðum og rekstri beggja þessara stofnana, og leggja þær samningaumleitanir fyrir bæjarstjórn.

III. Bæjarstjórnin ákveður að taka á leigu frá útlöndum 5- 10 togara, er bærinn geri út á næstkomandi vetrarvertíð, og felur bæjarráði og ~~bæjarstjórn~~ borgarstjóra að gera nú þegar ráðstafanir til undirbúnings og framkvæmda þessu máli, og heimilar bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra, að taka nauðsynleg lán til stofnkostnaðar og reksturs togaranna.
Bæjarráð ræður framkvæmdastjóra útgerðarinnar.

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Við gjaldalið I.1. bæjarráð:
í stað kr. 12.000.oo komi kr. 6.000.oo

Við gjaldalið II. 1. Nýr liður er verði 4. til aukningar löggæzlu kr.42.000.oo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við gjaldalið VIII. Nýr liður er verði 3:
Til Nýrra gatna kr. 50.000.oo
Við gjaædalið ~~IX.~~ XI.4. Gagnfræðaskóli
Reykvíkinga. Í stað 20.000.oo komi 17.000.oo
Við gjaldalið VII.lo. Við liðinn bætist
aths: Eftir nánari ákvörðun allt að:
Dýrtíðaruppbót starfsmanna skal á árinu
1933 vera 40 % af fyrstu 3000 kr. launa
og 20 % af þcí, sem þar er umfram.

Frá borgarstjóra :

1. Við VII. gjaldamegin :
Á eftir 3. lið komi nýr liður , sem verði 4.
liður,þannig :
4. Kostnaður af störfum barnaverndarnefndar
kr. 1000.oo.
Liðatalan breytist eftir atkvæðagreiðsluna.
2. Við 12. gjaldlið gasstöðvarinnar. Liðurinn orðist
þannig :
12. Til aukningar og endurbóta á gasstöð
og götukerfi kr. 70.000.oo
3. Aftan við áætlunina bætist ný málsgrein ,
þannig :
Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra
að taka á árinu 1933 allt að 500.000.oo króna
bráðabirgðalán handa bjarsjóði með sam-
þykki bæjarráðs.

Frá bæjarfulltrúum Framsóknarflokksins:

1. Að bærinn taki að minnsta kosti 5 togara á leigu oh
geri út á árinu.
2. Að hafinn verði nú þegar af hálfu bæjarins unfir-
búningur að því, að stofnað verði hér í bænum
öflugt samvinnuútgerðarfélag sjómanna og leggi
bær og ríki fram veltufé að nokkru leyti enda hafi
þessir aðilar íhlutun um rekstur félagsins.
3. Dýrtíðaruppbót haldist óbreytt á árinu af stofnlaunum,
sem eru kr. 3500.oo eða minna.

Frá Aðalbjörgu Sigurðardóttur, Ólafi Friðrikssyni
og Hermanni Jónassyni :
Við undirritair gerum það að tillögu okkar, að
bærinn gangizt fyrir því og sjái um, að börn í
~~bæjars~~ barnaskólum bæjarins geti fengið mjólk
keypta í skólunum. Annist bærinn innheintu mjólk-
urverðsins hjá foreldrum og forráðamönnum barnanna
og gangi í ábyrgð fyrir því fé, sem ekki fæst
greitt. Leggjum við til, að á fjárhagsáætlun
séu 9000 kr. ætlaðar til þess, á yfirstandandi
ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisfæokksins.

Við gjaldalið XVI., 3.
Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd :
Fé því, sem ætlað er til atvinnubótavinnu, má einnig verja til atvinnubótavinnu kvinna, sem eiga fyrir ómegð að sjá.

Frá Guðmundi Ásbjörnssyni :

Við gjaldalið XII., 5
Í stað 3000 komi 5000.

Frá borgarstjóra :

Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og bæjarráði að halda áfram tilraunum til þess að útvega togara á leigu til útgerðar héðan úr bænum á næstu vertíð, svo og að íhuga og koma fram með uppástungur um aðrar leiðir til aukningar á útgerð í bænum eftir því sem mögulegt er..

Frá Aðalbjörgu Sigurðardóttir :

1.
Liður VII. í breytingartillögum Alþýðuflokksfulltrúanna orðist þannig : 60000 kr. séu veittar til atvinnubóta fyrir konur og til styrktar vegna kreppunnar þeim konum, sem vinna fyrir sjúkum og óvinnufærum eiginmönnum, sjúkum uppkomnum börnum eða gömlum foreldrum, svo þær vegna heimilisstarfa geta ekki leitað sér nægilegrar atvinnu utan heimilisins. Bæjarráð sér um úthlutun á styrk þessum, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar og í samráði við fátækrafulltrúa. Mæðrastyrsnefnd afhendir ávísanir til styrkþega og séu ávísanirnar greiddar úr bæjarsjóði af bæjargjaldkera.

2. Barnaheimilinu Sólheimar sé veittur 2500 kr. styrkur á fjárhagsáætlun þessa árs, gegn því að það fullnægi þeim skilyrðum, sem bæjarráð setur eftir tillögum barnaverndarnefndar.

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins :

Breytingartillaga við 3. tillögu bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins :
Í stað orðsins "launa" komi : byrjunarlauna.
Tillaga sömu bæjarfulltrúa, merkt I, var tekin aftur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúar framsóknarflokksins fluttu svo hljóðandi tillögu :
Dýrtíðaruppbót starfsmanna skal á árinu 1933 vera 40 % af fyrstu 3500 krónunum launa og 20 % af því, sem þar er umfram.
Tillaga sömu bæjarfulltrúa, merkt 3, var tekin aftur.

Fundarhlé kl. 8 - 9 1/4.

Skömmu fyrir kl. 12 bar forseti undir atkvæði hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir þann tíma. Var það samþ . með shlj. atkv.

Atkvæagreiðsla :

Tekjur :

I.-VIII.10. Samþ. með shlj. atkv.
IX.2. Samþ. með shlj. atkv.

Gjöld :

I. 1. a. Samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Sjálf.st.fl. við I.1.b. samþ. með 8:6 atkv.
I.1.c. - II.3. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Sjálf.st.fl. við II. (til aukinnar löggæzlu) samþ. með 10:5 atkv.
III.1. - IV.4. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Alþ.fl. við IV. (verkamannaskýlið) felld með 8:5 atkv.
V.1. - VI.1.a. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Alþ.fl. við VI. (mæðrastyrkur) tekin aftur.
Brtt. Aðalbjargar Sigurðardóttur (mæðrastyrkur) felld með 8:7 atkv.
Brtt. Alþ.fl. við VI.1.b. tekin aftur.
VI.1.b. - VI.2.c. samþ. með shlj. atkv.
VII.1.-3. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Alþ.fl. við VII.9. (barnaverndarnefnd) samþ. með 9:6 atkv.
1. brtt. borgarstjóra (barnaverndarnefnd) þar með fallin.
Brtt. Alþ.fl. við VII.4. felld með 8:5 atkv.
VII.4. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Alþ.fl. við VII.5. felld með 8:5 atkv.
VII.5. samþ. með 8:3 atkv.
VII.6. - 9. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Sjálfst.fl. við VII.10. samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII.10. svo breyttur samþ. með shlj. atkv.
VII.11. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Aðalbjargar Sigurðardóttur (Sólheimar) samþ. með 9:5 atkv.

Brtt. Alþ.fl. VII.13. felld með 8:5 atkv.
Brtt. Alþ.fl. VII.14. felld með 8:7 atkv.
Brtt. Alþ.fl. VII.15. felld með 8:5 atkv.

VIII.1.-2. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alþ.fl. VIII.3. felld með 10:5 atkv.
Brtt. Sjálfst.fl. VIII.3. (nýjar götur) samþ. með shlj. atkv.

IX.1.-X.9. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alþ.fl. við X.10. felld með 8:7 atkv.

X.10. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alþ.fl. X.11. felld með 8:6 atkv.
Brtt. Alþ.fl. X.12. felld með 8:7 atkv.

X.11.-16. samþ. með shlj. atkv.
XI.1.-3. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alþ.fl. XI.4. felld með 10:5 atkv.
Brtt. Aðalbj. Sig., Ól. Friðrikssonar og Herm. Jónassonar (mjólkurgjafir) samþ. með 8:7 atkvæðum.
Brtt. Sjálf.st.fl. við XI.4. samþ. með shlj. atkvæðum.

XI.5. - XII.4.samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Guðmundar Ásbjörnssonar við XII.5. samþ. með shlj. atkv.

XII.6.-XV.3. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Alþ.fl. við XVI. felld með 8:7 atkv.

XVI.1. samþ. með shlj. atkv.
XVI.2.-3. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Sjálfst.fl. við XVI.3. samþ. með shlj. atkvæðum.
Fulltrúar Alþ.fl. tóku aftur tillögu sína um dýrtíðaruppbót starfsmanna, en Jón Ólafsson tók hana upp. Var tillagan síðan samþ. með 7:6 atkv. - Aðrar tillögur um sama efni þar með fallnar.
Tillaga frá borgarstjóra um að gjaldaliður XVII. hækki úr kr. 72.000.oo í kr. 110.000.oo samþ. með shlj. atkv.

XVIII.-XIX. Samþ. með shlj. atkv.

Tekjuliður IX.1., með breytingum samkv. atkvæðagreiðslunni, samþ. með shlj. atkv.
Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs í heild, svo breytt samþ. með shlj. atkv.

Áætlun vatnsveitunnar.

Tekjur og gjöld samþ. með shlj. atkv.

Áætlun gasstöðvarinnar.

Tekjur 1.- gjöld 11.samþ. með shlj. atkv.
Brtt. borgarstjóra við 12. samþ. með 8:1 atkvæði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12., svo breyttur, samþ. með 9:1 atkv.
13. - 14. samþ. með shlj. atkv.
Áætlunin, svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

Áætlun rafmagnsveitunnar :

Tekjur og gjöld samþ. með shlj. atkv.

Tillaga borgarstjóra, 3 (lánsheimild) samþ. með shlj. atkv.

Áætlanirnar, svo breyttar, samþ. með shlj. atkv.

Till. Alþ.fl. II. (Grund, Vorblómið) felld með með 10:5 atkv.
Tillaga Alþ.fl. III. (togaraútgerð) felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: Hermann Jónasson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónassonstefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson.
nei: M. Júl. Magnús, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Hjalti Jónsson, Jakob Möller, Jón Ólafsson,Pétur Halldórsson.

Tillaga Framsóknarmanna I (togaraútgerð) felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: Hermann Jónasson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson.
nei: Hjalti Jónsson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson. M. Júl. Magnús, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson.

Tillaga borgarstjóra (leiga á togurum) samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 9 shlj. atkv.
Tillaga Framsólnarfl. II (samvinnuútgerðarfélag) felld með 8:7 atkv.

VI. Framhald 2. umræðu um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1933.
Tekjur 1 - gjöld 15 samþ. með shlj. atkv.
Brtt. meiri hluta hafnarstjórnar við 16. lið samþ. með atkv. (sjá fundargerð hafnarstjórnar 17. janúar 4. lið).
Brtt. minni hluta hafnarstjórnar við 18. lið gjalda megin samþ. með 11:3 arkv.

áætlun hadnarinnar, svo breytt, samþ. með shlj. atkvæðum.

VII. Kosning 3 manna nefndar til þess að semja skrá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir gjaldendur til ellistyrktarsjóðs.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Guðrún Jónasson,
Pétur Halldórsson,
Ágúst Jósefsson.

VIII. Tillaga frá Pétri Halldórssyni um að fela forseta og skrifurum að endurskoða bókun fundarins og undirskrifa hana samþ. með sanhlj. atkv..

Fundi slitið kl. 1 ½.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Sig. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 2. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, Hermann Jónasson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónsson, Pétur Sigurðsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ragnhildur Pétursdóttir og Sigurður Jónasson.- Fundurinn var haldinn í Kaupþingsalnum.

Þetta gerðist á fundinum :

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. janúar lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 20. janúar lögð fram.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 27. janúar lögð fram. Tillagan um 3000 króna þóknun í 4. lið samþ. með 10:1 atkvæði.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
7. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hluta bæjarráðs í 17. lið samþ. með shlj. atkv.
Tillögurnar í 18. lið samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 25. janúar lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 24. janúar lögð fram.
5. og 6. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 31. janúar lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta 2. lið samþ. með 9:2 atkvæðum.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VII. Kosning forseta bæjarstjórnar.
Kosningu hlaut
Guðmundur Ásbjörnsson, með 8 atkv.
Stefán Jóh. fékk 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

VIII. Kosning varaforseta bæjarstjórnar og annara
1. varaforseti var kosinn Pétur Halldórsson með 8 atkv.
Ágúst Jósefsson fékk 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 varaforseti var kosinn
Maggi Júl. Magnús, með 8 atkv.
en 7 seðlar voru auðir.

IX. Kosning 2 skrifara og 2 varaskrifara.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu :
Jakob Möller
Sigurður Jónasson.
Til vara :
Guðmundur Eiríksson,
Ágúst Jósefsson.

X. Kosning 5 bæjarfulltrúa í bæjarráð.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu :
Guðmundur Ásbjörnsson,
Pétur Halldórsson,
Jakob Möller,
Stefán Jóh. Stefánsson
Hermann Jónasson.
Til vara :
Maggi Júl. Magnús,
Guðrún Jónasson,
Hjalti Jónsson,
Ágúst Jósefsson,
Kjartan Ólafsson.

XI. Kosning 4 bæjarfulltrúa í brunamálanefnd.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu :
Guð,umdir Eiríksson,
Pétur Halldórsson,
Ágúst Jósefsson,
Hermann Jónasson.

XII. Kosning 2 bæjarfulltrúa í byggingarnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Eiríksson,
Kjartan Ólafsson.

Kosning 2 manna utan bæjarstjórnar í byggingarnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Kristinn Sigurðsson,
Felix Guðmundsson.

XIII. Kosning 3 bjarfuætrúa í hafnarstjórn.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Jón Ólafsson,
Hjalti Jónsson,
Sigurður Jónasson.
Kosning 2 manna utan bæjarstjórnar í hafnarstjórn.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Ólafur Johbsin,
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu :

"Með tilvísun til samþykktar bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 6. nóvember 1930, samþykkir bæjarstjórninað núverandi rafmagnsstjórn starfi áfram með sama hætti og verið hefir undanfarið, út þetta kjörtímabil núverandi bæjarfulltrúa."

Tillaga þessi var feild með 8:6 atkv.

XIV. Kosning 1 bæjarfulltrúa í heilbrigðisnefnd.
Kosningu hlaut
Maggi Júl. Magnús, með 8 atkv.
Guðrún Jónasson fékk 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

XV. Kosning 1 bæjarfulltrúa í stjórn Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings.
Kosningu hlaut
Jón Ólafsson, með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

XVI. Kosning 1 manns til að semja verðlagsskrá.
Kosningu hlaut
Einar Helgason, með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

XVII. Kosning 1 bæjarfulltrúa í sóttvarnarnefnd.
Kosningu hlaut
Guðrún Jónasson, með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

XVIII. Kosning 1 bæjarfulltrúa í stjórn Íþróttavallarins.
Kosningu hlaut
Guðmundur Ásbjörnsson, með 8 atkv.
Hermann Jónasson fé 4 atkv. en 3 seðlar voru auðir.

XIX. Kosning 1 endurskoðanda Íþróttavallarins.
Kosningu hlust
Guðmundur Eiríksson, með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

XX. Kosning 3 bæjarfulltrúa í stjórn eftirlaunasjóðs Reykjavíkur.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu :
Guðmundur Ásbjörnsson,
Jakob Möller,
Ágúst Jósefsson.

XXI. Kosning 1 endurskoðanda styrktarsjóðs verkamanna -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félaganna.
Kosningu hlaut
Guðmundur Eiríksson, með 12 atkv.
3 seðlar voru auðir.

XXII. Kosning 2 endurskoðenda reikninga bæjarsjóðs.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu :
Þórður Sveinsson
Ólafur Friðriksson
Vara- endurskoðendur.-
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu
Ari Thorlaxius,
Jón A. Pétursson.

Fundarferð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.lo.

Guðm. Ásbjörnsson. Hermann Jónasson. Sig. Jónasson.
Ragnhildur Pétursdóttir. Ólafur Friðriksson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Sig. Jónsson. Guðrún Jónasson.
Jakob Möller. Jón Ólafsson. Guðmundur Eiríksson.
Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 16. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Jón Ólafsson, Guðrún Jónasson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Ágúst Jósefsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Pétur Sigurðsson, Maggi Júl Magnús og Sigurður Jónasson.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingsalnum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar .

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Helgu Sveinsdóttur<br>við Tunguveg | 3102 | 5190.- |
| 2. | Hús Kristleifs Jónssonar,<br>Borgarholt við Engjaveg, | 3017 | 14110.- |
| 3. | Hús Einars B. Kristjánssonar,<br>Staðarfell við Langholtsveg | 2315 | 1230.- |
| 4. | Hús Haraldar Runólfssonar,<br>Fossagata 4 | 3089 | 16170.- |
| 5. | Hús Þorsteins Þorsteinssonar<br>Laufásvegur 57 | 2172 | 50668.- |
| 6. | Hús Aldísar Guðnadóttur,<br>Ásvallagötu 4 | 3103 | 29016.- |
| 7. | Hús Jóns Ingimundssonar o.fl.<br>Kaplaskjólsvegur 12 | 1979 | 30040.- |
| 8. | Hús db. G. Zoëga<br>Íshús við Garðastræti | 468 | 5095.- |
| 9. | Hús db. Jóns Laxdals,<br>Hafnarstræti 15 | 512 | 64374.- |
| 10. | Hús Sigurðar Björnssonar o.fl.<br>Bergstaðastræti 55 | 1572 | 41782.- |
| 11. | Hús Bjarna Jónssonar,<br>Þjórsárgata 2 | 3019 | 38098.- |
| 12. | Hús Jóns Ingimundarsonar o.fl.<br>:eitaravekkir á Bráðræðisholti | 789 | 12928.- |
| 13. | Hús Sturla Jónssonar,<br>Laufásvegur 51 | 2048 | 1040.- |
| 14. | Hús Mjólkurfélags Reykjavíkur<br>bifreiðaskúr við Hringbraut | 3018 | 24032.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. febrúar 19gð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 3. febrúar lögð fram.
13., æ5., 18. og 25. liður samþ. með shlj. atkvæðumþ-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. febrúar lögð fram.
Ágúst Jósefsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að láta stækka matjörtagarðasvæði bæjarins austan Sauðagerðis, og framkvæma stækkunina svo tímanlega, að garðarnir verði nothæfir á næsta vori."
10. liður var samþykktur.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögu Ágústs Jósefssonar til bæjarráðs, samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 8. febrúar lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 7. febrúar lögð fram.
6. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 14. febrúar lögð fram.
1. og 4. liður samþ. með shlj. atkv.

CIII. Kosning 3 bæjarfulltrúa í stjórn Alþýðubókasafns.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu :
Guðmundur Ásbjörnsson,
Jakob Möller,
Ólafur Friðriksson.

IX. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).

1. Kjartan Þorvarðsson, Skothúsvegi 7.
Samþ. að fella burtu útsvar hans 1932.
2. Vilhelm Knudsen, Hellusundi 6. Samþ. með öllum greiddum atkvæðum gegn 1 að verða ekki við beiðni hans um frekari eftirgjöf.
3. Sigurður Benediktsson, Lágholti. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 20.oo.
4. Agnar Johnson, Esjubergi. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. k40.oo.
5. Jón Sigurðsson, Hverfisgötu 75. Samb. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 200.oo.
6. Guðmundur Gissursson, Kárastíg 9 A. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
7. Guðlaugur Gísli Halldórsson, Bergstaðastræti 25. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
8. Þorbjörg M. Jónsdóttir, Ólafsbakka. Samþ. með 8:1 atkv. að fella burtu útsvarsskuld hennar, gegn greiðslu á kr. 150.oo.
9. Húsgagnaverzlunin við Dómkirkjuna h/f. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld verzlunarinnar gegn greiðslu á kr. 1000.oo, en útsvör eigendanna verði greidd að fullu.
10. Snorri Þorsteinsson, Stýrimannastíg 14. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 40.oo.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Guðríður Magnea Bergmann. Erindinu synjað.
12. Maríus Buch, Baldursgötu 16. Samþ. að fella burtu útsvör hans 1927 og 1928, kr. 175.oo.
13. Sigurður Einarsson, Bergstaðastræti 34 A. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1932.
14. Georg Collin. Erindinu synjað.
15. Kristín Jónsdóttir, Njálsgötu 50. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld manns hennar Jens Þorsteinssonar, Framnesvegi 1 C.
16. Elías Jóhannesson rakari. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 500.oo.
17. Jón Fr. Guðmundsson. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 10.oo.
18. Guðmundur Albertsson, Seljavegi 27. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.05.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Jón Ólafsson. Pétur Halldórsson. Guðmundur Eiríksson. M.Júl.Magnús. Sig. Jónasson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson. Ólafur Friðriksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Pétur Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 23. febrúar, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 8.1o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möllerm, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Baldvinsson, Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Ágúst Jósefsson. - Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist á fundinum :

I. Fundargerð bæjarráðs frá 23. febrúar lögð fram.

Kl. 9.2o fóru Pétur Halldórsson og Jón Ólafsson af fundi en í stað þeirra komu Sigurður Jónsson og Ragnhildur Pétursdóttir.

Jakob Möller bar fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá :

"Með því að bæjarstjórnin heldur fast við fyrri áform sín um að auka rafmagnsveitu bæjarins fyrir eigin reikning, auk þess sem hún lítur svo á, að tilboð það, sem fyrir liggur, um sölu á rafmagni til bæjarins, sé ekki aðgengilegt, ályktar hún að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Dagdkrártillaga Jakobs Möller felld með 8:7 atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar felld með 7:7 atkv.

Tillaga borgarstjóra felld með 7:7 atkv.

II. Tilboð h"f Sogsvirkjun um sölu á rafmagni til Reykjavíkurbæjar.
Forseti bar undir atkvæði eftir tilmælum bprgarstjóra, hvort gengið skyldi að tilboði h/f Sogsvirkjunarinnar eins og það liggur fyrir. Var fellt með shlj. atkv. að taka tilboðinu.

Fundargerð lesin, staðfest og unfirskrifuð.

Fundi slitið kl. 1o.34.

Guðm. Ásbjörnsson. M. Júl. Magnús. Ragnhildur Pétursdóttir. Jakob Möller. Sig. Jónsson. Guðrún Jónasson. Guðm. Eiríksson. Kjartan Ólafsson. Jón Baldvinsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933. fimmtudaginn 2. marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, M. Júl. Magnús, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ólafur Friðriksson, Jakob Möller, Guðmundur Eiríksson, Hjalti Jónsson, Guðrún Jónasson, Kjartan Ólafsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ágúst Jósefsson, Pétur Sigurðsson og Hermann Jńasson. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 23. febrúar lögð fram.
Sigurður Jónasson fór þess á leit, að tekin væru á dagskrá þessi mál:
1. Virkjun Sogsins.
2. Kosning ~~nefndar til~~ aukanefndar til eins árs, er heiti rafmagnsnefnd.
3. Rafmagnsverðið.
Var fellt með 5:7 atkv. að taka málin á dagskrá.
Fundargerð byggingarnefndar samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 17. febrúar lögð fram.
4., 7., 8. og 9. liður.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 6. lið :
"Bæjarstjórnin telur það sjálfsögðustu og réttustu leið til þess að bæta úr rafmagnsþörf bæjarins, að bærinn eða ríki og bær, virki og reki raforkustöð við Sogið.
Út af tilboði því, er fram hefir komið frá h/f Sogsvirkjuhun, um sölu á raforku til bæjarins, þá telur bæjarstjórnin rétt, þó hún þegar hafi lýst yfir því, að hún vilji ekki ganga að tilboðinu, eins og það lá fyrir, að samt verði haldið áfram samningatilraunum cið félagið, og að þess verði farið á leit við það, að það útvegi eða tryggi bænum fé til virkjunar Sogsins.
Einnig skorar bæjarstjórnin á yfirstandandi Alþingi að sambykkja heimild til ríkisstjórnarinnar um það, að hún fyrir ríkisins hönd veiti bænum ábyrgð á láni til virkjunar Sogsins."

Ennfremur bar sami bæjarfulltrúi fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina :
"Bæjarstjórnin beinir þeirri alvarlegu áskorun til atvinnurekenda í bpnum, að taka ekki utanbæjarmenn í vinnu, þegar nægilegt vinnuafl er til meðal bæjarbúa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur felur bæjarstjórnin borgarstjóra, að auglýsa í dagblöðunum, aðvörun til manna um það, að koma í atvinnuleit til bæjarins."

Sigurður Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögur í sambandi við 6. lið :

1. "Bæjarstjórnin ákveður að lækka verðið á raforku, sem rafmagnsveita Reykjavíkur selur notendum til suðu og hitunar um mæli, þannig :

   Frá 1. apríl til 1. október n.k. verði kílówattstundin seld á 8 aura allan sólarhringinn og frá 1. október n.k. til 1. apríl 1934 verði kílówattstundin seld á 10 aura allan sólarhringinn.

   Bæjarstjórnin leggur fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að framkvæma lækkunina svo sem segir í tillögunni þessari."

2. "Bæjarstjórnin ályktar að kjósa aukanefnd, er nefnist rafmagnsnefnd, og starfi til janúarloka 1934, og hafi sama hlutverk of rafmagnsstjórn hafði áður. Nefndin sé skipuð 3 bæjarfulltrúum og 3 bæjarfulltrúum til vara og kjósi bæjarstjórnin í nefndina á þessum fundi sínum.

   Borgarstjóri og rafmagnsstjóri eigi sæti á fundum nefndarinnar og hafi þeir tillögurétt."

Forseti úrskurðaði , að tillögur þær, sem fram voru bornar í sambandi við 6. lið fundargerðarinnar, skyldi ekki koma til atkvæða, þar sem liðurinn var ekki á dagskrá.

Stefán Jóh. Stefánsson og Sigurður Jónasson mótmæltu úrskurði forseta og kröfðust þess, að úrskurðurinn yrði borinn undir bæjarstjórnina.- Forseti neitaði því með tilliti til atkvæðagreiðslunnar í I. lið.

4. liður samþ. með samhlj. atkv.
7. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
9. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar í sambandi við fundargerðina samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 24. febrúar 2. og 9. liður lögð fram.
2. og 9. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar frá 21. febrúar lögð fram.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 27. febrúar lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Jónasson óskaði bókað, að hann áskildi sér rétt til þess að áfrýja þeim úrskurði forseta, að honum væri ekki skylt að bera undir bæjarstjórnina úrskurð þann, sem hann hvað upp, sbr. 4. gr. fundarskapa bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram þá breytingartillögu við 2. lið, að í stað orðsins "og", síðast í fyrri málsgrein komi : eða.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.
Fyrri málsgrein 2. liðs, svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.
Síðari málsgr. 2. liðs samþ. með 8:5 atkv.

Samkv. tilmælum borgarstjóra var samþ. með shlj. atkv. að taka á dagskrá kosningu nefndar þeirrar, er um ræðir í 7. lið fundargerðar bæjarráðs frá 17. febrúar.

Fór þá fram kosning í nefndina og voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu :

Jón Þorláksson borgarstjóri,
Georg Ólafsson bankastjóri,
Ólafur Friðriksson ritstjóri.

VII. Útsvarsmál (rædd fyrir luktum dyrum).

1. Þuríður Jónsdóttir, Miðstræti 5. Erindinu synjað.
2. Sólveig Guðmundsdóttir, Laugavegi 18 B. Samþykkt að fella burtu útsvarsskuld hennar.
3. Ásgeir Magnússon, Vesturgötu 52 B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 200.oo.
4. Valgeir Þ. Magnússon, Klapparstíg 38. Samþ. að fella burtu helming af útsvarsskuld hans frá 1927 - 1930, eða kr. 165.-
5. Geir Ólafsson, Hverfisgötu 76 B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 150.oo.
6. Friðjón Guðbjörnsson, Grettisgötu 63. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 100.oo.
7. Sæmundur B. Þórðarson, Framnesvegi 26. Erindinu synjað.
8. Sigurður Guðmundsson, Subbubóli. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
9. Ingunn Jónsdóttir, Bárugötu 14. Samþ. með 7:3 atkv. að neita beiðni hennar um endurgreiðslu.
10. Þorvaldur Sigurðsson, Óðinsgötu 32 B. Erindinu synjað.
11. Guðmundur R. Magnússon, Sólvallagötu 17. Erindinu synjað.

Framhald –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Stefán Kristjánsson, Njálsgötu 52 B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
13. Helgi Eiríksson, Brávallagötu 8. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
14. Svensk ísl. A/B. Samþ. með 6:2 atkv. að lækka útsvar félagsins 1932 niður í kr. 3000.oo.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.14.

Pétyr Halldórsson. Hjalti Jónsson. Sig. Jónasson. Jakob Möller. Guðrún Jónasson. M. Júl. Magnús. Hermann Jónasson. Guðmundur Eiríksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Kjartan Ólafsson. Pétur Sigurðsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 9. marz, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 8 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Pétur Sigurðsson, Hjaæti Jónsson, Sigurður Jónasson, Hermann Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóh. Stefánsson, Kjartan Ólafsson og Ragnhildur Pétursdóttir.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist á fundinum :

I. Fundargerð bæjarráðs frá 3. marz, 5., 6., 7., 8. og 10. liður.

Jakob Möller bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 2. málsgrein tillögunnar í 5þ lið :

"Málsgreinin orðist svo :
En út af tilboði því, sem fram hefir komið frá h/f Sogsvirkjun, telur bæjarstjórnin rétt ↳ að leita aðstoðar félagsins til fjárútvegunar til virkjunarinnar."

1. málsgr. tillögunnar í 5. lið, eins og hún var samþ. í bæjarráðinu, samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Jakobs Möller samþ. með 7:1 atkv.
3. málsgr. samþ. með shlj. atkv.
6. liður samþ. með 7:4 atkv.
7. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að greiða kr. 800.oo til Íþróttafélags Reykjavíkur af óvissum gjöldum þessa árs. Samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. marz, 1. og 2. liður.
Stefán Jóh. Stefánsson, bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við tillögu borgarstjóra í 2. lið :

"Tillagan orðist þannig :
Bæjarstjórnin ályktar að fela bæjarráðinu, eða rafmagnsnefnd, ef kosin verður, að gera nú þegar ráðstafanir til þess að fá hingað hæfan og óháðan sérfræðing, er tilnefndur væri af erlendri opinberri stofnun, til þess að gera fullnaðar uppástungur með kostnaðaráætlun um virkjun í Soginu, og séu þær uppástungur byggðar á nákvæmamm athugunum og samanburði á þeim möguleikum til virkjunar þar, sem fyrir hendi eru, og taki hæfilegt tillit bæði til nútíðar þarfa bæjarins og til hagfelldra aukninga í framtíðinni."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Péturs Halldórssonar í 1. lið samþ. með 7:6 atkv.
Breytingartillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar felld með 7:7 atkv.
Tillaga borgarstjóra í 2. lið samþ. með 8:2 atkv.

III. Um kosningu rafmagnsnefndar.
Tillaga Sigurðar Jónassonar II. lið fundargerðar bæjarstjórnar 2. marz, merkt 2., felld með 7:7 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.

Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónasson. Hermann Jónasson. Ágúst Jósefsson. Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson. Pétur Sigurðsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. Sig. Jónsson. Ragnhildur Pétursdóttir. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 16. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónsson, M. Júl. Magnús, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Pétur Sigurðsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar :

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 1. Hús L. H. Müller, Austurstræti 17 | 321 | 76990.- |
| 2. Hús Jakobs Möller, Hólatorg 2 | 1467 | 38885.- |
| 3. Hús Pípuverksmiðjunnar h/f við Rauðarárstíg | 822 | 2380.- |
| 4. Hús Pípuverksmiðjunnar h/f Rauðarárstígur 11, | 1089 | 27485.- |
| 5. Hús Pípuverksmiðjunnar h/f, Rauðarárstígur 14 | 1899 | 1136.- |
| 6. Hús Gunnlaugs Jónssonar, Freyjugötu 15, | 2880 | 35924.- |
| 7. Hús G. J. Bergmanns, Ljósvallagötu 24 | 2334 | 23965.- |
| 8. Hús Aðalsteins Guðmundssonar, við Tunguveg | 3122 | 20645.- |
| 9. Hús Guðmundar Gunnlaugssonar, við Réttarholtsveg | 3124 | 2355.- |
| 10. Hús Eyþórs Árnasonar, Bergstaðastræti 9 B. | 3113 | 53056.- |
| 11. Hús Sigríðar Halldórsdóttur, Lokastígur 22 | 1746. | 1063.- |
| 12. Hús Jóhanns Hafliðasonar, Laugarnesvegur 57 | 3111 | 10115.- |
| 13. Hús Sigurgeirs Einarssonar, Vesturgata 28 | 197 | 34140.- |
| 14. Hús verzl. Jóns Þórðarsonar, Þing. 1 og Bankastræti 8 | 20 | 75077.- |
| 15. Hús sama, Bankastræti10 | 19 | 27396.- |
| 16. Hús sama, Norðurstígur 5 | 699 | 22287.- |
| 17. Hús sama, Grundarstígur 5 | 246 | 5285.- |
| 18. Hús Skapta Gunnarssonar, Baugsvegur 9 | 3042 | 14036.- |
| 19. Hús Þorsteins Péturssonar, Freyjugata 30 | 2857 | 780.- |
| 20. Hús Róberts Þorbjörnssonar, Grettisgata 54 | 729 | 9550.- |
| 21. Hús Haraldar Árnasonar, Austurstræti 22 | 97 | 133242.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 22. | Hús Páls Árnasonar o.fl. | Brbnr.: | Kr.: |
| | Bárugata 21 | 2674 | 1100.- |
| 23. | Hús Lúðvigs Storr, | | |
| | Laugavegur 15 | 235 | 1710.- |
| 24. | Bifreiðaskúr Steindórs Einarssonar | | |
| | á Melunum | 3125 | 5460.- |
| 25. | Hús Steindórs Guðmundssonar, | | |
| | Ránargata 14 | 1690 | 700.- |
| 26. | Hús Þorvaldar Einarssonar, | | |
| | Harðangur við Laugarnesveg | 2356 | 1440.- |
| 27. | Hús Sigurmundar Guðnasonar, | | |
| | Reykjavíkurvegur 4 | 3126 | 5588.- |
| 28. | Hús Magnúsar Bl. Jónssonar | | |
| | við Geirsgötu. | 3127 | 1005.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. marz lögð fram.
1.-12. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Kjartani Ólafssyni um að fresta 13. lið samþ. með 8:3 atkv.
14. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs, 3., 4., 8., 11. og 13. liður, 10. marz.
Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 8. lið :
"Bæjarstjórnin samþykkir að leigja Halldóri Jónssyni, Litlabæ Grímsstaðaholti, ~~836~~ 3836 ferm., sem byggingarlóð, með venjulegum leigulóðar kjörum, úr erfðafestulandinu Garðaholtsblettur I., sem nefndur Halldór hefir nú á erfðafestu."
3. liður samþ. með shlj. atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Hermanns Jónassonar samþ. með 8:6 atkv.
11. liður samþ. með shlj. atkv.
13. liður samþ. með 9:2 atkv.
Tillaga frá borgarstjóra, um að kjósa þegar í stað þá tvo menn, sem um ræðir í 4. lið samþ. með shlj. atkv.
Fór þá fram kosning, og hlutu kosningu af tveim listum án atkvæðagreiðslu :
Maggi Magnús
Ágúst Jósefsson.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 14. marz lögð fram.
1.-3. liður samþ. með shlj. atkv.
Fyrri málsgr. 1. gr. frumvarpsins í 4. lið samþ. með shlj. atkv.
Síðari málsgrein sömu greinar felld með 10:2 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. gr. samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 14. marz lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Tilkynning um skipun 7 manna nefndar í sambandi við togaraútgerð bæjarins.
Borgarstjóri skýrði frá, að Sjómannafélag Reykjavíkur hefði skipað í nefndina
Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþm. og
Sigurð Ólafsson gjaldkera.

VII. Skipun sundkennara við barnaskóla bæjarins.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa málinu til bæjarráðs felld með 9:6 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.10.

Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónasson. Jakob Möller. M. Júl. Magnús. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Hermann Jónasson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Stefán Jóh. Stefánsson. Pétur Sigurðsson. Kjartan Ólafsson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 6. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Hermann Jónasson, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurðurm Jónasson.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. marz lögð fram.
Hjalti Jónsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 10. lið :
"Leyfið er veitt til 5 ára með því skilyrði, að eldvaraveggir séu við báða enda hússins."
1.-9. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Hjalta Jónssonar samþ. með shlj. atkv.
11. - 30. liður samþ. með samjlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt samþ. með shlj. atkv.

II. 13. liður fundargerðar byggingarnefndar frá 9. marz.
Liðurinn samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 17. marz, 5., 6., og 13. liður.
Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina :
"Bæjarstjórnin felur bæjarráðinu að athuga, hvort eigi þyki tiltækilegt, að bærinn taki að sér framkvæmd mjólkursölunnar í bænum og felur því að leggja tillögur sínar fyrir bæjarstjórnina um þetta atriði."
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við tillögu Hermanns Jónassonar :
"Tillagan orðist svo :
Bæjarstjórnin felur bæjarráðinu að halda áfram undirbúningi mjólkurmálsins og leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir bæjarstjórn."
5. liður samþ. með shlj. atkv.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
13. liður samþ. með 10:5 atkv.
Breytingartillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Hermanns Jónassonar kom því ekki til atkvæða.

"Í tilefni bókunar byggingarnefndar í 26. lið fundargerðar frá 28. f.m., álylktar bæjarstjórnin, að álitsgjörð vátryggingarfélagsins Albingia gefi ekki ástæðu til þess, að bæjarstjórnin breyti fyrri ákvörðun um að leyfa byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur timburhúsabyggingar á svo nefndu Jóhannstúni."
1.- 25. liður samþ. með shlj. athv.
26. lið og tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar frestað.
27. - 28. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 22. sept. lögð fram.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 29. sept. lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson tók upp erindi mæðrastyrksnefndarinnar í 2. lið, með þeirri breytingu, að á eftir orðunum : "heimild til þess", komi : samkvæmt sérstökum umboðum.
Erindi mæðrastyrksnefndarinnar synjað með 8:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu :
já : Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Hermann Jónasson, Kjartan Ólafsson, Hallbjörn Halldórsson.
nei : Pétur Halldórsson, M. Júl. Magnús, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Sigurðsson, Hjalti Jónsson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, .
6. liður samþ. með shlj. atkv.
7. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 25. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 23. sept. lögð fram.
10. og 11. liður samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð skólanefndar fráa 30. sept. lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu :
"Bæjarstjórnin beinir þeirri ósk til skólanefndar, að hún heimili Glímufélaginu Ármann afnot a af leikfimissölum barnaskólanna til leikfimiskennsku í vetur."
5. og 10. liður samþ. með shlj. atkv.
Samþ. með shlj. atkv. að vísa tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar til skólanefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Úthlutun ellistyrks.
Borgarstjóri lagði til, að bæjarráðinu yrði falið að úthluta styrknum. Var það samþ. með shlj. atkv.

X. Kosning eins manns í kreppulánanefnd.
Samþ. með shlj. atkv. að kjósa skyldi mann í nefndina.
Kosningu hlaut :
Þórður Sveinsson, prófessor
með 7 atkv., 7 seðlar voru auðir.

XI. Kosning forðagæzlumanns :
Sigurður Gíslason var kosinn (lögregluþj.)
með shlj. atkv.

XII. Kosning eftirlitsmanns með sauðfjárböðum.
Sigurður Gíslason, lögregluþjónn , var kosinn með shlj. atkv.

XIII. Umsóknir um lögregluþjónastöðurnar.

XIV. Atkvæðagreiðslan um bannlögin 1. vetrardag.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu :
"bæjarstjórnin ákveður að skipting í kjördeildir skuli vera hin sama við atkvæðagreiðslu 1. vetrardag og sú, sem var við alþingiskosningar í júlímánuði síðastliðnum, og undirkjörstjórnir hinar sömu og þá var. Jafnframt heimilar bæjarstjórnin borgarstjóra að skipa varamenn í undirkjörstjórnir, eftir því, sem nauðsyn krefur."
Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.45.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jakob Möller.
M. Júl. Magnús. Pétur Halldórsson. Pétur Sigurðsson.
Hermann Jónasson. Sig. Jónasson. Guðm. Eiríksson.
Hjalti Jónsson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Ágúst Jósefsson. Hallbjörn Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 19. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Hallbjörn Halldórsson, Sigurður Jónsson, Jakob Möller og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum :

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 6. okt.
3. og 5. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 13. okt.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
13. liður með þeirri viðbót, að upphæðin greiðist úr skipulagssjóði, samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. október lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 4. okt. lögð fram.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 11. október lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 14. október lögð fram.

VIII. Fundargerð skólanefndar frá 17. október lögð fram.

IX. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Ingvar Ágúst Bjarnason, skipstjóri. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1931 - 1932 gegn greiðslu á kr. 1500.oo
2. O. Ellingsen, kaupm. Samþ. að fella burtu kr. 2500.oo af útsvari hans 1929, auk dráttarvaxta.
3. Hannes S. Bl-ndal, db. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 400.oo.
4. H/f. Defensor. Samþ. að fella burtu útsvar félagsins 1932, gegn greiðslu á kr. 1200.oo.
5. H/f. Sindri. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir félagsins 1930 - 1932, gegn greiðslu á kr. 4000.oo.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Guðmundur Thoroddsen, prófessor. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1929-1932 og eldri gegn greiðslu á kr. 5000.oo.
7. Guðsteinn Eyjólfsson klæðskeri. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1930-1932 gegn greiðslu á kr. 1000.-
8. A.P. Bentsen, umboðssali. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1930-1932, gegn greiðslu á kr. 440.oo.
9. Fr. Steinholt & Co. og Friðþór Steinholt. Samþ. að fella burtu úsvör firmans 1931-1932, geg, gegn greiðslu á kr. 300.oo, og ennfremur að fella burtu útsvör Friðþórs Steinholts 1930-1932, gegn greiðslu á kr. 300.oo.
10. Kristín Einarsdóttir, Skálholtsstíg 2. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld ~~hennar~~ Unnar Einarsdóttur dóttur hennar.
11. Guðrún F. Hallgríms, Baldirsgötu 9. Samþyllt að fella burtu útsvör hennar 1931-1932, gegn greiðslu á kr. 200.oo.
12. Jón Ormsson, rafvirki. Samþ. að fella burtu dráttarvexti af útsvari hans 1931, kr. 225.oo.
13. Guðmundur Jóhannesson, Vonarstræti 4. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld habs, gegn greiðslu á kr. 800.oo, nú þegar.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.5o.

Guðmundur Ásbjörnsson. Jakob Möller. Jón Ólafsson. Guðmundur Eiríksson. Pétur Halldórsson. Sig. Jónsson. Ólafur Friðriksson. M. Jól. Magnús. Hjalti Jónsson. Kjartan Ólafsson. Kjartan Ólafsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Hermann Jónasson. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hallbjörn Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, laugardaginn 25. október, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jón Olafsson, Pétur Sigurðsson, Guðmundur Einríksson, M. Júl. Magnús, Hjalti Jónsson, Kjartam Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónsson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Sigurður Jónasson.

Þetta gerðist á fundinum :

I. Tillögur um tilhögun varalögreglu. Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu :
"Varalögregla Reykjavíkur sé skipuð allt að 100 mönnum. Þeim sé greidd þóknun, 50 kr. á mánuði hverjum, fyrir æfingar og fyrir að vera til taks hvenær sem þeir eru kallaðir til starfa. Þar að auki sé þeim greidd þóknun fyrir þann tíma, sem þeir gegna lögreglustörfum samkvæmt kalli, 5 kr. fyrir fyrstu klukkustund í hvert sinn og 2 kr. fyrir klukkust. þar fram yfir á virkum degi, en kr. 2.50 á helgidögum og að næturlagi."
Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að varalögreglumálinu verði vísað til bæjarráðs til athugunar og annarar umræðu."
Tillaga Hermanns Jónassonar samþ. með shlj. atkv.

II. Veiting á lögreglumannastöðum.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu :
"Bæjarstjórnin ákveður að setja í 21 lögregluþjónastöður fyrir 1. næsta mánaðar að telja."
Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu :
"Bæjarstjórnin ályktar að ráða 25 lögregluþjónaefni er taki þátt í lögregluskóla til áramóta. Frá áramótum séu svo settir 21 þessara manna."
Stefán Jóh. Stefánsson lagði til, að málinu yrði frestað. Var það fellt með 8:7 atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með 8:6 atkv.
Þá fór fram kosning, og hlutu þessir kosningu :

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Friðrik Garðar Jónsson, Hafn.18, | 15 atkv. |
| 2. | Guðmundur Illugason, Fálkagötu 20, | 15 atkv. |
| 3. | Jón Jónsson frá Laug, Laug 40 | 15 - |
| 4. | Þorkell Steinsson, Meistaravöllum | 15 - |
| 5. | Geir Sigurðsson, Bergþ. 11 | 14 - |
| 6. | Aðalsteinn Jónsson, Hverf 90 | 13 - |
| 7. | Sigurður Grímsson, Thorarensen Kirkjustr. 6 | 11 - |
| 8. | Ágúst H. Kristjánsson, Tjarn 40 | 10.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Bárður Óli Pálsson, Lauf. 59. 10 atkv.
10. Bjarni Eggertsson, Grett. 74 10 -
11. Haraldur Þ. Jóhannesson, Jófríðaest ðum 10 -
12. Ármann Sveinsson, Siglufirði 8 -
13. Egill Þorsteinsson, Reykjavílirv. 31 8 -
14. Eiríkur Eiríksson, Laugav. 81 8 -
15. Kristbjörn Bjarnason, Skaftafelli 8 -
16. Kristþján Þorsteinsson, Ásvallag. 23 8. -
17. Leo Sveinsson, Libdarg. 25 8 -
18. Ólafur Magnússon, Seljavegi 13 8 -
19. Ólafur Sigurðsson, Lind. 7 A. 8 -
20. Sigurgeir Albertsson, Seljavegi 27 8 -
21. Stefán Soph. Jóhannesson, Hamri við Suðurlandsveg 8 -

Aðrir fengu færri atkvæði.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.

Guðm. Ásbjörnsson. M. Júl. Magnús. Sigurður Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hermann Jónasson. Hjalti Jónsson. Pétur Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Eiríksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jón Ólafsson. Jakob Möller. Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 2. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Hjalti Jónsson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jakob Möller, Hermann Jónasson, Sigurður Jónasson.

Þetta gerðist á fundinum :

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 20. október lögð fram. (Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu)

III. Fundargerð bæjarráðs frá 27. október lögð fram. Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár í sambandi við 2. lið :
"Með því að fátækrastjórnin hefir þegar tekið tillögu barnaverndarnefndarinnar til greina að því leyti, sem nauðsynlegt þykir eins og nú stendur, þykir bæjarstjórninni ekki nauðsynlegt að gera ályktun um þennan lið, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."
Fellt með 8:5 atkv. að verða við erindi því, sem um ræðir í 1. lið, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Pétur Halldórsson, M. Júl. Magnús, Sigurður Jónsson, Hjalti Jónsson, Jakob Möller.
nei: Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Guðmundur Eiríksson, Hermann Jónasson, Ragnhildur Pétursdóttir, Kjartan Ólafsson.
Guðmundur Ásbjörnsson og Ólafur Friðriksson greiddu ekki atkvæði.
Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 8:7 atkv.

IV. Erindi Mæðrastyrksnefndarinnar frá 19. júníásamt athugasemdum fátækrastjórnarinnar.
Aðalbjörg Sigurðardóttir bar fram svo hljóðandi tillögur :
1. Bæjarstjórnin samþykkir að greiða Svövu Jónsdóttur, Rauðarárstíg 1, hér í bæ, kr. 102.5o, sem vangreiðslu á meðlagi með barni hennar og Haralds Jóhannessonar, Seyðisfirði, fyrir árin 1931-1933 og telja það fátækrastyrk til fyrrgreinds barnsföður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Bæjarstjórnin samþykkir, að barnsmæðrum í Reykjavík verði framvegis greitt gildandi meðalmeðlag hér í bænum með börnum þeirra, ef þær þurfa að leita meðlags af bænum.
3. Bæjarstjórnin leggur fyrir skrifstofu borgarstjóra að taka afrit af meðlagsúrskurðum, áður en þeir eru sendir burtu, svo allt af sé hægt að vita um upphæð úrskurðarins á skrifstofunni.
4. Bæjarstjórnin ályktar að ekki skuli dregið af meðlögum með börnum til mæðra þeirra, þó börnin dvelji um tíma utanbæjar.
5. Bæjarstjórnin vísar því til bæjarráðs til athugunar, hvort ekki sé undir vissum kringumstæðum hægt að greiða barnsfararkostnað og kostnað við barnsburð án undangenginnar birtingar úrskurðarins, ef fyrir liggur faðernisjátning eða dómur.

Borgarstjóri lagði til, að tillögum þessum væri vísað til bæjarráðs til athugunar. Var það samþykkt með 8:6 atkv.

V. Útsvarsmál.
Málinu frestað.

Lestri og staðsetningu fundargerðar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 7.30.

Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson. Sig. Jónsson. Guðm. Eiríksson. Ragnhildur Pétursdóttir. Kjartan Olafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hermann Jónasson. Sig. Jónasson. Ágúst Jósefsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jakob Möller. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 16. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Jakob Möller, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Hjalti Jónsson, Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Ólafur Friðriksson.

Áður en gengið væri til dagskrár, var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta :

I. Brunabótavirðingar samþykktar :

| | Brbnr.: | Kr. : |
|---|---|---|
| 1. Hús Árna Eylands, Hringbraut 112 | 3197 | 34298.- |
| 2. Hús Sjóklæðagerðar Íslands h/f Reykjavíkurvegur 18 | 2943 | 11945.- |
| 3. Hús Kolbeins Sigurðssonar, Sóleyjargata 21 | 3173 | 46858.- |
| 4. Hús Gunnars Ármasonar, Grundarstígur 8 | 1553 | 42130.- |
| 5. Hús Hjalta Lýðssonar, Grettisgata 64 | 2710 | 96364.- |
| 6. Hús Úlfars Bergssonar, Laugarnesvegur 85 | 7193 | 11240.- |
| 7. Hús Guðjóns Tómassonar , Bergþórsgata 9 | 1747 | 30948.- |
| 8. Hús Jóhönnu og Ásu Þorsteinsdætra Laufásvegur 54 | ~~466~~ | 48630.- |
| 9. Hús Björns og Þorkels Þórðarsona, Norðurmýrarblettur 33 | 3161 | 20320.- |
| 10. Hús O. Vestlund, Klapparstígur 19 | 287 | 7556.- |
| 11. Hús Péturs Kristinssonar, Fossvogsblettur 39 | 3185 | 2400.- |
| 12. Hús Jens Bjarnasonar, Hólar við Kleppsveg | 3170 | 14640.- |
| 13. Hús Aðalsteins Björnssonar, Leifsgata 24 | 3172 | 32994.- |
| 14. Hús Sigurðar Ísleifssonar og Helga Sigurðssonar, Barónsstígur 61 | 3153 | 33272.- |
| 15. Hús Árna Björnssonar, Hörpugata 1 | 3175 | 21818.- |
| 16. Hús Andrésar Þormar, Hringbraut 114 | 3178 | 43008.- |
| 17. Hús Einars Eyjólfssonar, Týsgata 1 | 2581 | 105980.- |
| 18. Hús Valgerðar Guðmundsdóttur, Öldugata 57 | 2461 | 46294.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr. : |
|---|---|---|---|
| 19. | Hús Sveins Hjartarsonar, Laugaland við Þvottalaugaveg | 480 | 3024.- |
| 20. | Hús Jóns Sveinssonar, Öldugata 59 | 2377 | 63630.- |
| 21. | Hús Guðna Einarssonar og Einars Kalkofnsvegar | 3198 | 2734.- |
| 22. | Hús Daníels Þorkelssonar Leifsgata 30 | 3199 | 34834.- |
| 23. | Hús Jóhönnu Bjarnadóttur, Þórsgata 14 | 1733 | 36341.- |
| 24. | Hús F. Håkanson, Laufásvegur 19 | 2852 | 100542.- |
| 25. | Hús Magnúsar Jónssonar, Brávallagata 22 | 3179 | 41050.- |
| 26. | Hús Marie Brynjólfsson, Garðastræti 16 | 3200 | 48458.- |
| 27. | Hús Kristínar Hjálmarsdóttur, Leifsgata 25 | 3201 | 31439.- |
| 28. | Hús Gísla Jónassonar, Leifsgata 27 | 3202 | 34499.- |
| 29. | Hús Guðbjargar Jónsdóttur, Öldugötu 2, | 3103 | 56500.- |
| 30. | Hús Siguringa Hjörleifssonar, Sóleyjargata 15 | 2675 | 20106.- |
| 31. | Hús Helga Jónssonar við Sogaveg | 3174 | 8140.- |
| 32. | Hús Ólafs Johnson Esjuberg við Þingholtsstræti | 1374 | 69270.- |
| 33. | Hús sama, Hafnarstræti 1 A | 120 | 20154.- |
| 34. | Hús sama, Hafnarstræti 1 | 1343 | 121016.- |
| 35. | Hús erfingja Th. O. Johnsons Lækjargata 4 | 33 | 40496.- |
| 36. | Hús Borghildar Björnsson, Fjólugata 7 | 1562 | 33610.- |
| 37. | Hús Ísafoldarprentsmiðju, Austurstræti 8 | 104 | 69563.- |
| 38. | Hús Jónasar Halldórssonar, Netalitunarstöð, Þjórsárgötu | 3005 | 7713.- |
| 39. | Hús Steingríms Arasonar við Baugsveg | 3068 | 24650.- |
| 40. | Hús Helgu Sveinsdóttur við Tunguveg | 3102 | 1600.- |
| 41. | Hús Friðgeirs Björnssonar, Ásvallagata 10 | 2375 | 550.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. nóv. lögð fram.

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 12. lið :

"Bæjarstjórnin vill fyrir sitt leyti leyfa Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur að byggja þau 6 tvíbýlishús úr timbri, skipt með eldvarnarvegg eftir miðju, sem um ræðir í 12. lið fundargerðar byggingarnefndar frá 9. þ.m."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. - 11. liður samþ. með shlj. atkv.
12. liður 1-3 samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar samþ. með 7:5 atkv..
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 3. nóv. lögð fram.
Hjalti Jónsson bar fram svo hljóðandi tillögu, í sambandi við 4. lið :
"Legg til, að forkaupsrétti að Norðurmýrarbl. V og VII sé hafnað
Til vara : að núverandi ábúanda og kaupanda sé seld eignin á erfðafestu , með venjulegum kjörum."
Aðaltillaga Hjalta Jónssonar felld með 8:1 atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Stefáni Jóh. Stefánssyni, um að vísa varatillögu Hjalta Jónssonar til bæjarráðs samþ. shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. nóv. lögð fram.
12. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 14. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 7. nóv. lögð fram og samþ. með samhlj. atjv.

VII. Úrskurður á reikningi bæjarráðs 1932.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi til' lögur :
"Bæjarstjórnin leggur fyrir borgarstjóra og bæjargjaldkera :
1. að sem hér eftir árlega nákvæman rekstrarreikning fyrir Reykjavíkurbæ, þar sem sýnd sé skilmerkilega rekstursafkoma bæjarins á reikningsárinu, allar tekjur hans og gjöld, þar með taldar eignabreytingar, svo að nákvæmlega komi í ljós rekstushalli eða rekstrarágóði ársins.
2. að semja árlega nákvæman , skýran og sundurliðaðan efnahagsreikning, þar sem allar eignir og skuldir bæjarins séu tilgreindar. Fasteignir séu tilgreindar í tveim höfuðflokkum : arðbærar og óarðbærar fasteignir. Verðlag sé sett á allar eignir bæjarins svo nákvæmt, sem unnt er, og fylgt föstum og vanalegum reikningsreglum um árlegar afskriftir á þei, eignum, er afskrifa þarf."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur bæjarsjóðs 1932 samþ. með shlj. atkv.
- vatnsveitu - - - - -
- gasstöðvar - - - - -
- rafurmagnsstj. - - 12:1 -
- skipulagssjóðs- - með - -
- eftirlaunasjóðs - - - -
- sjúkrahússjóðs - - - - -
- barnahælissjóðs Thorvaldsensfélagsins
1932 samþ. með shlj. atkv.
- barnahælissj. Reykjavíkur
1932 samþ. með shlj. atkv.
- gamalmennahælissjóðs Reykjavíkur
1932 samþ. með shlj. atkv.
- Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur
1932 samþ. með shlj. atkv.
- sjóðsins Hallveig
1932 - - - -
- gjafasjóðs Sighvars Bjarnasonar frá 1890
1932 samþ. með shlj. arkv.
- gjafasjóðs Sighvats Bjarnasonar frá 1929
árið 1932 samþ. með shlj. atkv.
- sjóðs alþýðulestrarfélags Reykjavíkur
árið 1932 samþ. með shlj. atkv.
- verðlaunasjóðs Th. A. Thomsen
árið 1932 samþ. með shlj. atkv.
- minningarsjóðs Ingibjargar Hansen
3 árið 1932 samþ. með shlj. atkv.

Tillaga borgarstjóra um að vísa tillögum Stefáns Jóh. Stefánssonar til bæjarráðs til athugunar samþ. með shlj. atkv.

VIII. Úrskurður á reikningi hafnarsjóðs 1932.
Reikningur Hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1932 samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Hafnarsjóðs Reykjavíkur árið 1932 samþ. með shlj. atkv.

Fundarhlé kl. 8 - 9.35.

Kl. 9.35 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn.

IX. Kosning 4 manna í niðurjöfnunarnefnd.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum, án atkvæðagreiðslu :
Sigurbjörn Þorkelsson, kaupmaður,
Gunnar Viðar, hagfræðingur,
Sigurður Jónasson, bæjarfulltrúi,
Ingimar Jónsson, skólastjóri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu :
Maggi Júl. Magnús, læknir,
Magnús Jochumsson, póstfulltrúi,
Jón Guðjónsson bókari
Erlendur Guðmundsson, gjaldkeri.

X. Tillaga um varalögreglu, 2. umræða.
Forseti las bréf frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, dags. 16. nóv. 1933.
Tillaga borgarstjóra í I. lið fundargerðar bæjarstjórnar frá 28. okt. samþ. með ~~skilj. atkv.~~ 8:6 atkv.

XI. Tilkunning og tillögur út af setningu lögregluþjóna á fundi bæjarstjórnar 28. okt.
Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögur :
"Bæjarstjórnin ályktar að leita úrskurðar dómstólanna út af ágreiningi þeim, sem risið hefir á milli hennar og lögreglustjórans hér í bæ, í sambandi við setningu þeirra 7 lögregluþjóna, sem um ræðir í bréfi lögreglustjórans til borgarstjóra, dags. 3. nóvember þ.á. Felur bæjarstjórnin borgarstjóranum að höfða mál f.h. bæjarstjórnarinnar á hendur lögreglustjóranum í Reykjavík til.þess að fá úr því skorið, hvort bæjarstjórnin við veitingu eða setningu í lögregluþjónastöður, er bundin við þá umsækjendur, sem lögreglustjórinn hefir stungið upp á.
Veitist borgarstjóranum fullt umboð bæjarstjórnarinnar til þess að framkvæma allt það, sem hann telur þurfa vegna málshöfðunar þeirrar og til að koma þar að öllu leyti fram fyrir hennar hönd."

2. "Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að greiða hinum 7 settu lögregluþjónum, sem lögreglustjóri hefir neitað að veita viðtöku, kaup þeirra fyrst um sinn, meðan ágreiningurinn milli bæjarstjórnar og lögreglustjóra út af þessu er óútkljáður, enda gegni þeir störfum í varalögreglu og öðrum skyldum störfum, eftir því, sem við verður komið."

Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við fyrri tillögu Jakobs Möller :
"Jafnframt ákveður bæjarstjórnin að leita úrskurðar dómstólanna á sama hátt um það, hvort lögreglustjóri hefir haft heimild til að veita nefndum mönnum lausn."

Kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir þann tíma. Var það fellt með 9:5 atkv.
Lestri og staðfestingu fundargerðar frestað til næsta fundar
Fundi slitið kl. 12.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson.

Hón Ólafsson. Sigurður Jónsson. Guðmundur Eiríksson.

Ragnhildur Pétursdóttir. Kjartan Ólafsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Ágúst Jósefsson.

Hermann Jónasson. Ólafur Friðriksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Sigurður Jónasson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, miðvikydaginn 22. nóvember, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur Eiríksson, Ragnhildur Pétursdóttir, Pétur Sigurðsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Hemann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jón Ólafsson og Sigurður Jónasson.

Áður en gengið væri til dagskrár, voru fundargerðir tveggja síðustu funda lesnar, staðfestar og undirskrifaðar.

Þá var gengið til dagskrár, og gerðist þetta :

I. Tilkynning og tillögur út af setningu lögregluþjóna á fundi bæjarstjórnar 26. okt.

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu :

"Bæjarstjórnin ályktar að leita nú þegar úrskurðar ráðuneytisins út af deilu þeirri, er risið hefir á milli lögreglustjóra og bæjarstjórnarinnar í sambandi við setningu 7 lögregluþjóna."

Tillaga frá Pétri Halldórssyni um að slíta umræðum samþ. með 8:7 atkv.

Fyrri tillaga Jakobs Möller samþ. með 10 shlj. atkv.

Tillaga frá borgarstjóra um að fresta atkvæðagreiðslu um tillögu Hermanns Jónassonar samþ. með 8:7 atkv.

Sigurður Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu :

"Bæjarstjórnin telur sjálfsagt, að hafðar verði 2 umræður um fjárveitingu þá, sem felzt í tillögu bæjarfulltrúa Jakobs Möller um greiðslu á kaupi þeirra 7 "settu" lögregluþjóna, sem getur um í tillögunni."

Tillaga þessi var felld með 8:7 atkv.

Síðari tillaga Jakobs Möller samþ. með 8:7 atkv.

Tillaga frá Jakobi Möller um að fresta atkvæðagreiðslu um tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar samþ. með 8:7 atkv.

Sigurður Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu :

"Bæjarstjórnin ákveður að gefnu tilefni, að bæjarsjóður skuli eigi greiða hærri upphæð til varalögreglu frá 16. nóvember þ.á. að telja en 3750 kr. á mánuði, eða 45 þús. krónur á ári."

Forseti bar undir atkvæði, hvort þessi tillaga skyldi ~~borin undir atkvæði~~ tekin á dagskrá. Var það fellt með 8:7 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Tillögur bæjarfulltrúa Aðalbjargar Sigurðardóttur út af mæðrastyrksmálum.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi breytingartillögur :

Við tillögu 1 :
Fyrir "kr. 102.5o" sem vangreiðslu á meðlagi" komi : vangreitt meðlag.

Við tillögu 2 :
Aftan við tillöguna bætist : enda tiltaki meðlagsúrskurðurinn ekki lægri upphæð.

Við tillögu 3 :
Í stað orðsins "svo" komi : ef þess þarf til þess að.

Við tillögu 4 :
Fyrir "tíma" komi : sumartíma."

Tillögur Aðalbjargar Sigurðardóttur nr. 1-4, með breytingartillögum borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

5. tillaga Aðalbjargar Sigurðardóttur samþ. með shlj. atkv.

III. Erindi Sjómannafélags Reykjavíkur, dags. 28. okt. og erindi verkamannafélagsins Dagsbrún, dags. s.d., sbr. 11. lið fundargerðar bæjarráðs 3. nóv.

Bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svo hljóðandi tillögur :

I. "Vegna hins mikla atvinnuleysis verkamanna hér í bænum, og örðugra afkomumöguleika atvinnuleysingja, ályktar bæjarstjórnin :

1. að greiða þeim, sem í atvinnubótavinnu bæjarins starfa, fullt dagkaup, kr. 13. 6o á dag, miðað við venjulegan vinnutíma, enda er og gengið út frá því, að ekki verði færri menn í atvinnubótavinnunni en 250, og að ekki verði fækkað mönnum í almennri bæjarvinnu. Einhleypir menn séu ekki útilokaðir frá atvinnubótavinnu.
2. að atvinnuúthlutunarnefnd skrái alla þá menn á atvinnuleysisskrár, er til hennar leita.
3. að bærinn setji nú þegar upp almenningsmötuneyti, þar sem öreiga atvinnuleysingjar fái ókeypis fæði, og sé atvinnuúthlutunarnefnd og fátækrafulltrúum faldar framkvæmdir í málinu, í samráði við bæjarráð.
4. að atvinnu- og eignalausir verkamenn greiði ekkert gjald fyrir gas og rafmagn, að þeim sé úthlutað ókeypis koksi og að bærinn greiði fyrir þá húsaleigu. Atvinnuúthlutunarnefnd og fátækrafulltrúum sé falið að ákveða þá menn, er þeirra er þeirra hlunninda njóta."

II. "Vegna þess að skipastóll sá, er gengur til veiða héðan úr bænum, er allsendis ófullnægjandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að halda uppi sæmilegri atvinnu meðal verkalýðsins, þá ályktar bæjarstjórnin :

1. að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp það til laga um ríkisábyrgð fyrir bæjarútgerð í Reykjavík, sem flutt er á yfirstandandi alþingi.
2. að fela bæjarráði og borgarstjóra að afla upplýsinga og leita tilboða um kaup eða byggingu á skipum frá útlöndum , er bærinn síðan geri út á fiskiveiðar."

Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu :
"Bæjarstjórnin samþykkir að kjósa tvo menn úr bæjarstjórn til þess að athuga reikninga og rekstur mötuneytis safnaðanna síðastliðið ár, með því að bæjarsjóður leggur mötuneyti þessu nokkurt fé og nauðsynlegt er að kynnast rekstri fyrirtækisins til þess að komast að niðurstöðu um það, hvernig þessum rekstri verður bezt fyrir komið framvegis."

Tillaga frá Jakob Möller um að tillögur bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins skyldu fjölritaðar og sendar bæjarfulltrúunum og málinu þar með frestað, samþ. með 8:5 atkv.

Tillaga frá Pétri Halldórssyni um að vísa tillögu Hermanns Jónassonar til bæjarráðs, samþ. með shlj. atkv.

IV. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).

1. Loftur Sigurðsson, Ingólfsstræti 19. Samþ. að lækka útsvar hans 1933 í kr. 320.oo.
2. E. Rokstað. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1929-1932, gegn greiðslu á kr. 170.oo.
3. Jón Stefánsson, listmálari. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1931 og 1932.
4. Guðmundur H. Þorláksson húsameistari. Erindinu synjað.
5. C. Lauridsen, Laugavegi 49 A. Erindinu synjað.
6. Sv. Júl. Henningsen. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.12.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jakob Möller.
Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Pétur Sigurðsson.
Sig. Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hermann Jónasson.
Guðm. Eiríksson. Kjartan Ólafsson. Ágúst Jósefsson.
Ragnhildur Pétursdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 7. des. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Eiríkksson, Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Guðrún Jónasson. Sigurður Jónasson kom nokkru síðar.

Þetta gerðis á fundinum :

I. Brunabótavirðingar samþykktar me 10:1 atkv.

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Ársæls Jónssonar o.fl. Barónsstígur 53, | 3194 | 41046.- |
| 2. | Hús Tryggva Péturssonar & Co. við Skúlagötu | 3208 | 14356.- |
| 3. | Hús Kristjáns Jóhannssonar, Laugarholt vi Langholtsveg | 2464 | 5858.- |
| 4. | Hús Ólafs Pálssonar, Sjáland við Kleppsveg, | 3212 | 11178.- |
| 5. | Hús Arents Claessen, Fjólugata 9 | 2060 | 72500.- |
| 6. | Hús Árna Erasmussonar, Laugavegur 126 | 3148 | 69708.- |
| 7. | Hús Bergsteins Jóhannessonar o.fl. Ránargata 19 | 2779 | 1206.- |
| 8. | Hús Bjarna Guðmundssonar, Framnesvegur 9 A. | 2528 | 29440.- |
| 9. | Hús Viggós Jóhannessinar Haukaland í Vatnsmýri, | 1430 | 18151.- |
| 10. | Hús Helgu Sigurgeirsdóttur Þvergata 7 | 3208 | 34560.- |
| 11. | Hús Valtýs Albertssonar o.fl. Túngata 3 | 3183 | 106040.- |
| 12. | Hús Jóns Bjarnasonar, Laugarnesvegur 81 | 3180 | 24050.- |
| 13. | Hús Páls Th. Jónssonar, Laugarnesvegur 67 | 3182 | 14545.- |
| 14. | Hús Högna Halldórssonar, við Langholtsveg | 3211 | 28957.- |
| 15. | Hús Kjartans Ólafssonar, Baldursgata 22 | 2093 | 28178.- |
| 16. | Hús Sigurðar Briem o.fl. við Reykjavíkurveg | 3217 | 1888.- |
| 17. | Hús Guðm. Þórðarsonar, Baldursgata 39 | 1711 | 5780.- |
| 18. | Hús Daníels Á. Daníelssonar, við Bústaðaveg | 3139 | 14968.- |
| 19. | Hús A. Bridde o.fl., Bárugata 8 | 2561 | 1100.- |
| 20. | Hús Egils Marberg Laugarnesvegur 53 | 3187 | 12630.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr. : |
|---|---|---|---|
| 21. | Hús Guðmundar Ó. Sigurbergssonar Laugarnesvegur 55 | 3144 | 12296.- |
| 22. | Hús Steindórs Þorsteinssonar, Barónsstígur 49 | 3188 | 49745.- |
| 23. | Hús Sveins Gunnarssonar, Bergstaðastræti 86 | 3191 | 37513.- |
| 24. | Hús Guðmundar Þorkelssonar, Leifsgata 7 | 3215 | 47360.- |
| 25. | Hús Knud Zimsen, Bjarkargara 6 | 3218 | 60828.- |
| 26. | Hús Önnu Gunnarsdóttur, Laugavegur 60 | | 8876.- |
| 27. | Hús Hans Steinssonar, Laugavegur 30 B | 1125 | 17294.- |
| 28. | Hús Kristínar Eiríksdóttur o.fl. Rauðarárstígur 9 | 2240.- | 10690.- |
| 29. | Hús Sigurðar Guðmundssonar, Mjölnisvegur 50 | 3214 | 32010.- |
| 30. | Hús h/f Sjóklæðagerð Íslands við Skúlagötu | 1475 | 6408.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 17. nóv. lögð fram. Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi viðbótartillögu við 5. lið :
"Hinsvegar samþykkir bæjarstjórn, að búendur við Elliðaárstöðina megi sjálfir leggja vatnsæð úr vatnsæðinni að Árbæ, enda séu rörin í Árbæjarleiðslunni miðuð við það.- Vatnsleiðsla þessi sé lögð eftir samkomulagi við bæjarráð."
Tillaga frá borgarstkóra um að vísa tillögu Hermanns Jónassonar til bæjarráðs til afgreiðslu samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 21. nóv. lögð fram.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 24. nóv. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
Frestunartillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar í 3. lið felld með 6:6 atkv.
Eftir tilmæ,um Stefáns Jóh. Stefánssonar bar forseti undir atkvæði, hvort hafðar skyldu tvær umræður um mál það, sem um ræðir í 3. lið. Var það samþ. með 7:6 atkv.
Tillaga borgarstjóra í 3. lið samþ. til 2. umr. með 8:1 atkv.

VI. Tillaga um lögreglunámskeið.
Tillaga Jakobs Möller frá bæjarráðsfundi 10. nóv. samþ. með 8:7 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Tillögur bæjarfulltrúa Stefáns Jóh. Stefánssonar frá bæjarstjórnarfundi 22. nóv., 3. lið.

Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu :

1. "Við I.1.
   á eftir á dag, komi : eftir því sem við verður komið.
2. Við II.1.
   Í stað bæjarútherð, komi: samvinnuútgerð.
3. Við II.2.
   Í stað orðanna "gerði út á fiskiveiðar", komi : hjálpaði til að gerð yrðu út með samvinnusniði."

1. breytingartillaga Hermanns Jónassonar felld með 7:7 atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar I.1. felld með 8:7 atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar I.2. samþ. með 7:6 atkv.

Tillaga sama bæjarfulltrúa I.3. felld með 8:7 atkv.

Tillaga - - I.4. felld með 8:7 atkv.

2. breytingartillaga Hermanns Jónassonar felld með ~~8~~ 10:2 atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar II.1. felld með 8:5 atkv.

3. breytingartillaga Hermanns Jónassonar felld með 8:2 atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar II.2. felld með 8:5 atkv.

VIII. Tillaga um kosningu tveggja manna til þess að athuga reikninga og rekstur mötuneytis safnaðanna.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> "Jafnframt því að bæjarstjórnin vottar þeim mönnum beztu þakkir, sem síðastliðinn vetur veittu vetrarhjálp safnaðanna forstöðu, beinir hún eindregnum tilmælum til sóknarnefndanna um það, að vetrarhjálpin taki sem fyrst upp starfsemi sína að nýju."

Samþ. með samhlj. atkv. að kjósa tvo menn til þess að athuga og rekstur mötuneytisins.- Var síðan samþ. að kosningin skyldi fara fram samstundis og voru kosnir án atkvæðagreiðslu :

Guðmundur Eiríksson, bæjarfulltrúi og
Sigurður Jónasson bæjarfulltrúi.

Tillaga frá Hermanni Jónassyni um að vísa fyrri hluta tillögu borgarstjóra til bæjarráðs felld með 8:7 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrri hluti tillögu borgarstjóra samþykkt með 8:5 atkv.

Síðari hluti sömu tillögu samþ. með shlj. atkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.45.

Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónasson. Ragnhildur Pétursdóttir. Jakob Möller. Sig. Jónsson. Hjalti Jónsson. Ó. Friðriksson. Guðrún Jónasson. Guðm. Eiríksson. Stefán Jóh. Stefánsson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, fimmtudaginn 21. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónsson, Guðrún Jónasson, Pétur Sigurðsson, M.Júl. Magnús, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánss n, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Ágúst Jósefsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 13. des. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj atkv.
5. liður samþ. með 7:1 atkv.
6. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 15. des. lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 18. des lögð fram.
4. og 7. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. des, lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 13. des. lögð fram.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 12. des. lögð fram.

VIII. Kosning þriggja manna og tveggja til vara í kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.
Aðalmenn kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu :
Pétur Magnússon, bankastjóri,
Geir G. Zoëga , vegamálastjóri,
Ágúst Jósefsson, bæjarfulltrúi,
Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Tómas Jónsson, lögfr.
Kjartan Ólafsson, bæjarfulltrúi.

IX. Útdráttur eins skuldabréfs af Laugarnesláninu.
Út var dregið nr. 22.

X. Bókarastaða við rafmagnsveituna. 2. umræða.
Tillaga borgarstjóra í 3. lið fundargerðar bæjarráðs. frá 24. október samþ. með 8:4 atkv.

X. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1934, fyrri umræða.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áætlunin, , þurft bæjarsjóðs samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.
Áætlun vatns - og hitaveitunnar samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.
Áætlun gasstöðvarinnar samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.
Áætlun raf magnsstöðvarinnar samþ. ~~með~~ til 2. umr. með shlj. atkv.

XII. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1934, fyrri umræða.
Áætlunin samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.

XIII. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Páll Ólafsson, tannlæknir. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
2. Árni Thorsteinsson, Vesturgötu 41. Samþ. að nema úr eftirstöðvum útsvar hans 1927, kr. 650.-
3. Tómas Hallgrímsson bankaritari. Samþ. að nema úr eftirstöðvum útsvarsskuldir hans 1928 og 1929 kr. 600.oo.
4. Börge A. Jonsson, Klapparstíg 37. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1932 og 1933, gegn greiðslu á kr. 60.oo.
5. Jón Magnússon, Smiðjustíg 7. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans 1930 - 1932, gegn greiðslu á kr. 50.oo.
6. Þorsteinn Kristjánsson, bifreiðarstjóri. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans.
7. H/f Vífill. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld félagsins frá 1930, gegn greiðslu á kr. 500.oo.
8. Svensk íslenzka - Fryseriaktiebolaget. Samþ. að lækka útsvar félagsins 1933 niður í kr. 10.000.oo.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.2o.

Guðm. Ásbjörnsson. M. Júl. Magnús. Hermann Jónasson.
Pétur Halldórsson. Aðalbjörg Sigurðardótttir.
Stefán Jóh. Stefánsson. Héðinn Valdimarsson.
Ágúst Jósefsson. Pétur Sigurðsson. Guðm. Eiríksson.
Kjartan Ólafsson. Guðrún Jónasson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1933, föstudaginn 29. des., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og var - bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónsson, Pétur Halldórsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, M. Júl. Magnús, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Héðinn Valdimarsson, Hallbjörn Halldórsson, Hermann Jónasson, Ágúst Jósefsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Áður en gengið væri til dagskrár, bar forseti undir atkvæði, hvort tekin skyldi á dagskrá næst á eftir IV. dagskrárlið, svo hljóðandi tillögu frá borgarstjóra:

"Bæjarstjórn felur bæjarráðinu að skipta í kjördeildir og skipa undirkjörstjórnir við bæjarstjórarkosninguna í janúar."

Samþ. með shlj. atkv. að taka tillöguna á dagskrá.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta :

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 21. des. lögð fram.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 23. des. lögð fram. 7. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 28. des. lögð fram. 1. liður samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 8:5 atkv.

V. Tillaga borgarstjóra um skiptingu í kjördeildir og skipun undirkjörstjórna. Tillagan samþ. með shlj. atkv.

VI. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1934, 2. umræða.

Þessar breytingartillögur og ályktunartillögur komu fram :

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins :

Tekjur :

X.1. Í stað -150000 komi : kr. 200.000.oo.
X.3. Liðurinn falli niður.
XII. Í stað 150000 komi : kr. 200.000.oo.

Gjöld :

II.4. (varalögregla) Liðurinn falli niður.
VI.i. b. Í stað 600.000. komi : kr. 500.000.ii.
Á eftir VI. lið komi nýr liður, er verði :
VII. Framfærslu- og styrktarmál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Mæðrastyrkir ~~kr~~ kr. 60000.oo.
Styrkur þessi sé veittur einstæðum mæðrum eða konum, sem vinna fyrir sjúkum og óvinnufærum eiginmönnum, sjúkum uppkomnum börnum eða gömlum foreldrum, svo þær, vegna heimilisstarfa, geta ekki leitað sér nægilegrar atvinnu utan heimilis. Styrkur þessi er ekki afturkræfur. Bæjarráð sér um úthlutun á styrk þessum, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefnd- ~~ar~~ ar og fátækrafulltrúa. Nefndin gefi út ávísanir til styrkþega og séu ávísanirnar greiddar úr bæjarsj. af bæjargjaldkera.

2. Til ráðstöfunar fyrir barnaverndarnefnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1933, kr. 10000.oo.
3. Til greiðslu vinnulauna kvenna á fátækum heimilum, í samráði við vinnumiðstöð kvenna, kr. 10000.oo.
4. Til bæjarsaumastofu, undir umsjón fátækrafulltrúa, kr. 15000.oo.
5. Aukið úthlutunarfé til ellistyrks samkv. 3. gr. laga 68/1933, kr. 15000.oo.

VII. (sem verði VIII.)
4. ("Grund") Liðurinn falli niður.
5. ("Vorblómið") Liðurinn falli niður.
13. Nýr liður: Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins "Framsókn" kr. 1000.oo.
14. Nýr liður: Til Sjómannafélags Reykjavíkur til lesstofu fyrir sjómenn, kr. 2000.oo.
15. Nýr liður: Til Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna til ráðningarstofu fyrir verkfólk, kr. 2000.oo.

VIII.4.(se, verði IX.4.) Í stað 50000 komi:kr,100000.oo.

X. (sem verði XI.) komi býr liður, er verði :
12. Til ferðalaga skólabarna kr. 2000.oo.
Nýr stafliður, er verði
13, Skólabækur handa fátækum skólabörnum kr.5000.oo.

XI.(sem verði XII.) Nýr stafliður á eftir 3. staflið, er verði 4. Framlag til byggingar Gagnfræðaskólans í Reykjavík kr. 45000.oo.
Eftir 6. staflið (sem verði 7.) komi nýr stafliður, er verði
8. Til skóla eða námskeiða fyrir fátæka, atvinnulausa æskumenn, kr. 20000.oo.

XII.(se, verði XIV.), komi nýrstafliður er verði
7. Til Péturs G. Guðmundssonar til útgáfu á bæjarskrá Reykjavíkur 1934, kr. 1000.oo.
8. Til skíðafélagsins til byggingar skíðaskála, kr. 3000.oo.

XVI. (sem verði XVII).
1. Í stað 450000,oo komi : kr. 600000.oo.
Nýr liður, er verði
2. Pípur girðingarefni o.fl., kr. 40000.oo.
Stafliður 2 verði stafliður 3 og orðist þannig:
3. Vetrarhjálp, undir umsjón bæjarstjórnar.

XVII. Liðurinn falli niður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ályktunartillögur í sambandi við fjárhagsáætlunina:

I. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og bæjarráði að leita samninga við stjórnendur elliheimilisins "Grund" og barnaheimilisins, "Vorblómið", um að bærinn taki við umráðum og ~~as~~ rekstri beggja þessra fyrirtækja, og leggi þær samningaumleitanir fyrir bæjarstjórn.

II. Bæjarstjórnin felur bæjarráði og borgarstjóra að leita samninga við rafmagnsstjóra og hafnarstjóra um þá breytingu á launakjörum þeirra, að þeir fái föst hæfileg laun, en niður falli hundraðsgjald það, er þeir nú hafa.

III. Bæjarstjórnin ákveður að taka á leigu frá útlöndum 5-10 togara, er bærinn geri út á næstkomandi vetrarvertíð, pg felur bæjarráði og borgarstjóra að gera nú þegar ráðstafanir til undirbúnings og framkvæmda þessa máls, og heimilar bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra að taka nauðsynleg lán til stofnkostnaðar og reksturs togurunum. Bæjarráð ræður framkvæmdastjóra bæjarútgerðarinnar.

Einnig felur bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra að leita tilboða um byggingu 5-10 nýrra togara, er tilbúnir verði til fiskveiða fyrir vetrarvertíð 1935 og leggja samningaumleitanir, væntanleg tilboð og tillögur um rekstrarfyrirkomulag fyrir bæjarstjórnina.

IV. Bæjarstjórnin felur bæjarráði og borgarstjóra að láta fram fara rannsókn um það, með hvaða kjörum og réttindum núverandi eigendur kvikmyndahúsanna reki kvikmyndastarfsemi í bænum, með það fyrir augum, að bærinn taki við stjórn og rekstri kvikmyndahúsa, eða stofni nýtt kvikmyndahús, eða tryggi sér að minnsta kosti verulegan ágóðahluta af starfrækslu kvikmyndahúsa í bænum. Árangur rannsókna þessara og tillögur séu lagðar fyrir bæjarstjórn.

Gasstöðin :

Tekjur :

1. Í stað o.35 komi: o.3o.

Rafmagnsveita :

Tekjur :

1. Í stað 55 aura, komi : 50 aura. Gjaldskráin breytist samkvæmt því.

Hafnarsjóður :

Tekjur :

2. (Vörugjald) Í stað 360000 komi : kr. 385000.oo.
3. b.(Bryggjygjald) Í stað 130000 komi: - 155000.oo.

Gjöld :

Nýr stafliður, er verði

18. Til byggingar verkamannaskýlis við vesturhöfnina kr. 50000.oo.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá bæjarfulltrúum Framsóknarflokksins.

X. Barnaskólarnir : Undir þessum kafla komi nýr liður merktur 20 :
Til byggingar nýs barnaskóla kr. 75000.oo.

XI. Til menntamála: Við þenna kafla bætist nýr liður, merktur 9. - Framlög til byggingar skólahúss fyrir Iðnskólann, kr. 33000.oo , og er gert ráð fyrir sama framlagi árin 1935 og 1936.

XII. Til íþrótta lista o.fl. - undir þessum kafla komi þrír liðir :
1. merktur 5. Til að kaupa og lagfæra til íþróttaiðkana landsvæðið við Nauthólsvík, kr. 60000.oo.
2. merktur 6. Til Í.S.Í. styrkur til læknisskoðunar á íþróttamönnum, kr. 2400.oo.
3. merktur 7. Til Skíðafélags Reykjavíkur, kr. 2500.oo, til byggingar skíðaskála.
Tala annara liða í kafla þessum breytist í samræmi við það, að þremur liðum nýjum er bætt inn í.

XIII. Ýmisleg útgjöld:
5. liður, kr. 2000.oo- Vinnustöð kvenna verði kr. 2400.oo.
Undir þessum kafla komi nýr liður merktur 6.- Til að laga Grímsstaðavör, kr. 2000.oo.- 7. liður verði 8. liður.

XVI. Ráðstafanir vegna kreppunnar.
Á þessum lið leggjum við til, að samþykkt verði eftirfarandi breyting :
Einn þriðja af atvinnubótafénu, kr. 450000.oo, er heimillt að nota sem framlög af hálfu bæjarins til stofnunar nýrra framleiðslufyrirtækja með samvinnusniði; jafnháa upphæð (kr. 150.000.oo) er og heimillt að taka að láni og verja í sama skyni, enda komi samþykki bæjarstjórnar til.
Tekjuliður XI. og XII. hækki og breytist í samræmi við breytingarnar á gjaldaliðnum.

Frá Magga Júl. Magnús:

I. Varið sé allt að 15. þús. kr. til þess að lækka austurhlutann af leikvelli Miðbæjarbarnaskólans og gera skýli fyrir börnin og hjólhestageymzlu þar sem nú er brekkan meðfram Laufásvegi. Girðing sé sett að norðanverðu við þenna hluta leikvallarins meðfram stígnum, sem liggur niður í Lækjargötu.

II. Vestur- og austurhluti hafnarlóðarinnar sé girt eins og húsaröðin að norðanverðu við Tryggvagötu segir til og höfninni þannig lokað.

III. Skipaðir séu tveir kvenlögregluþjónar frá 1. febr. næstkomandi, með þeim launum, sem bæjarstjórnin ákveður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Aðalbjörgu Sigurðardóttur:

X. Barnaskólarnir.

2. Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar, í stað kr. 19000.oo, komi; kr. 20000.oo.

6. Ræsting, í stað kr. 20000.oo, komi: kr. 21000.oo.

18. Ýms gjöld skólanna, í stað kr. 18000.oo ko,i kr. 20000.oo.

Til viðbótar við útgjöld vegna skólanna sé tekið :

Utanfararstyrkur til kennara barnaskóla Reykjavíkur, kr. 1000.oo.

Nýr liður :

Mæðrastyrkir, kr. 60000.oo, og sé sú upphæð, sem ætluð er til fátækraframfæris á árinu lækkuð að sama skapi.

Styrkur þessi sé veittur einstæðum mæðrum eða konum, sem vinna fyrir sjúkumeða óvinnufærum eiginmönnum, sjúkum uppkomnum börnum eða gömlum foreldrum, svo þær vegna heimilisstarfa geta ekki leitað sér atvinnu utan heimilis. Styrkur þessi er ekki afturkræfur. Bæjarráðið sér um úthlutun á styrk þessum, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar og barnaverndarnefndar, í þeim tilfellum, sem undir hana heyra. Mæðrastyrksnefndin gefi út ávísanir til styrkþega, og séu ávísanirnar greiddar úr bæjarsjóði af bæjargjaldkera.

Frá Pétri Halldórssyni og Jakob Möller.

Við Gjaldalið XII.

1. Fyrir "3000.oo" í tölulið 5 ko,i : 4000.oo.
2. Við bætist 3 nýjir liðir :

| | | |
|---|---|---|
| Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur | kr. | 1000.oo. |
| Til Íþróttafélags Reykjavíkur | - | 1000.oo. |
| Til Skíðafélags Reykjavíkur til byggingar skíðaskála | - | 1000.oo. |

Frá bæjarfulltrúum sjálfstæðisflokksins.

Breytingartillagar við við brtt. Hermanns Jónassonar við staflið XI. og brtt. bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins við staflið XI.4.

Liðyrinn orðist svo og komi inn aftan við meginmál fjárhagsáætlunarinnar :

Bæjarstjórnin heitir framlagi úr bæjarsjóði, 2/5 kostnaðar, allt að 200þús. kr. til þess,að koma upp nýjum Iðnskóla, með þeim skilyrðum, er hér greinir, og að öðru leyti eftir nánari ákvörðun bæjarráðs:

1. Gagnfræðaskólar bæjarins fái húsnæði í byggingunni.
2. Að 1/5 kostnaðar verði lagður fram af félögum og stofnunum í bænum.
3. Að 2/5 kosnaðarins verði lagðir fram úr ríkissjóði.

Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að taka lán, er samsvari framlagi bæjarsjóðs, enda samþykki bæjarráð lánskjörin.

Fundarhlé jk. 8 - 9½.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn.

Komu þá fram þessar breytingartillögur:

Frá Hermanni Jónassyni:
Til viðbótar tillögu Péturs Halldórssonar og Jakobs Möllers undir gjaldalið XII.
1. Til Glímufélagsins Ármann kr. 1000.oo.
Frá Aðalbjörgu Sigurðardóttur.
Varatillaga við tillögu um mæðrastyrk.
Liðurinn XVI. 2., Vetrarhjálp, sé hækkaður upp í 20000.oo kr. og séu 5000 kr. af því ætlaðar mæðrastyrksnefndinni til úthlutunar.

Frá Aðalbjörgu Sigurðardóttur, Guðmundi Ásbjörnssybi og Pétri Halldórssyni :
Bæjarstjórnin felur bæjarráði að taka nú þegar til yfirvegunar aukningu á húsnæði vegna barnafræðslunnar í bænum og gera tillögur til bæjarstjórnar um bráða lausn þessa máls.

Frá M. Júl. Magnús :
Gjaldliður VII.11 hækki um 1000 kr.

Frá Stefáni Jóhanni Stefánssyni :
I. Tillaga Hermanns Jónassonar við gjöld X orðist þannig:
Til btggingar nýrra barnaskóla í úthverfum bæjarins.
II. Breytingartillaga við tillögu Sjálfstæðisflokksins við gjaldalið XI.4.
1. Í stað orðanna "nýjum Iðnskóla" komi : nýju skólahúsi fyrir Gagnfræðaskóla í Reykjavík.
2. Orðið í tölulið 1 "gagnfræðaskóli" falli burtu, en í stað þess komi : Iðnskóli.

Stuttu fyrir kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir þann tíma. Var það samþ. með shlj. atkv.

Kom þá fram þessi breytingartillaga :
Frá borgarstjóra :
Breytingartillaga við brtt. XII.2 frá Hermanni Jónassyni :
Liðurinn orðist svo og verði III.3.
Til bæjarlæknis kr. 3600.oo. Skal hann hafa á hendi læknisskoðun á íþróttamönnum gegn vægri þóknun og störf í þágu lögreglu og heilbrigðiseftirlits eftir nánari ákvörðun bæjarráðs.

Frá M. Júl. Magnúsi:
Til kostnaðar við skrifstofu fyrir heilbrigðismál, kr. 1500.oo, gegn því að ríkið leggi fram sömu upphæð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Atkvæðagreiðsla :

Tekjur:
I.1.- VIII.11. samþ. með shlj. atkv.

IX.1.-2. samþ. með 8:7 atkv.
Brtt. fulltr. Alþ.fl. við X.1. felld með 8:5 atkv.

X.1. samþ. með 8:5 atkv.

| 3. | Hús Páls Magnússonar, Bergstaðastræti 4 | 1270 | 65576.- |
| 4. | Hús G. J. Bergmanns, Ljósvallagata 24 | 2334 | 23835.- |
| 5. | Hús Kristjáns Sveinssonar Laugavegur 128 | 2267 | 19890.- |
| 6. | Hús Lúðvíks Einarssonar Vesturgata 45 | 288 | 6080.- |
| 7. | Hús Steinunnar Bjartmarsdóttur Freyjugata 35 | 3204 | 51476.- |
| 8. | Hús Jóns Gíslasonar, Óðinsgata 18 | 438 | 9125.- |
| 9. | Hús Landsspítalans, kynsjúkdómahæli | 3258 | 36658.- |
| 10. | Hús Sveins Gunnarssonar, Bergstaðastræti 86 | 3191 | 1650.- |
| 11. | Hús Gísla G. Þórðarsonar, Þvervegur 34 | 2919 | 9990.- |
| 12. | Hús Ríkissjóðs Íslands, vitagagnabúr við Klapparstíg | 1517 | 12657.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 16. marz lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 23. marz lögð fram, 1., 6., 7., 8.og 15. liður.

Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögur:

Við 1. lið

Bæjarstjórn Reykjavíkur leggur til, að meðalmeðlag með óskilgetnum börnum verði ákveðið kr. 500.oo á ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 6. lið:
Bæjarstjórnin samþykkir að leggja nú þegar niður varalögregluna og verja því fé, er henni er ætlað á fjárhagsáætlun, til atvinnubóta.
Við 7. lið:
Stjórn Alþýðubókasafnsins verði kosin á almennum fundi þeirra manna, er safnið nota.
Stefán Jóhann Stefánsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 1. lið:
Meðalmeðlag í Reykjavík:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til fullra | 4 | ára | 360 kr. |
| - - | 9 | - | 400.- |
| - - | 14 | - | 480 - |
| - - | 16 | - | 300 - |

Breytingartillaga Einars Olgeirssonar við 1. lið felld með 7:1 atkv.
Breytingartillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Einars Olgeirssonar við 6. lið felld með 8:1 atkv.
Tillaga bæjarráðs í 6. lið samþ. með 7:3 atkv.
7. liður samþ. með 8:4 atkv.
Breytingartillaga Einars Olgeirssonar við 7. lið felld með 8:1 atkv.
Tillaga Bjarna Benediktssonar í 8. lið samþ. með 8:7 atkv.
15. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Atvinnubótavinna (samkv. ósk Björns Bjarnasonar bæjarfulltrúa).
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórnin ákveður að allir þeir, sem sagt hefir verið upp í atvinnubótavinnunni, skuli tafarlaust látnir byrja aftur að vinna.
Tillaga þessi var felld með 8:1 atkv.

VII. Frumvarp að samþykkt um takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, 2. umræða.
Settur borgarstjóri bar fram svo hljóðandi breytingartillögur við frumvarpið:
Við 1. gr.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | a) Fyrir | sendisveina | á aldrinum | 12-13 | ára | 7 klst. |
| kæmi: | - | - | - - | 12-14 | - | 8 - |
| b) | - | - | - - | 13-16 | - | 8 - |
| | - | - | - - | 16 ára og eldri | | 9½ - |
| komi | - | - | - - | 14 ára og eldri | | 9½ - |

á dag.
Við 2. gr.:
Orðin "á lokunartíma o.s frv. út greinina falli burt, en í þess stað komi:
1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna og daginn fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

almennan frídag eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögur við tillögur borgarstjóra:
a) Í stað: "1 klukkustund" komi: ½ klukkustund.
b) Í stað: "tveim klukkustundum" komi: einni klukkustund.

Frumvarpið var svo hljóðandi:
1. gr. Samkvæmt heimild í lögum nr. 60 frá 19. júní 1933, um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, skal vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunum eða iðnaðarfyrirtækjum í Reykjavík, eigi vera lengri á dagi hverjum en hér segir:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrir | sendisveina | á | aldrinum | 10-12 | ára | 6 slst. |
| - | - | - | - | 12-13 | - | 7 - |
| - | - | - | - | 13-16 | - | 8 - |
| - | - | - | - | 16 ára og eldri | | 9½ klst. |

2. gr. Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lukið eigi síðar en á lokunartíma sölubúðanna eða skrifstofanna.

Einar Olgeirsson bar fram nýtt frumvarp svo hljóðandi:
1. gr. Samkvæmt heimild í lögum nr. 60 frá 19. júní 1933 um viðauka við lög nr. 79 frá 14. nóv. 1917, viðvíkjandi lokunartíma sölubúða, skal vinnutími sendisveina hér í Reykjavík eigi vera lengri en hér segir:

Sendisveinar vinni í hæsta lagi frá kl. 9 f.h. til kl. 7 e.h. virka daga.

Hann fái 1 tíma til miðdegisverðar (kl. 12-1), og ½ tíma til kaffidrykkju.
2. gr. Ef sendisveinn vinnur á öðrum tímun, sé honum greitt fyrir það tímakaup umfram hans fasta mánaðarkaup.
3. gr. Framkvæmd þessara ákvæða hafi ekki í för með sér skerðingu á mánaðarkaupi sendisveinanna.

Frumvarp Einars Olgeirssonar fellt með 10:1 atkv.

Breytingartillaga borgarstjóra við 1. gr. a-liður, samþ. með 8:6 atkv.

Breytingartillaga borgarstjóra við 1. gr. b-liður, samþ. með 8:6 atkv.

Breytingartillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar felld með 7:6 atkv.

Breytingartillaga borgarstjóra við 2. gr. samþ. með 8:6 atkv.

3. gr. í frumvarpi Einars Olgeirssonar felld með 7:1 atkv.

Frumvarpið svo breytt samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Þórarinn Sigurðsson, Berg. 86.
   Erindonu synjað.
2. Sigurður Guðmundsson, Brunnstíg 7.
   Samþ. að lækka útsvar hans 1933 niður í kr. 220.oo.
3. O. J. Malmberg. Samíþ. með 7:4 atkv. að fella
   burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 500.oo.
4. Eiríkur Leifsson. Málinu frestað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.36.

Pétur Halldórsson. Jakob Möller. Sig. Jónsson.
Sig. Jóhannsson. Hermann Jónasson. Einar Olgeirsson.
Gunnar E. Benediktsson. Guðm. Eiríksson.
Ragnar Lárusson. Jóhanna Egilsdóttir. Jóhann Ólafsson.
Jón Axel Pétursson. Arngr. Kristjánsson.
STefán Jóh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 3. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk setts borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Arngrímur Kristjánsson, Björn Bjarnason, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Ragnhildur Pétursdóttir.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 6. apríl lögð fram. Stefán Jóh. Stefánsson tók aftur tillögu sína í 5. lið.

IV. Fundargerð bæjarráð frá 13. apríl lögð fram. 2. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 24. apríl lögð fram.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
7. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
17. liður samþ. með 8:6 atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 27. apríl lögð fram. Aðalbjörg Sigurðardóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin beinir því til bæjaráðs, að fráskilinni konu Stefáns Árnasonar, Stefaníu Jóhannsdóttur, Laugavegi 13, verði greitt úr bæjarsjóði með henni og þremur ungum börnum hennar, samkvæmt skilnaðar úrskúrði."

Arngrímur Kristjánsson bar fram svo hljóðand tillögu:

"Legg til, að barnaleikvöllurinn við Grettisgötu verði opinn og frjáls börnum til leika allan ársins hring."

Fellt með 8:6 atkv. að verða við beiðni þeirri, er um ræðir í 2. lið.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hluta bæjarráðs í 9. lið samþ. með 8:4 atkv.
18. liður samþ. með shlj. atkv.
19. liður samþ. með 9:4 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. liður samþ. með 9:1 atkv.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar í 22. lið felld með 8:7 atkv.
Tillaga um að vísa tillögu Aðalbjargar Sigurðardóttur til bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að vísa tillögu Arngríms Kristjánssonar til bæjarráðssamþ. með shlj. atkv.

VII. Kosning þriggja manna nefndar til þess að athiga og gera tillögur um mjólkurmálið, sbr. 3. lið fundargerðar bæjarráðs 24. apríl.
Kosnir af tvei, listum án atkvæðagreiðslu:
Jón Þorláksson,
Guðmundur Ásbjörnsson,
Guðmundur R. Oddsson.

VIII. Fundargerð brunamálanefndar frá 10. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð brunamálanefndar frá 30. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð skólanefndar frá 7. apríl lögð fram.
Arngrímur Kristjánsson bar fram svo hljóðandi tillögur :
A. "Þar sem svo er ástatt, að rannsókn á högum veiklaðra skólabarna leiðir í ljós, að heimilisástæður og lífsskilyrði, er börnin búa við, teljast hættuleg heilsu þeirra, felur bæjarstjórn bæjarráði, í samráði við barnaverndarnefnd, að tryggja börnum þessum sumarvist á heilsuverndarhælum þeim, er starfrækt eru vegna veiklaðra barna.
Bæjarstjórnin heimilar fjárframlag í þessu slyni af fé því, sem ætlað er til fátækraframfæris, þó þannig, að fjárframlög þessi teljist ekki fátækrastyrkur til hlutaðeigandi framfærslumanns.
B. Í annan stað beinir bæjarstjórn því til skólanefndar, að hún athugi mögyleika fyrir því, að þegar á komandi hausti verði hafin starfræksla heilsuverndarhælis og heimavistarskóla fyrir veikluð skólabörn."
Tillaga um að vísa tillögu þessari til bæjarráðs, samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.

XI. Eftirlit með vinnupöllum (eftir beiðni Björns Bjarnasonar bæjarfulltrúa).
Björn Bjarnason bar fram svo jljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður, að maður kosinn af verkamannafélaginu Dagsbrún og múrarafélag-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sveinafélaginu, skuli hafa eftorlit með því, að ákvæðum lögreglusamþykktarinnar um útbúnað vinnupalla sé hlítt.
Laun fær eftirlitsmaðurinn ~~úr bæjarsjóði~~ greidd úr bæjarsjóði, en bæjarsjóður innheimtir aftur hjá þeim, er fyrir byggingunum standa."
Tillaga um að vísa tillögu þessari til umsagnar samþ. með shlj. atkv.

XII. Útsvarsmál(Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Guðmundur Jónsson, Grettisgötu 23.
Erindinu synjað.
2. Þorbjörg M. Jónsdóttir, Ólafshúsi við Bakkastíg.
Erindinu synjað.
3. Vigfús Guðbrandsson, klæðskeri. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 2 100.oo kr.
4. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Þingholtsstræti 18.
Erindinu synjað.
5. Margrét Þorsteinsdóttir, Sellandsstíg 32.
Erindinu synjað.
6. Sigríður Snæbjarnardóttir, Amtmannsstíg 4. Samþ. að lækka útsvar hennar 1933 niður í kr. 200.oo.
7. Magnús Pétursson héraðslæknir. Samþ. með 6:5 atkv. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 2500.oo.
8. Axel Sigurðsson, Barónsstíg 41. Erindinu synjað.
9. Tómas Petersen, Núpstúni. Erindinu synjað.
10. Slippfélagið. Samþ. að lækka útsvar félagsins 1933 niður í kr. 2680.oo.
11. Ólafur Proppé Ltd. Erindinu synjað.
12. Eiríkur Leifsson kaupmaður. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.29.

Pétur Halldórsson. Jakob Möller. Guðmþ Ásbkörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Guðrún Jónasson. Björn Bjarnason. Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson. Jóhanna Egilsdóttir. Ragnar Lárusson. Ólafur Friðriksson. Ragnhildur Pétursdóttir. Guðmundur Oddsson. Arngrímur Kristjánsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 17. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk setts borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Bjarni Benediktsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Sigurður Jónsson, Arngrímur Kristjánsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Guðmundur R. Oddsson, Jón Axel Pétursson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr. : |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Þorbjörns Bjarnasonar Eiríksgata 29 | 3210 | 43160.- |
| 2. | Hús Kristjáns Þorsteinssonar, Seljavegur,23 | 3221 | 47630.- |
| 3. | Hús Egils Hallgrímssonar, Bárugata 3 | 3228 | 31675.- |
| 4. | Hús Jóhanns Hafliðasonar, Freyjugata 45 | 3227 | 48997.- |
| 5. | Hús Magnúsar Þorsteinssonar, Eiríksgata 19 | 3256 | 37550.- |
| 6. | Hús Jónasar Jósteinssonar, egilsgata 30 | 3233 | 16764.- |
| 7. | Hús Gunnars Magnússonar, Egilsgata 32 | 3234 | 16764.- |
| 8. | Hús Árna Friðrikssonar, Eiríksgata 8 | 3448 | 46724.- |
| 9. | Hús Guðmundar Þorkelssonar, Leifsgata 5 | 3176 | 47630.- |
| 10. | Hús Sigríðar Pálsson, Þingholtsstræto 29 | 550 | 24255.- |
| 11. | Hús Þórðar Ingimundarsonar o.fl. við Lágholtsveg | 3062 | 20860.- |
| 12. | Hús Bjarna og Kristins Péturssona við Ægisgötu | 1249 | 22140.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 4. maí lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 14. maí lögð fram.
13. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 3. maí lögð fram fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Skipun og skipting í kjördeildir við alþingiskosningarnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur bæjarráðinuað skipta í kjördeildir og skipa undirkjörstjórnir við alþingiskosningarnar 24. n.m."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Kosning yfirkjörstjórnar.

Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

Aðalmenn kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Bjarni Benediktsson, prófessor.
Finnbogi R. Valdimarsson, ritstjóri

Varamenn kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Tómas Jónsson, lögfr.
Steingrímur Guðmundsson, prentsmiðjustjóri.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.35.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.
Guðrún Jónasson. Guðm. Eiríksson. Bjarni Benediktsson.
Sig. Jónsson. Guðm. Oddsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jóhanna Egilsson. Jón Axel Pétursson.
Arngrímur Kristjánsson. Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 24. maí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl.2.lo og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar :

Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Bjarni Benediktsson, Guðmundur Eiríksson, Einar Olgeirsson, Guðrún Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Guðmundur R. Oddsson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurður Jónsson, Jón Axel Pétursson.

Fundurinn var haldinn í skrifstofu borgarstjóra.

Áður en gengið væri til dagskrár, var samþ. með shlj. atkv., að fundurinn skyldi haldinn fyrir lyktum dyrum.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Lántaka vegna Sogsvirkjunar.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að taka lán til virkjunar Sogsins samkvæmt lögum nr. 82 19. júní 1933 um virkjun Sogsins, að upphæð £ 275000-1-1- tvöhundruð sjötíu og fimm þúsund sterlingspund - eða tilsvarandi upphæð í öðrum gjaldeyri. Bæjarfélagið ábyrgist lánsupphæðina með eignum sínum og tekjum, og sem sérstakar tryggingar fyrir láninu verði ábyrgð íslenzku ríkisstjórnarinnar og fyrsti veðréttur í Sogsvirkjuninni.
2. Bæjarstjórn Reykjavíkur veitir borgarstjóranum í Reykjavík, Jóni Þorlákssyni, fullt og ótakmarkað umboð til þess, fyrir hönd bæjarfélagsins að undirrita skuldabréf fyrir láni því, er ræðir um í 1. lið þessarar samþykktar, hvort heldur er aðalskuldabréf eða sérskuldabréf eða hvorttveggja. Ennfremur veitir bæjarstjórnin nefndum borgarstjóra, Jóni Þorlákssyni, fullt og ótakmarkað umboð til þess að gefa lánveitandanum bindandi loforð um 1. veðrétt í Sogsvirkjuninni, til tryggingar lánsupphæðinni, og til þess að undirrita veðbréf samkv. þessu, þegar til kemur.

Umboð þetta getur Jón Þorláksson borgarstjóri framselt öðrum.

Tillögurnar samþ. til bæjarráðs og 2. umr. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirrituð.

Fundi slitið. kl. 3.4o.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Jóh. Ólafsson.
Jakob Möller. Sig. Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Ólafur Friðriksson. Guðrún Jónasson. Einar Olgeirsson. Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríjsson. Guðm. Oddsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 1. júní, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundyrinn var settur kl. 8.42 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Jón Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Tómas Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ólafur Friðriksson, Björn Bjarnason, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 24. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 18. maí lögð fram:
Aðalbjörg Sigurðardóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að veita mæðrastyrksnefndinni umráð yfir 1000 krónum, sem hún noti til útlána handa konum, svo þær þurfi ekki að leita sveitarstyrks á meðan þær ~~þær~~ t.d. bíða eftir því að fá greiddan barnsfararkostnað.
Til vara:
Bæjarstjórnin samþykkir að veita mæðrastyrksnefndinni 1000 krónur til styrktar starfi sínu."
Aðaltillagan felld með 7:6 atkv.
Varatillagan felld með 6:6 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 25. maí lögð fram.
8. og 9. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar frá 23. maí lögð fram.
9. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Tillaga um lántöku til virkjunar Sogsins, 2. umræða.
Málið tekið af dagskrá samkv. tilmælum bæjarráðs.

VI. Útsvarsmál.(Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Lárus Jóhannesson, hrm. Samþ. að fella burtu útsvarsskuldir hans eldri en 1934 gegn greiðslu á krónum 1000.oo.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 10.05.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jakob Möller.
Gunnar E. Benediktsson. Tómas Jónsson. Stefán Jóh.
Stefánsson. Sig. Ólafsson. Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Guðm. Oddsson. Bjarni Benediktsson.
Jóh. Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Björn Bjarnason.
Aðalbjörg Sigurðardóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 7. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnss n, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Sigurður Jónsson, Bjarni Benediktsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðmundur R. Oddsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhanna Egilsdóttir, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Stefán Jóh. Stefánsson, Ólafur Friðriksson, Pétur Halldórsson og Sigurður Ólafsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr. : |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús P. Smith+ Laufásvegur 68 | 3239 | 51916.- |
| 2. | Hús Sveins Þorkelssonar, Sólvallagata 9 | 3243 | 55960.- |
| 3. | Hús h/f Nói, Barónsstígur 2 | 3263 | 172707.- |
| 4. | Hús Helga Eyjólfssonar, Eiríksgata 15 | 3226 | 47855.- |
| 5. | Hús Ellen Benediktsson, Eiríksgata 21 | 3257 | 37200.- |
| 6. | Hús Þórarins Einarssonar Egilsgata 26 | 3231 | 16764.- |
| 7. | Hús Svanhildar Jóhannsdóttur, Egilsgata 26 | 3233 | 16764.- |
| 8. | Hús Guðjóns Guðjónssonar, Eiríksgata 24 | 3229 | 46494.- |
| 9. | Hús Sigurðar Briem, Tjarnargata 20 | 1057 | 42233.- |
| 10. | Hús Jóns Jóhannssonar, Laugavegur 69 | 706 | 22800.- |
| 11. | Hús Gissurs Kristjánssonar, Ránargata 3 | 3264 | 45375.- |
| 12. | Hús Páls Sveinssonar, Ránargata 1 A | 3265 | 45375.- |
| 13. | Hús Jóns Jónssonar, Njálsgata 8 B | 2262 | 35077.- |
| 14. | Hús Marteins Kristjánsson, Hverfisgata 23 | 1051 | 8492.- |
| 15. | Hús ríkissjóðs Íslands Pósthússtræti 3 | 124 | 102210.- |
| 16. | Hús sama, Pósthússtræti 3 A | 2061 | 213398.- |
| 17. | Hús Guðjóns Sæmundssonar, Tjarnargata 10 | 3261 | 120382.- |
| 18. | Hús Guðmundar og Guðjóns Jónssona Nkálsgata 4 A | 2109 | 23360.- |
| 19. | Hús Sveinbjörns Jónssonar í Ártúnsbrekku | 3247 | 22854.- |
| 20. | Hús Ágústs Jónssonar, Norðurhlíð við Sundlaugaveg | 3134 | 2950.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21. | Hús Haralds Guðmundssonar o.fl. við Sundlaugaveg | Brbnr.: 3268 | Kr. : 1572.- |
| 22. | Hús Hjalta Björnssonar o. fl. Mímisvegur 4 | 3015 | 2460.- |
| 23. | Hús Trausta Ólafssonar, Eiríksgata 6 | 3260 | 42928.- |
| 24. | Hús Sigurfinns Hallvarðssonar, Eiríksgata 27 | 3245 | 42880.- |
| 25. | Hús Sigurjóns Fjeldsted, Veghúsastígur 1 | 3249 | 33232.- |
| 26. | Hús Gasstöðvar Reykjavíkur Hverfisgata 115 | 1245 | 1934.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 1. júní lögð fram.
2., 5., 6. og 9. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Úrskurður á kjærum útaf alþingiskjörskrá.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur bæjarráðinu að úrskurða fyrir sína hönd framkomnar kærur út af alþingiskjörskrá."
Tillaga þessi var samþ. með 9:1 atkv.

V. Sogsvegurinn og atvinnuleysið (eftir ósk bæjarfulltrúa Björns Bjarnasonar).
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákv ður að bæta nú þegar það mörgum í vinnu við Sogsveginn, sem frekast er hægt að koma þar að. Kaupgreiðsla samkvæmt taxta Dagsbrúnar."
Málinu frestað.

VI. Bæjarstjórnartillögur við samþykkt um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík - fyrri umræða.
Samþ. með shlj. atkv. að málið skyldi tekið á dagskrá.
Málið samþ. til 2. umræðu með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.3o.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Gunnar E. Benediktsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Guðrún Jónasson. Bjarni Benediktss.
Ólafur Friðriksson. Sig. Jónsson. Guðm. Eiríksson.
Björn Bjarnason. Aðalbjörg Sigurðardóttir.
Guðm. Oddsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, miðvikudaginn 13. júní, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 6 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jóhannsson, Tómas Jónsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Björn Bjarnason, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Tillaga um lántöku til virkjunar Sogsins, 2. umræða. Tillagan hljóðar svo:

1. "Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að taka lán til virkjunar Sogsins samkvæmt lögum nr. 82, 19. júní 1933 um virkjun Sogsins, að upphæð £ 275000 - 1 - 1 - tvö hundruð sjötíu og fimm þúsund sterlingspund, eða tilsvarandi upphæð í öðrum gjaldeyri. Bæjarfélagið ábyrgist lánsupphæðina með eignum sínum og tekjum, og sem sérstakar tryggingar fyrir láninu verði ábyrgð íslenzku ríkisstjórnarinnar og fyrsti veðréttur í Sogsvirkjuninni.
2. Bæjarstjórn Reykjavíkur veitir borgarstjóranum í Reykjavík, Jóni Þorlákssyni fullt og ótakmarkað umboð til þess, fyrir hönd bæjarfélagsins að undirrita lánssamning, svo og til að undirrita skuldabréf fyrir láni því, sem ræðir um í 1. lið þessarar samþtkktar, hvirt heldur er aðalskuldabréf eða sérskuldabréf eða hvorttveggja. Ennfremur veitir bæjarstjórnin nefndum borgarstjóra, Jóni Þorlákssyni, fullt og ótakmarkað umboð til þess að gefa lánveitandanum bindandi loforð um 1. veðrétt í Sogsvirkjuninni, til tryggingar lánsupphæðinni, og til þess að undirrita veðbréf samkvæmt þessu, þegar til kemur.
   Umboð þetta getur Jón Þorláksson borgarstjóri framvísað öðrum."

Tillaga þessi var samþykkt með shlj. atkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.30.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Jóh. Ólafsson. Sig. Jóhannsson. Sig. Jónsson. Pétur Halldórsson. Bjarni Benediktsson. Tómas Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhanna Egilsdóttir. Ólafur Friðriksson. Björn Bjarnason. Jón Axel Pétursson. Aðalbjörg Sigurðardóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 21. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Bjarni Benediktsson, Jóhann Ólafsson, Guðmundur Eiríksson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Sigurður Jónsson, Ragnar Lárusson, Jakob Möller, Arngrímur Kristjánsson, Hermann Jónasson,

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 8. júní lögð fram.
12. og 15. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 15. júní lögð fram.
5. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Breytingartillögur við samþykkt um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík, 2. umræða.
Breytingartillögurnar hljóða svo :

1.

Fyrirsögn samþykktarinnar verði : Samþykkt um lokunartíma rakarastofa, hárgreiðslustifa og ljósmyndastofa í Reykjavík.

2.

Við 1. gr.
Fyrir "rakarastofum og hárgreiðslustofum", komi: rakarastofum, hárgreiðslustofum og ljósmyndastofum.

3.

Við 2. gr.
Fyrir "rakarastofum og hárgreiðslustofum", komi : rakarastofum, hárgreiðslustofum og ljósmyndastofum.

4.

Við 3. gr.
Fyrir"rakarastofur eða hárgreiðslustofur", komi : rakarastofur, hárgreiðslustofur eða ljósmyndastofur.

5.

Við 4. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 4. gr.
Fyrir"rakarastofur eða hárgreiðslustofur" komi : rakarastofur, hárgreiðslustofur eða ljósmyndastofur.

Breytingartillögurnar samþykktar með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 20. júní lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi ~~breytingartillögu~~ viðaukatillögu við tillögu bæjarráðs í 1. lið:
"Vinnulaun samkvæmt taxta verkamannafélagsins "Dagsbrún".
Tillaga um að vísa tillögu Björns Bjarnasonar~~tel~~ til bæjarráðs til afgreiðslu samþ. með 7:2 atkv.
1. liður samþ. með shlj. atlv.
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:
"Bæjarstjórnin leyfir fyrir sitt leyti að Ragnheiður Loftsdóttir selji útlenda ávexti með íslenzku garðmeti á götum borgarinnar."
Tillaga þessi var felld með 6:4 atkv.

VI. Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að láta nú þegar hefja framkvæmdir, er tryggi 2 til 3 hundruð manns sumar atvinnu."
Fellt með 7:5 atkv. að taka málið á dagskrá.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.1o.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson. Ragnar Lárusson. Jóhanna Egilsdóttir.
Hermann Jónasson. Jóh. Ólafsson. Björn Bjarnason.
Sif. Jónsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson.
Bjarni Benediktsson. Arngrímur Kristjánsson.
Guðmundur Eiríksson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, miðvikudaginn 27. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir. Hermann Jónasson, Jón Axel Pétursson, Björn Bjarnason, Þorlákur Ottesen, og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Tillaga um smíði á vélskipum.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að ganga að tilboði h/f Völund í Kaupmannahöfn, dags. 23. þ.m. um mótorvélar og efni til tveggja 50 smálesta og tveggja 22 smálesta eikarvélskipa. Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að ganga að ~~til=boði~~ smíðatilboði þeirra Daníels Þorsteinssonar o.fl. á tveim 50 smálesta skipum og þeirra Einars Einarssonar o.fl. á tveim 22 smálesta skipum.
Bæjarstjórnin felur borgarstjóra allar frekari framkvæmdir um smíði skipanna, og væntir þess, að hafnarstjóri og hafnarstjórn aðstoði við það og greiði fyrir því eftir því sem frekast er unnt.
Bæjarstjórnin felur hafnarstjórn að semja við væntanlega kaupendur skipanna, og heimilar fyrir sitt leyti að fé það, sem ákveðið var að veita sem lán af atvinnubótafé til þessarar framkvæmdar með ályktun 15. febrúar, megi veitast sem óafturkræft framlag að því leyti sem þess þarf með, til þess að vinna upp aukakostnað af því, að skipin verða smíðuð hér."

Jón Axel Pétursson, bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir :
Að láta smíða 4 mótorbáta 50 tonna og 2 mótorbáta 22 tonna samkvæmt teikningu og smíðalýsingu fara fram hér undir eftirliti og stjórn bæjarins, enda verði smiðir og aðrir hér í bæ látnir sitja fyrir um vinnu við smíði bátanna.
Að keyptar verði til bátanna sparneitnar tryggar vélar, í samráði við vélfræðisráðunaut Fiskifélags-Íslands hvað stærð og gæði vélanna snertir."
Tillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:5 atkvæðum.
1. málsgrein í tillögu borgarstjóra samþ. með 7:6 atkv.
Síðari mgr. í tillögu borgarstjóra samþ. með 8:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Veiting borgarritarastöðunnar.

Kosningu hlaut
Tómas Jónsson
með 8 atkvæðum, en 6 seðlar
voru auðir.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.3o.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.
Pétur Halldórsson. Sig. Jónsson. Þorlákur G. Ottesen.
Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhanna Egilsdóttir.
Jóh. Ólafsson. Björn Bjarnason. Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Ólafur Friðriksson. Guðrún
Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 5. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Bjarni Benediktsson, Björn Bjarnason, Guðm. Ásbjörnsson, Guðm. Oddsson, Jakob Möller, Jóhanna Egilsdóttir, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur Eiríksson, Arngrímur Kristjánsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhann Ólafsson, Jón Ólafsson, Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum.

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. júní lögð fram og samþ. með shlj. atjvæðum.

II. Fundargjörð bæjarráðs frá 22. ágúst lögð fram og 1. liður samþ. með samhlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 29. júní lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu við 7. lið:
"Laun borgarritara skulu vera 6000 kr. á ári, auk þeirrar dýrtíðaruppbótar á öll launin, sem greidd eru starfsmönnum bæjarins á hverjum tíma."
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við 8. lið:
"Um val áforstöðumanni og um tilhögun skrifstofunnar sé leitað álits og tillagna fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík."
Guðmundur Oddsson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 10. lið :
"Bæjarstjórnin ákveðurað allir starfsmenn bæjarins, sem eru árlangt hjá bænum í vinnu, fái sumarfrí, án tillits til þess hvort þeim er goldið tímakaup eða mánaðarkaup."
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 5. lið:
"Bæjarstjórn vítir harðlega þær gerðir lögreglustjóra, að kaupa í heimildarleysi þau "tæki", er um ræðir í 5. lið fundargerðar bæjarráðs frá 29. júní, og krefzt þess að hann endursendi þau ~~án~~ tafarlaust á sinn kostnað."

5. liður samþ. með shlj. atkv.

Forseti úrskurðaði að tillaga Björns Bjarnasonar í sambandi við 5. lið skyldi ekki koma til atkvæða og var það samþykkt.

Tillaga meiri hlutans í.7. lið var samþ.með 8:6 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. liður samþ. með samhljóða atkv.

Viðaukatillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar við 8. lið var felld með 7:5 atkv.

Erindi verkamanna, sem um ræðir í 10. lið, var fellt með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: Björn Bjarnason, Guðm. Oddsson, Jóhanna Egilsdóttir, Arngrímur Kristjánsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóh. Stefánsson.
nei: Bjarni Benediktsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnar Benediktsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Jón Ólafsson og Sigurður Jónsson.

Tillaga Guðmundar Oddssonar í sambandi við 10. lið var vísað til bæjarráðsins með shlj. atkv.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28. júní lögð fram og samþ. með samhljóða atkvæðum.

V. Tillaga um atvinnubætur.
Björn Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að hefja nú þegar framkvæmdir, er tryggi minnst 2-3 hundruð manns sumaratvinnu."
Þessi tillaga var felld með 8:6 atkv.

VI. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Jón Ragnars. Erindinu synjað.
2. Ása Víglundsdóttir, ~~Fjólu~~ Týsgötu 4. Samþ. að fella niður útsvarsskuld hennar frá 1933, 10.00 krónur.
3. Guðjón Vigfússon, Laugavegi 149.- Erindinu synjað.
4. Gísli Jóh. Jónsson, Ingólfsstræti 16. Erindinu synjað.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.10.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Gunnar E. Benediktsson. Jakob Möller. Bjarni Benediktsson. Ólafur Friðriksson. Jóhanna Egilsdóttir. Sig. Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Guðm. Oddsson. Arngr. Kristjánsson. Jóh. Ólafsson. Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 19. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarritára, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Gunnar E. Benediktsson, Ragnar Lárusson, Sigurður Jóhannsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Guðmundur R. Oddsson. Jóhanna Egilsdóttir, Arngrímur Kristjánsson, Björn Bjarnason, Guðrún Jónasson, Jón Axel Pétursson, Jóhann Ólafsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Þessar virðingargerðir voru samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús ríkissjóðs Íslands, stjórnarráðshús við Lækjartorg | 17 | 118813.- |
| 2. | Hús sama, Kirkjustræti 14 | 194 | 316335.- |
| 3. | Hús sama, Hverfisgata 15 | 1222 | 508238.-- |
| 4. | Hús sama, Listasafnshús við Njarðargötu | 1644 | 98190.- |
| 5. | Hús sama, Lækjargata 3 | 1042 | 56415.- |
| 6. | Hús sama, Tjarnargata 32 | 1119 | 89315.- |
| 7. | Hús Sig. Waage, Lindargata 1 | 1933 | 28320.- |
| 8. | Hús Ísl. Jakobssonar o.fl. Hafn. 4. | 121 | 27050.- |
| 9. | Hús Kára Sigurðssonar, Freyjugata 38 | 3241 | 32992.- |
| 10. | Hús Sig. Jónssonar, Ingólfsstr. 21 C. | 2639 | 33040.- |
| 11. | Hús Nikulásar Jónssonar o.fl. Vest. 56 | 3277 | 28780.- |
| 12. | Hús Sig. Guðmundssonar o.fl. Ing. 8 | 1065 | 28819.- |
| 13. | Hús Elínar Guðmd. o.fl. Inf.8 | 148 | 9150.- |
| 14. | Hús Jóns Péturssonar, Fram. 8 | 1969 | 19292.- |
| 15. | Hús H. Biering, Hringbr.108 | 3272 | 33319.- |
| 16. | Hús Hans Petersen, Fossv.bl. 12 | 12 | 4404.- |
| 17. | Hús Hans Eide - 3 | 3268 | 4130.- |
| 18. | Hús S.L.Mogensen, Aðalstr. 4 | 2815 | 22425.- |
| 19. | Hús Rafmagnsveitu Reykjav. Bar.2 | 3279 | 7182.- |
| 20. | hús sama við Grettisgötu | 3280.- | |
| 21. | Hús Stefáns Gunnarssonar Hring.116 | 3138 | 900.- |
| 22. | Hús Haraldar Ólafss. Eiríksg. 11 | 3091 | 1425.- |
| 23. | Hús h/f Fiskimjöl við Köllunarklettsveg | 2393 | 18942.- |
| 24. | Hús Ásg. Þorsteinssonar við Köllunarklettsveg | 3282 | 12570.- |
| 25. | Hús Guðnýjar Rixther Svalbarð við Langholtsveg | 2024 | 17210.- |
| 26. | Hús Kristjáns Hunnarssonar, Hörpugötu 20 | 3011 | 10250.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. júlí lögð fram.
1.-5. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hlutans í 6. lið samþ. með 7:5 atkv.
7.-8. liður samþ. með shlj.,atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 6. júlí lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 9. júlí lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að fresta 1. lið.
2. og 8. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 13. júlí lögð fram.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 3. júlí lögð fram.

VII. Uppsögn verkamanna í Vatnsveitunni (eftir ósk Björns Bjarnasonar bæjarfulltrúa).
Björn Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að taka nú þegar í vinnu aftur þá menn, er nýbúið er að segja upp í Vatnsveitunni, og sjá hinum, er þar ertu nú, fyrir atvinnu í sumar."

Tillaga frá Guðmundi Ásbjörnssyni um að vísa tillögu Björns Bjarnasonar til bæjarráðs samþ. með 8:2 atkv.

Lestri og staðfestingu fundargerðar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 5.3o.

Fundi
Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jakob Möller.
Jóh. Ólafsson. Ragnhuldur Pétursdóttir.
Guðmundur Eiríksson. Ragnar Lárusson. Sig. Jónsson.
Guðm. Oddsson. Sig. Ólafsson. Jóhanna Egilsdóttir.
Arngr. Kristjánsson. Einar Olgeirsson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 2. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Jón Ólafsson, Ragnhikdur Pétursdóttir, Guðmundur Eiríksson, Ragnar Lárusson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Arngrímur Kristjánsson, Einar Olgeirsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jón Axel Pétursson.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 20. júlí lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við fyrri tillögu Jóns Axels Péturssonar í 8.lið :
"Í stað "eins dags sumarleyfi" komi: þriggja daga sumarleyfi."
Fellt með 8:7 atkv. að verða við beiðni þeirri, er um ræðir í 1. lið að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Arngrímur Kristjánsson, Sigurður Ólafsson, Einar Olgeirsson, Guðmundur R. Oddsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir.
nei: Jón Ólafsson, Sigurður Jónsson, Ragnar Lárusson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson,
Breytingartillaga Einars Olgeirssonar felld með 8:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Guðmundur R. Oddsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Arngrímur Kristjánsson, Sigurður Ólafsson, Einar Olgeirsson.
nei: Guðmundur Eiríksson, Rafnhildur Pétursdóttir, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Jón Ólafsson, Sigurður Jónsson, Ragnar Lárusson, Guðmundur Ásbjörnsson.
Fyrri tillaga Jóns Axels Péturssonar í 8. lið felld með 8:7 atkv. , að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já : Guðmundur R. Oddsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Arngrímur Kristjánsson, Sigurður Ólafsson, Einar Olgeirsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nei : Guðmundur Eirísson, Ragnhildur Pétursdóttir, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Jón Ólafsson, Sigurður Jónsson, Ragnar Lárusson, Guðmundur Ásbjörnsson.

síðari tillaga Jóns Axels Péturssonar í 8. lið samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 27. júlí lögð fram, 4., 6., 11., 13. og 16. liður.

Bæjarráðið bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Í trausti þess, að lánsstofnanir veiti bænum nauðsynleg lán til atvinnubóta, felur bæjarstjórnin bæjarráði að hefja atvinnubótavinnu nú þegar."

Einar Olgeirsson bar fram svohljóðandi tillögur:

"Bæjarstjórnin samþykkir að gera eftirfarandi ráðstafanir gegn atvinnuleysinu nú þegar:

1. Allir þeir, sem undanfarið hafa unnið í bæjarvinnunni, skulu halda þar áfram, og þeir, sem sagt hefir verð upp, skulu strax teknir aftur í vinnuna.
2. Til þess að koma fleiti verkamönnum að, skal vinnudagur í bæjarvinnunni nú strax styttur niður í 8 tíma, en dagkaup haldast óskert, kr. 13.6o.-
3. Allir starfsmenn bæjarins skulu hafa sumarfrí með fullu kaupi: þeir sem unnið hafa 6-24 mánuði, 6 virka daga minnst, þeir, sem unnið hafa 2 ár eða meira, 12 vorka daga minnst.
4. Atvinnubótavinna sé hafin nú þegar fyrir minnst 300 manns.
5. Vinnutími í atvinnubótavinnu þessari sé 8 tímar og dagkaup kr. 13.6o.

4. liður samþ. til 2. umræðu með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa tillögum Einars Olgeirssonar til bæjarráðs samþ. með 8:7 atkv.
Tillaga bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hlutans í 11. lið samþ. með 6:2 atkv.
13. liður samþ. með shlj. atkv.
16. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð skólanefndarfrá 17. júlí löfð fram.

Arngrímur Kristjánsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Þar sem eigi er enn byrjað á að framkvæma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þær aðgerðir og breytingar á skólahúsi og lóð Miðbæjarskólans, felur bæjarstjórn borgarstjóra, í samráði við formann skólanefndar, skólastjóra viðkomandi skóla og bæjarverkfræðing, að byggð verði útihús á lóð skólans, þar, sem skólabörnum er ætlað að matast í."

2. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Arngríms Kristjánssonar til bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.

V. Kosning forstöðumanns ráðningarskrifstofu fyrir atvinnuleitandi bæjarmenn.
Kosningu hlaut
Gunnar E. Benediktsson
með 8 atkv.
Ragnar Jónsson fékk 6 atkv. en k seðill var auður.

Fundargerð lesin, staðfest og undirs rifuð.

Fundi slitið jl. 6.45.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob. Möller. Jón Ólafsson. Jóh. Ólafsson. Einar Olgeirsson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson. Jóhanna Egilsdóttir. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Arngr. Kristjánsson. Guðm. Oddsson. Ragnar Lárusson. Sig. Jónsson. Sig. Ólafsson. Ragnhildur Pétursdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 16. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Bjarni Benediktsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Sigurður Jónsson, Ragnar Lárusson, Guðmundur Eiríksson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Jóhann Ólafsson, Sigurður Ólafsson, Aðalbjörg Sigurðar, Einar Olgeirsson, Guðmundur R. Oddsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. ágúst lögð fram. Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn lýsir óánægju sinni yfir því, að sagt skylfi vera upp þeim verkamönnum, sem unnið hafa hjá bænum í vatnsveitu og gatnagerð, þótt atvinnubótavinna hefðist, Og leggur svo fyrir borgarstjóra, að þeir séu þegar teknir í bæjarvinnuna aftur, án þess að nokkrum öðrum verkamönnum sé sagt upp né hætt við að taka aðra, sem nú liggur fyrir að fái atvinnubótavinnu."

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að fjölga í atvinnubótavinnunni nú þegar um 200 manns, og að þeir, er þar vinni, fái fullan vinnudag."

Forseti úrskurðaði , að þessar tillögur skyldu koma til atkvæða undir 5. dagskrárlið.

Úrskurðurinn var borinn undir bæjarstjórnina samjvæmt kröfu Stefáns Jóh. Stefánssonar og samþ. með 8:7 atkv.

3. liður samþ. með samhljóða atkvæðum.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 10. ágúst lögð fram.

Einar Olgeirsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að leggja tafarlaust niður varalögregluna og jafnframt ákveður hún að fækka skuli lögregluþjónum minnsta kosti um helming til að byrja með."

Fyrri hluti af tillögu Einars Olgeirssonar felldur með 7:1 atkvæði, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

já: Einar Olgeirsson,
nei: Bjarni Benediktsson, , Guðmundur Eiríksson, Ragnhildur Pétursdóttir, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Pétur Halldórsson og Sigurður Jónsson. Ragnar Lárusson, Guðmundur R. Oddson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Sigurður Ólafsson, og Stefán Jóh. Stefánsson greiddu ekki atkvæði.
Stefán Jóh. Stefánsson óskaði bókaða svo fellda greinargerð með atkvæði sínu:
"Með því að varalögregla í Reykjavík er með bréfi dómsmálaráðuneytisins frá kO. þ. m. lögð niður, og að frá þeim tíma er engin lögleg varalögregla til í Reykjavík, þá greiði ég ekki atkvæði um þessa tillögu."
Síðari hluti af sömu tillögu felldur með 9:1 atkv.

IV. Kosning 4 manna í skólanefnd.
Forseta bárust tveir listar, er hann merkti A og B.- Á A-lista voru Giðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Páll E. Ólason, en á B-lista Sveinbjörn Sigurjónsson magistir og Vilmundur Jónsson landlæknir.
Atkvæði féllu þannig, að A-listi fékk 8 atkv. B-listi 6 atkv. en 1 seðill var auður.
Hlutu þannig kosningu:
Guðmundur Ásbjörnssin oh
Pétur Halldórsson af A-lista.
Sveinbjörn Sigurjónsson og
Vilmundur Jónsson af B-lista.

V. Atvinnuleysið (eftir ósk bæjarfulltrúa Björns Bjarnasonar).
Einar Olgeirsson bar fram svohljóðandi tillögur:
"Bæjarstjórnin ákveður:
1.) að minnst 300 manns séu teknir í atvinnubótavinnu nú þegar,
2.) að engum sé sagt upp í bæjarvinnunni, sem þar vinna nú, og þeir, sem sagt hefir verið upp, séu tafarlaust teknir aftur,
3.) að starfsmenn bæjarins fái sumarfrí :
6 daga þeir, sem hafa unnið 6-24 mánuði,
12 daga þeir, sem hafa unnið yfir 24 mánuði,
4.) að vinnutími í bæjarvinnu sé lækkaður niður í 8 tíma með óskertu dagkaupi,
5.) að undir eins séu gerðar ráðstafanir til útvegunar á atvinnubótafé utan fjárhagsáætlunar, svo hægt sé að halda áfram áfram atvinnubótavinnunni óskertri í ár."
Jakob Möller bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin vísar fyrirliggjandi tillögum í málinu til bæjarráðs og felur jafnframt bæjarráði að leita samninga við ríkisstjórn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ina á þeim grundvelli, að framlag og lánsfé til atvinnubóta úr ríkissjóði umfram fjárhagsáætlun bæjarsjóðs haldist í sömu hlutföllum og gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1934."

Tillaga Jakobs Möller samþ. með 8:7 atkv.

VI. Útsvarsmál(Rædd fyrir luktum dyrum).

1. Guðjón Guðbjörnsson, Seljavegi 17. Samþ. að fella burtu útsvar konu hans, Mattheu Johannessen fyrir ~~árið 1934~~ árið 1934, kr. 10.oo, en erindinu að öðru leyti synjað.
2. Guðrún J. Erlings. Samþ. að lækka útsvar hennar 1934 niður í kr. 50.oo.
3. Maríus Helgason, Sólvallagötu 5 A. Erindinu synjað.
4. Þuríður Guðnadóttir, Eiríksgötu 37. Erindinu synjað.
5. Þorsteinn Oddsson, Njálsgötu 29 B. Erindinu synjað.
6. Þorgrímur Sigurðsson, Unnarstíg 6. Erindinu synjað.
7. Þórarinn Jónsson, Melnum, Erindinu synjað.
8. Systurnar í Landakoti. Samþ. með 9:6 atkv. að fella burtu útsvör þeirra 1934.
9. Valdimar Lárusson loftskeytamaður. Erindinu synjað.
10. Sigurbjörg Kristmundsdóttir, Grjótagötu ~~12~~ 12. Samþ. með 7:6 atkv. að lækka útsvar hennar 1934 niður í kr. 25.oo.
11. Hárgreiðslustofan Ondúla. Erindinu synjað.
12. Matthías Kristjánsson, Ránargötu 12. Erindinu synjað.
13. Kristján Ól. Sveinsson, Laugavegi 128. Erindinu sybjað.
14. Helgi Nikulásson, Barónsstíg 16. Erindinu synjað.
15. Helga M. Níelsdóttir ljósmóðir. Erindinu synjað.
16. Guðmundur Bjarnason, Reykjavíkurvegi 13. Samþ. að útsvarið skuli standa óbreytt.
17. Guðjón Þórðarson, Vegamótastíg 7. Samþ. að lækka útsvar hans 1934 niður í kr. 10.oo.
18. Ásgerður Guðmundsdóttir kennari. Erindinu synjað.
19. Böðvar Pétursson, Smiðjustíg 6. Erindinu synjað.
20. Guðjón Mýrdal, Grettisgötu 28. Erindinu synjað.
21. Bifreiðastöð Akureyrar. Samþ. með 7:5 atkv. að fella burtu útsvar stöðvarinnar 1934.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.12.

Pétur Halldórsson. Sig. Jónsson. Jakob Möller. Guðm. Eiríksson. Ragnhildur Pétursdóttir. Jóh. Ólafsson. Einar Olgeirsson. Bjarni Benediktsson. Ragnar Lárusson. Aðalbjörg Sigurðard. Jóhanna Egilsdóttir. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Oddsson. Sig. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 6. sept. var reglulegur fundur haldinn þ bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.2o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Sigurður Jóhannsson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Guðmundur Ásbjörnsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ólafur Friðriksson, Björn Bjarnason, Guðmundur Eiríksson, Ragnhildur Pétursdóttir og Guðmundur R. Oddsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar.

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Kristjáns Siggeirssonar, Laugavegi 13 | 3 | 104330.- |
| 2. | Hús sama, Smiðjustígur 6 | 196 | 12639.- |
| 3. | Hús sama, Öldugata 4 | 1905 | 60743.- |
| 4. | Hús Sigurjóns Jónssonar, Laugavegur 50 B. | 1074 | 9768.- |
| 5. | Hús Sigurðar Pálssonar, Baldursgata 23 | 1703 | 14940.- |
| 6. | Hús Hilaríusar GuðGuðmundssonar Njálsgata 39 B | 979 | 9870.- |
| 7. | Hús Jóns Jónssonar , Bergstaðastræti 60 | 2176 | 21902.- |
| 8. | Hús Gísla Kristjánssonar, Vesturgata 57 | 223 | 15117.- |
| 9. | Hús Júlíu Norðfjörð, Grjótagata 5 | 469 | 13798.- |
| 10. | Hús Valdimars Norðfjörð, Grjótagata 5 | 2598 | 42442.- |
| 11. | Hús Ólafs Guðmundssonar, Leifsgata 26 | 3261 | 28630.- |
| 12. | Hús Jóhannesar Sjúlasonar, Leifsgata 28 | 3262 | 28630.- |
| 13. | Hús Ólafs Ólafssonar, við Seljalandsveg | 3275 | 4781.- |
| 14. | Hús Önnu Þorgrímsdóttur, Ljósvallagata 8 | 3288 | 77668.- |
| 15. | Hús h/f Skógur við Nýrargötu | 3293 | 5725.- |
| 16. | Hús Péturs Guðfinnssonar, Freyjugata 32 | 3025 | 1545.- |
| 17. | Hús Hafnarsjóðs Reykjavíkur, við Tryggvagötu | 3276 | 444960.- |
| 18. | Hús sama við Mýrargötu | 2714 | 58360.- |
| 19. | Hús ríkissjóðs Íslands, á Landsspítalalóðinni | 3244 | 124420.- |
| 20. | Hús Ásgeirs Sigurðssonar, Sölvhólsgata 14 | 964 | 18196.- |
| 21. | Hús Ingibergs Þorkelssonar o.fl. Bergþórugata 57 | 3286 | 39932.- |
| 22. | Hús Júlíusar Björnssonar, Þjórsárgata 6 | 3189 | 20930.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr. | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 23. | Hús Jóns Pálssonar, Sogamýrarbl. 41 | 3269 | 5860.- |
| 24. | Hús Sigríðar Hjartardóttur o.fl. Hringbraut 66 | | 31475.- |
| 25. | Hús Hannesar Magnússonar við Þvergötu | | 11500.- |
| 26. | Hús Hannesar Guðmundssonar í Fossvogi | 3295 | 825.- |
| 27. | Hús Eggerts Briem, Tjarnargata 28 | 1134 | 24096.- |
| 28. | Hús Hermanns Jónassonar í Fossvogi | 3294 | 1200.- |
| 29. | Hús Aðalsteins Eiríkssonar, Sogabletti I | 3257 | 12838.- |
| 30. | Hús Þorsteins Sxh. Thorsteinssonar Thorvaldsensstræti 6 | 42 | 1995.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 17. ágúst lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 20. ágúst lögð fram. Björn Bjarnason bar fram svohljóðandi breytingartillögu við 3. lið:
"Bæjarstjórnin ákveður að fjölga nú þegar í atvinnubótavinnunni upp í 300 manns."
Tillaga þessi var felld með 8:1 atkv.

3. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 24. ágúst lögð fram. 3. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 3æ. ágúst lögð fram.

VII. Kosning fátækrafulltrúa.
Tillaga frá borgarstjóra um að maður skuli settur í starfið til eins árs samþ. með shlj. atkv.
Björn Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögu: "Bæjarstjórnin ákveður að veita engum af umsækjendum fátækrafulltrúastarfið, en fer þess á leit við Gunnar Benediktsson frá Saurbæ, að hann taki að sér starfið."
Tillaga þessi var felld með 12:1 atkv.

Fór þá fram kosning og hlaut kosningu:

Ragnar Lárusson, með 8 atkv.
Jóhanna Egilsdóttir fékk 6 atkv.
en 1 seðill var auður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 20. sept. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Guðrún Jónasson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Jóhanna Egilsdóttir, Guðmundur Eiríksson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jakob Möller, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Arngrímur Kristjánsson, Stefán Jóh. Stefánsson og Ragnhildur Pétursdóttir.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. sept. lögð fram.

III. Fundargerð bæjarráðs 14. sept lögð fram.
4. liður samþ. með 8:1 atkv.
Tillaga meiri hlutans í 6. lið samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar frá 8. sept. lögð fram.
Aðalbjörg Sigurðardóttir bar fram svohljóðandi breytingartillögu við 3. lið:
"Ég legg til að eftirlaun Margrétar Þórhallsdóttur kennslukonu verði hækkuð svo að þau nemi samtals 2400 krónum á ári."
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa 3. lið til bæjarráðs til athugunar samþ. með shlj. atkv.

V. Kosning eins manns í skólanefnd Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.
Kosningu hlaut:
Guðni Jónsson magister.með 8 atkv.
en 7 seðlar voru auðir.

VI. Fjárframlög til atvinnubóta.

VII. Um varnir gegn útbreiðslu skarlatssóttar.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á ríkisstjórnina, að fyrirskipa nú þegar opinberar varnir gegn skarlatssóttsamkvæmt 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 66/1933 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, sérstaklega í læknishéruðunum í grend við Reykjavík og í Reykjavík sjálfri. Er bæjarstjórnin fyrir sitt leyti fús til að bera kostnaðinn af þessum sóttvörnum í Reykjavík að því leyti, sem farsóttahús bæjarins getur tekið við sjúklingum, eins og hingað til."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. ág. s.l. viðvíkjandi lögreglu bæjarins.
Málið tekið af dagskrá.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.35.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Guðrún Jónasson, Jakob Möller. Bjarni Benediktsson. Sig. Jóhannsson. Ragnhildur Pétursdóttir. Arngrímur Kristjánsson. Jóhanna Egilsdóttir. Björn Bjarnason. Stefán Jóh. Stefánsson. Guðm. Eiríksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 4. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Gunnar E. Benediktsson og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Þorgeirs Þorgeirsson, | 1132 | 7958.- |
| 2. | Hús Sólveigar Pálsdóttur, Kárastígur 12 | 1777 | 19720.- |
| 3. | Hús h/f Hamars, við Mýrargötu | 2126 | 21892.- |
| 4. | Hús Halldórs Jónssonar , Hverfisgara 90 | 1284 | 6130.- |
| 5. | Hús sama, Hverfisgata 90 | 1284 | 226030þ- |
| 6. | Hús Gunnars Grímssonar, Sogabletti 6 | | 10410.- |
| 7. | Hús Magnúsar Þorgrímssonar, Laugavegur 4 | | 22266.- |
| 8. | Hús Sveins Jónssonar, Bergþórugata 55 | 3273 | 39480.- |
| 9. | Hús Kristins Guðmundssonar , Laufásvegur 58 | 3274 | 80490.- |
| 10. | Hús Jóhanns Jóhannessonar, Hávallagata 5 | 3297 | 40127.- |
| 11. | Hús Þorsteins Þorsteinssonar, Laugavegur 52 | 658 | 18402.- |
| 12. | Hús Sveins Hannessonar, Sólland | 2750 | 4415.- |
| 13. | Hús Guðjóns Sigurðssonar o.fl. Barónsstígur 63 | 3046 | 59005.- |
| 14. | Hús h/f Strætisvagna Reykjavíkur við Hringbraut | 39 | 135500.- |
| 15. | Hús Kristins Ármannssonar, Sólvallagata 29 | 2361 | 33006.- |
| 16. | Hús Kristjóns Jóhannessonar, Laugaholt | 2464 | 2730.- |
| 17. | Hús Úlfars Bergssonar við Þvergötu | 45 | 10250.- |
| 18. | Hús Valtýs Stefánssonar, Laufásvegur 69 | 2478 | 7810.- |
| 19. | Hús Lúðvígs Einarssonar, Vesturgata 45 | 288 | 23750.- |
| 20. | Hús Ágústs Ólafssonar, Sellandsstígur 12 | 2254 | 940.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

|  |  | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 21. | Hús Gísla Ólafssonar, Fossvogsbletti XXXIII. | 3281 | 2170.- |
| 22. | Hús Benedikts Jónssonar o.fl. við Köllunarklettsveg | 3224 | 6831.- |
| 23. | Hús Hallgríms Jónssonar við Seljalandsveg | 3284 | 2970.- |
| 24. | Hús Hjörleifs Guðbrandssonar, Vatnsmýrarbletti 17 | 51 | 1135.- |
| 25. | Hús Jóns og Sigurðar Jónssona Bárugata 31 | 3291 | 32810.- |
| 26. | Hús Guðmundar Gunnlaugssonar, Leifsgata 16 | 52 | 41010.- |
| 27. | Hús Einars Erlendssonar, Skólastræti 5 |  | 18902.- |
| 28. | Hús Erlends Einarssonar, Leifsgata 8 | 55 | 53140.- |
| 29. | Hús Kristlaugar Gunnlaugsdóttur, Baugsvegur 7 | 3271 | 25759.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð eftirlaunasjóðsnefndar frá 22. sept. lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 21. sept. lögð fram.
Aðalbjörg Sigurðardóttir bar fram svohljóðandi tillögu.
"Bæjarstjórnin ákveður að kjósa 3 kvenna nefnd til þess að athuga mpguleika fyrir og gera tillögur um atvinnubótavinnu fyrir konur."
Tillaga frá Pétri Halldórssyni um að vísa tillögu Aðalbjargar Sigurðardóttur til bæjarráðs felld með 7:7 atkv.
Tillaga Aðalbjargar Sigurðardóttur samþ. með 9:1 atkv.
Tillaga um að fresta kosningu nefndarinnar til næsta fundar samþ. með 8;7 atkv.
Ályktun meiri hlutans í 4. lið samþ. með 9:1 atkv.

V. Fundargerð bæjarráð frá 28. sept. lögð fram.
Bjarni Benediktsson bar fram svohljóðandi breytingartillögu við Reglugerð um eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar, sbr. 21. lið fundargerðarinnar:

1. Við 1. mgr. 15. gr.
Setningin: "Til árslauna ....... til tekjuskatts", orðist svo: Til árslauna teljast föst laun - þó ekki dýrtíðaruppbót né sérstök laun vegna barnafjölda og hlunninda, svo sem ókeypis húsnæði, ljós, hiti o.þ.h., eins og þau eru metin til tekjuskatts.

2. Við 16. gr. við bætist:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef bærieinn greiðir starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót, skal hann og griða þvílíka uppbót af eftirlaunum. Uppbótin skal árleha nema jafnhárri hundrstölu af eftirlaunum hvers eins og samskonar starfsmaður fær þá í uppbót af lanum sínum.

Hámark þessara eftirlauna með dýrtíðaruppbót skal þó eigi fara fram úr 6000.oo krónum, og það sem fram yfir kann að verða samkvæmt framangreimdum reglum fellur niður.

3. Við 20. gr. Við bætist :

Af þessum eftirlaunum skal greiða dýrtíðaruppbót með sama hætti og segir í 16. gr.

Eftirlaun samkv. þessari grein mega ekki , ásamt dýrtýðaruppbót fara fram úr 3600.oo krónum."

Stefán Jóh Stefánsson bar fram svohljóðandi breytingartillögur við 21. lið:

a. Við 19. gr.
Í stað 6000 kr.(á tveim stöðum)
komi;5000 kr.

b.) Í stað 3600 kr. komi: 3000.kr.

Jóhanna Egilsdóttir bar fram svohljóðandi tillögu við 1. lið :

"Legg til að ráðnar séu 5 konur til aðstoðar á heimilum í bænum þegar veikindi ber að höndum eða forföllum húsmóðurinnar. Verkakvennafélagið Framsókn hafi rétt til að vísa á konur til þessa starfs."

Björn Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:

"Um leið og bæjarstjórnin ákveður að taka aftur í vinnu þá menn, er sagt var upp í bæjarvinnunni nú nýlega, ákveður hún að fjölga nú þegar í atvinnubótavinnunni upp í 400 manns.

Til vara 300 manns.

Dagkaup verði samkvæmt taxta Dagsbrúnar, brátt fyrir það þó vinnutími sé styttri."

Ályktun meiri hlutans í 1. lið samþ. með 8:7 atkv.

Varatillaga Jóhönnu Egilsdóttur felld með 8:7 atkv.

Tillaga um að vísa 21. lið, ásamt breytingartillögum við hann, til 2. umræðu, samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Björns Bjarnasonar felld með 8:1 atkv.
Varatillaga sama bæjarfulltrúa ~~sama~~ felld með 8:1 atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 24. sept. lögð fram.

VII. Fundargerð skólanefmdar frá 29.sept. lögð fram.

VIII. Tilnefning eins manns í mjólkursölunefnd til 1. maí 1935; samkv. 6. gr. bráðabirgðalaga 10. sept. 1934.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kosningu hlaut:
Guðmundur Ásbjörnsson, með 8 atkv.
Eggert Brandsson fékk 1 atkv. en 6 seðlar voru auðir.

IX. Tilnefning tveggja manna í mjólkurverðlagsnefnd, með hlutfallskosningu, skv. 4. gr. bráðabirgðalaga 10. sept. 1934.
Forseta bárust 3 listar, er hann merkti A, B. og C. Á A-lista voru Guðmundur R. Oddsson, Á B-lista Guðmundur Eiríksson og á C-lista Guðbrandur Guðmundsson og Páll Þoroddsson.
Atkvæði féllu þannig, að A-listi fékk 6 atkv., B-listi 8 atkv. og C-listi 1 atkv.
Hlutu þannig kosningu:
Guðmundur Eiríksson, af B-lista.
Guðmundur R. Oddsson, af A-lista.

X. Úthlutun ellistyrks.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur bæjarráðinu að annast úthlutun ellistyrks á þessu ári og áfram, þar til öðruvísi verður ákveðið."
Tillaga þessi var samþykkt með shlj. atkv.

XI. Björn Bjarnason óskaði að tekið yrði á dagskrá húsnæðisvandræðin í bænum. Var því synjað með 6:6 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.48.

Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Gunnar E. Benediktsson. Jón Axel Pétursson. Guðmundur Eiríksson. Björn Bjarnason. Aðalbjörg Sigurðardóttir. G. Oddsson. Jakob Möller. Jóhanna Egilsdóttir. Stefán Jóh. Stefánss. Ólafur Friðriksson. Sig. Jónsson. Bjarni Benediktsson. Jóh.Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 18. október, var reglilegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar :

Giðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benedikrsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson, Jón Axel Pétursson, Ólafur Friðriksson og Ragnar Lárusson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráð frá 5. október lögð fram.
10., 11. og 12. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 12. október lögð fram.
8. og 9. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Jóni Axel Péturssyni um að fresta 10. liðsamþ. með shlj. atkv.
11. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hæmtans í 12. lið samþ. með 7:1 atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar frá 8. október lögð fram.

V. Fundargerð skólanefndar frá 12. október lögð fram.
2., 3., 5. og 6. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Frumvarp um breytingu á reglugerð fyrir eftirlaunasjóð Reykjavíkur, 2. umræða.
Bjarni Benediktsson tók aftur breytingartillögur sínar.
Jakob Möller bar fram svohljóðandi breytingartillögur við breytingartillögur Stefáns Jóh. Stefánssonar:
a. Í stað "5000" komi: 5400.
b. Í stað "3000" komi: 3240.
1. breytingartillaga bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
1. breytingartillaga Jakobs Möller samþ. með shlj. atkv.
2. breytingartillaga bæjarráðs, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
2. breytingartillaga Jakobs Möller samþ. með shlj. atkv.
3. breytingartillaga bæjarráðs svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VII. Tillaga frá Mjólkursölunefnd bæjarstjórnarinnar.
Tillagan vae svohljóðandi :
"Bæjarstjórnin ákveður að láta fram fara al-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

menna berklarannsókn og heilbrigðisrannsókn á öllum heimilum lögsagnarumdæmisins fyrir næstu áramót, og í sambandi við hana skoðun á hreinlæti í fjósum og þeim herbergjum, þar sem geymsla og afhending mjólkurinnar fer fram."
Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Vetrarhjálp bæjarstjórnarinnar.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir fyrir sitt leyti, að stjórnarnefnd Vetrarhjálparinnar verði skipuð einum manni frá hvorri af sóknarnefndum bæjarins, hjúkrunarkonum,barnaskólanna og hinum fimmta manni, er verði framkvæmdastjóri starfsins, og sé hann ráðinn af bæjarráðinu með samþykki hinna fjögra nefndarmanna."
Einar Olgeirsson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að að koma nú þegar á mötuneyti, þar sem atvinnulausir menn og konur geti ókeypis fengið að borða tvær máltíðir á dag. Bæjarsjóður beri allan kostnað við þetta mötuneyti."
Jóhanna Egilsdóttir og Aðalbjörg Sigurðardóttir báru fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að veira þeim konum styrk, sem forsjá heimilisins hvílir á, en geta þó ekki leitað atvinnu utan heimilis,- og eru eignalausar. Skal styrkur þessi ekki vera lægri en fátækrastyrkur til heimilisins mundi vera, en ekki teljast fátækrastyrkur."
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Einars Olgeirssonar felld með 8:1 atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögu Jóhönnu Egilsdóttur og Aðalbjargar Sigurðardóttur til bæjarráðs samþ. með 8:1 atkv.

IX. Kosning 3 kvenna í nefnd til þess að athuga möguleika fyrir og gera tillögur um atvinnubótavinnu fyrir konur.
Kosningu hlutu, af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Ragnhildur Pétursdóttir,
Guðrún Jónasson,
Jóhanna Egilsdóttir.

X. Húsnæðisvandamál í bænum.
(eftir ósk Björns Bjarnasonar).
Einar Olgeirsson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn skorar á ríkisstjórn að ákveða með bráðabyrgðalögum eða fá heimild frá Alþingi til að taka leigunámi þær auðar leigufærar íbúðir, sem nú eru í bænum og ennfremur hluta af íbúðum þeirra manna, sem hafa óþarflega mikið húspláss. Séu þessar íbúðir síðan leigðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim fjölskyldum, sem nú eru húsnæðislausar.
Til þess að gera varanlegar endurbætur á húsnæðiseklunni í bænum felur hinsvegar bæjarstjórnin borgarstjóra að undirbúa og leggja fyrir bæjarstjórn tillögur og kostnaðaráætlun um byggingu verkamannabústaða fyrir minnsta kosti 50 verkamannafjölskyldur á næsta sumri."
Fyrri hluti tillögunnar felldur með öllum þorra atkvæða gegn einu.
Síðari hlutinn felldur með 7:5 atkv.

XI. Atvinnuleysið (eftir ósk Björns Bjarnasonar bæjarfulltrúa).
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögur:
1. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi, að útbúa og samþykkja á þessu þingi lög um fullkomnar atvinnuleysistryggingar.
2. Borgarstjórn skorar á Alþingi að hækka fé það, sem áætlað er á fjárlögum fyrir 1935 upp í eina miljón króna.
3. Bæjarstjórn ákveður, að í atvinnubótavinnunni skuli greitt fullt dagkaup samkvæmt taxta Dagsbrúnar kr. 13.60, án tillit til þess, þó vinnutími sé styttri en 10 tímar.
4. Bæjarstjórn ákveður að fjölga í atvinnubótavinnunni upp í 400 manns, þar sem nú munu vera um 1300 atvinnuleysingjar í bænum.
1. tillaga Einars Olgeirssonar felld með 7:1 atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa 2. tillögu til bæjarráðs samþ. með 9:1 atkv.
Tillaga frá ~~Benediktssyni~~ Bjarna Benediktssyni um að vísa 3. og 4. tillögunni til bæjarráðs samþ. með 7:1 atkv.

XII. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn felur borgarstjóra að óska eftir tillögum hið fyrsta frá félagi járniðnaðarmanna, múrarafélaginu og öðrum fagfélögum bæjarins um öryggisráðstafanir á vinnustöðvum og leggja síðan þessar tillögur til grundvallar fyrir reglugerð um þessi ~~efni~~ mál."
Tillaga þessi var samþ. með 6:2 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.
Fundi slitið kl. 8.50.

Bjarni Benediktsson. Sig. Jónsson. Ólafur Friðriksson.
Jóh. Ólafsson. Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.
Sig. Jóhannsson. Ragnhildur Pétursdóttir. Hafsteinn Bergþórsson. Einar Olgeirsson. Guðm. Oddsson.
Jón Sigurðsson. Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 1. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Sigurður Jóhannsson, Gunnar E. Benediktsson, Ragnar Lárusson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Arngrímur Kristjánsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson, Jón Axel Pétursson og Jón Sigurðsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. október lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 19. október lögð fram. Einar Olbeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir sig andvíga því frumvarpi um vinnumiðlun, sem nú liggur fyrir Alþingi, sökum þess að þetta frumvarp felur í sér algera stjórn atvinnurekenda á vinnumiðlunarskrifstofunum og gefur auk þess Alþýðuflokknum einkaafstöðu til að skipa menn í stjórn þeirra og sviptir verkalýðinn þeim rétti. Álýtur bæjarstjórnin nauðsynlegt, að ef vinnumiðlunarskrifstofur eiga að verða verkalýðnum að nokkru gagni, að öll verkalýðsfélög á hverjum stað kjósi með hlutfallskosningum meiri hluta í stjórn þeirra."

Tillaga frá borgarstjóra um að fresta 14. lið, þar til vitað er um afgreiðslu frumvarps þess um verkamannabústaði, er nú liggur fyrir Alþingi, samþ. með 8:7 atkv.

Fyrri hluti af tillögu Einars Olgeirssonar, aftur að orðunum "sökum þess" samþ. með 8:5 atkv. Flutningsmaður greiddi ekki atkvæði.

Einar Olgeirsson óskaði bókað, að hann væri mótfallinn því, að tillagan væri borin upp í tvennu lagi.

Síðari hluti sömu tillögu felldur með 7:1 atkv.

VIII. Fundargerð bæjarráðs frá 26. október lögð fram.
Arngrímur Kristjánsson og Aðalbjörg Sigurðardóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

"Þar sem hús það, er barnaheimilið Vorblómið hafði heimkynni í, brann í síðastliðnum mánuði, felur bæjarstjórn bæjarráði að taka á leigu, ef fæst, húsið Egilsstaðir í Ölfusi og starfrækja þar barnaheimili fyrst um sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jafnframt felur bæjarstjórn bæjarráði að hefja nú þegar undirbúning undir byggingu nýs barnahælis hér í bæ."

Tillaga meiri hlutans í 11. lið samþ. með 6:5 atkv.
12. liður samþ. með shlj. atkv.
14. liður samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli; og sögðu:
já : Ragnar Lárusson, Sigurður Jónsson, Jón Sigurðsson, Bjarni Benediktsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Ólafsson, Gunnar Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Jóhann Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson.
nei: Einar Olgeirsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir.
Arngrímur Kristjánsson greiddi ekki atkvæði.

Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögu Arngríms Kristjánssonar til bæjarráðs samþ. með 8:5 atkv..

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 29. október lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögur:
I. Inn í 3. gr. bætist á eftir orðunum "bátaútvegurinn":
"og ennfremur um byggingu verkamannaskýlis fyrir alla þá, sem vinna á vesturbakka hafnarinnar."
II. 4. gr. orðist á eftirfarandi hátt:
"Hafnarstjórn ákveður að greiða Guðmundi Magnússtni, eftirlitsmanni Verkamannaskýlisins, fullt mánaðarkaup samkvæmt taxta verkamannafélagsins Dagsbrún, en veitingasala í verkamannaskýlinu sé rekin af bænum, og hagað þannig, að verð þess, sem selt er, verði sem allra lægst. Ennfremur ákveður jafnarstjórn að láta gera fullkomæega við íbúð hafnarvarðar um leið og allt skýlið sé endurbætt að miklum mun og byrjað á því undir eins."
1.-2. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Einars Olgeirssonar við 3. lið feææd með 7:4 atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Einars Olgeirssonar við 4. lið, felld með 8:1 atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv.
5. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Tillaga frá borgarstjóra um að kjósa tvo bæjarfulltrúa í nefnd til þess, ásamt borgarstjóra, landlækni og héraðslækni að íhuga og gera tillögur um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilhögun í heilbrigðismálum og sjúkrahúsmálum kaupstaðarins.
Tillaga um að fresta málinu samþ. með shlj. atkv.

VI. Frumvarp að samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík (fyrri umræða).
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögur:
I. Í 2. gr. falli burtu: "Næsta laugardag á undan þessum degi . . . og öll málsgreinin og sú næsta, er endar á orðunum "eftir ákvæðum lögreglustjóra."
II. Í 2. gr. í stað orðanna "frá 1. júní til ~~30. sept~~ 31. ágúst" komi: frá 1. júní til 30. sept.
III. Í 3. gr. Á eftir orðunum "fyrsta mánudag í ágústmánuði" komi: og 1. maí, og falli því niður í næstu málsgrein "Hinu 1.maí".
IV. Í 7. gr. Á eftir greininni eins og hún nú er, bætist:
Sunnudagavinna sendisveina er algerlega bönnuð.
V. Í 8. gr. Á eftir greininni eins og hún nú er komi eftirfarandi málsgrein:
"Auk þess sem yfirvöldum bæjarins ber sjálfsögð skylda til að hafa eftirlit með að ákvæðum 7. og 8. greinar sé framfylgt, skal sendisveinafélagi Reykjavíkur sérstaklega veittur réttur til eftirlits með því, að ákvæðunum um vinnutímann sé framfylgt."
VI. Í 10. gr. Á eftir orðunum "í bæjarsjóð" bætist eftirfarandi setning :
"Hvað snertir brot á ákvæðumum um vinnutíma sendisveina, skal eftirfarandi regla um sektirnar gilda: Fyrsta brot skal varða minnst 25 kr. sekt og tv9öfaldast við hvert ítrekað brot, en þó aldrei hærra en 500 krónur. Sektarféð skal renna að hálfu til þess sendisveins, sem brotin eru framin á, en hinn hlutinn til sendisveinafélags Reykjavíkur."
Málið samþ. til 2. umræðu með shlj. atkv.

VII. Útsvarsmál (Rædd furir luktum dyrum).
1. Íslenzka-rússneska-~~félagið~~-----verzlunarfélagið h/f. Samþ. með 10:1 atkv. að lækka útsvar félagsins 1933 niður í kr. 900.oo.
2. Anna Ásmundsdóttir. Samþ. að lækka útsvar hennar 1933 niður í kr. 500.oo.
3. Axel Sigurðsson, Barónsstíg 41.
Samþ. að lækka útsvar hans 1933 niður í kr. 100.oo.
4. Sveinn Sigurjónsson, kaupmaður.
Samþykkt að lækka útsvar hans 1933 niður í kr. 800.oo.
5. Árni Sveinsson, Laugavegi 79.
Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Rannveig Guðmundsdóttir, Grettisgötu 65.
Erindinu synjað.
7. Fritz Vogler, Laufásvegi 59. Erindinu synjað.
8. Svensk-Islenzka-Frysteriaktiebolaget :
Samþ. að lækka útsvar félagsins 1934 niður í kr. 3000.oo.
9. C. Nordhorst. Erindinu synjað.
10. Valdimar Lárusson, Skólavörðustíg 30.
Erindinu synjað.
11. Markús Sigurðsson, Miðstræti 8 A.
Samþ. að lækka útsvar hans 1933 niður í kr. 50.oo.
12. Georg Mikkelsen, Bræðravorgarstíg 16.
Erindinu synjað.
13. Kristvin Guðmundsson, Laugavegi 30 B.
Erindinu synjað.
14. Ragnar E. Kvaran, Ásvallagötu 7. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1934 kr. 55.oo.
15. Kristinn P. Friðriksson, Amtmannsstíg 5.
Erindinu synjað.
16. Friðsteinn Jónsson, Ljósvallagötu 14.
Erindinu synjað.
17. Haraldur Runólfsson, Fossagötu 4.
Erindinu synjað.
18. Samvinnufélagið Bjarg. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.15.

Guðm. Ásbjörnsson. Arngr. Kristjánsson. Einar Olgeirsson. Jón Axel Pétursson. Ragnar Lárusson. Gunnar E. Benediktsson. Jóh. Ólafsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Sigurður Jónsson. Guðmundur Eiríksson.
Ragnhildur Pétursdóttir. Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 15. nóv. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 2.1o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Jónsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Bjarni Benediktsson, Gunnar E. Benediktsson, Jón Axel Pétursson, Einar Olgeirsson, Jóhanna Egilsdóttir, Guðmundur R. Oddsson, Arngrímur Kristjánsson, Sigurður Ólafsson.

Þetta gerðost á fundinum:

I. Tillaga frá borgarstjóra um að fundurinn skyldi haldinn fyrir luktum dyrum samþykkt með shlj. atkv.

II. Umboð handa borgarstjóra vegna fyrirhugaðrar virkjunar Sogsins.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu: "Í framhaldi af og til viðbótar umboði því til lántöku til virkjunar Sogsins, sem bæjarstjórnin á fundi sínum 13. júní þessa árs veitti borgarstjóranum í Reykjavík, Jóni Þorláakssyni, fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja fyrir hönd bæjarfélagsins tilboð um vélar, efni og vinnu til virkjunar Sogsins, og undirrita samninga um laup á vélum, efni og vinnu til þessa.

Umboð þetta getur Jón Þorláksson borgarstjóri framselt öðrum."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.37.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson. Jóh. Ólafsson.
Sog Jóhannsson. Gunnar E. Benediktsson. Ragnhildur Pétursdóttir. Bjarni Benediktsson. Sig. Jónsson.
Giðm. Oddsson. Einar Olgeirsson. Jóhanna Egilsdóttir.
Sig. Ólafsson. Jón Axel Pétursson. Arngr. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 15. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgar~~stjóra~~ritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Sigurður Jóhannsson, Gunnar E. Benediktsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Sigurðar Ólasonar, Sellandsstígur 1, | 102 | 23480.- |
| 2. | Hús Viljelms Steinsens, Sellandsstígur 5 | 123 | 23480.- |
| 3. | Hús Hannesar Jónssonar, Sellandsstígur 9 | 132 | 23480.- |
| 4. | Hús Hafliða Hjartarsonar, Sellandsstígur 13 | 146 | 23480.- |
| 5. | Hús Hjartar Ingþórssonar, Ásvallagata 71 | 158 | 23480.- |
| 6. | Hús Elíasar Halldórssonar, Ásvallagata 75 | 159 | 23480.- |
| 7. | Hús Finnboga R. Þorvaldssonar, Ásvallagata 79 | 161 | 23480.- |
| 8. | Hús Guðmundar H. Péturssonar, Hringbraut 192 | 164 | 23480.- |
| 9. | Hús Kjartans Péturssonar, Hringbraut 198 | 166 | 23480.- |
| 10. | Hús Karls Bender, Hringbraut 204 | 171 | 23480.- |
| 11. | Hús Em. Cortes, Hringbraut 210 | 176 | 23480.- |
| 12. | Hús Guðbrands Magnússonar, Ásvallagata 52 | 192 | 21689.- |
| 13. | Hús Stefáns Jóh. Stefánssonar Ásvallagata 54 | 193 | 21689.- |
| 14. | Hús Sigurgríms Stefánssonar, Ásvallagata 56 | 224 | 21689.- |
| 15. | Hús Guðlaugs Rósenkranz, Ásvallagata 58 | 248 | 21689.- |
| 16. | Hús Bergs Arnbjarnarsonar, Ásvallagata 60 | 245 | 21689.- |
| 17. | Hús Kjartans Jónssonar, Ásvallagata 62 | 268 | 21689.- |
| 18. | Hús Barða Guðmundssonar, Ásvallagata 64 | 273 | 21689.- |
| 19. | Hús Eisteins Jónssonar, Ásvallagata 67 | 304 | 21689.- |
| 20. | Hús Þorbergs Friðrikssonar, Bræðraborgarstígur 52 | 310 | 21789.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 21. | HúsÞórðar Eyjólfssonar, Sellandsstígur 3 | 317 | 23460.- |
| 22. | Hús Björns Jónssonar, Sellandsstígur 7 | 322 | 23460.- |
| 23. | Hús Páls Halldórssonar, Sellandsstígur 11 | 337 | 23460.- |
| 24. | Hús Axels Sveinssonar, Ásvallagata 69 | 342 | 23460.- |
| 25. | Hús Björns Hjaltested, Ásvallagata 73 | 343 | 23460.- |
| 26. | Hús Halldórs Kjartanssonar , Ásvallagata 77 | 77 | 23460.- |
| 27. | Hús Fritz Kjartanssonar, Ásvallagata 81 | 350 | 23460.- |
| 28. | Hús Jóhannesar Jónssonar, Hringbraut 194 | 353 | 16850.- |
| 29. | Hús Sveinbjörns Friðfinnssonar, Hringbraut 196 | 355 | 16850.- |
| 30. | Hús Gunnlaugs Guðmundssonar, Hringbraut 200 | 360 | 16850.- |
| 31. | Hús Lárusar Einarssonar, Hringbraut 20= | 366 | 16850.- |
| 32. | Hús Ásmundar Guðmundssonar, Hringbraut 206 | 361 | 16850.- |
| 33. | Hús Sverris Sigurðssonar, Hringbraut 208 | 388 | 16850.- |
| 34. | Hús Jóhannesar Björnssonar, Hringbraut 212 | 392 | 16850.- |
| 35. | Björns Björnssonar, Hringbraut 214 | 408 | 16850.- |
| 36. | Hús Tryggva Magnússonar, Hringbraut 216 | 410.- | 16850.- |
| 37. | Hús Konráðs Gíslasonar, Hringbraut 218 | 412 | 16850.- |
| 38. | Hús Zophoíasar Sigfússonar, Vesturvallagata 12 | 415 | 16850.- |
| 39. | Hús Jóhanns Hjörleifssonar, Vesturvallagata 10 | 426 | 16850.- |
| 40. | Hús Jóhanns Steinssonar, Hringbraut 68 | 3292 | 42311.- |
| 41. | Hús Hjalta Finnbogasonar o.fl. Barónsstígur 41 | 3055 | 40267.- |
| 42. | Hús Sigurðar Sigurðarsonar, Túngata 39 | 3296 | 32362.- |
| 43. | Hýs Þorgeirs Guðjónssonar, Öldugata 25 A | 59 | 37926.- |
| 44. | Hús Arnlaugs Ólafssonar, Öldugata 25 | 101 | 40534.- |
| 45. | Hús Chr. Mortensen, við Mjóumýrarveg | 427 | 3775.- |
| 46. | Hús Halldórs Guðmundssonar, 1. fl. Leifsgata 6 | 3287 | 52230.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 47. Hús Skúla Guðlaussonar, Hverfisgata 106 A. | 56 | 24270.- |
| 48. Hús Atla Eiríkssonar, Urðarstígur 16 | 1722 | 17329.- |
| 49. Hús Júlíusar Guðmundssonar, Framnesvegur 23 | 2261 | 76766.- |
| 50. Hús Friðriks Gíslasonar, Bri,mes við Laugarnesveg | 2448 | 12276.- |
| 51. Hús Guðríðar Jónsdóttur, Marargata 5 | 3285 | 49664.- |
| 52. Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur, við Köllunarklettsveg, | 428 | 4578.- |
| 53. Húsið Studentagarðurinn, sunnan Hringbrautar | 468 | 208135.- |
| 54. Hús Rafmahnsveitu Reykjavíkur við Reykjavíkurveg | 4540- | 4830.- |
| 55. Hús Sigurðar Ísleifssonar o.fl. Barónsstígur 61 | 3053 | 59105.- |
| 56. Hús Lýðvígs Lárussonar, Fjólugata 15 | 510 | 59675.- |
| 57. Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur | 467 | 1560.- |
| 58. Hús Björns Jónssonar, Bræðraborgarstígur 37 | 643 | 11825.- |
| 59. Hús Daníels Daníelssonar við Bústaðaveg | 3139 | 3903.- |
| 60. Hús Mekkíns Björnssonar, við Laugarásveg | 2705 | 1225.- |
| 61. Hús h/f Shell við Shellveg | 2968 | 31030.- |
| 62. Hús Einars Jónssonar, Þórsgata 15 | 1538 | 32490.- |
| 63. Hús Halldóru Ólafs, Bankastræti12 | 18 | 9213.- |
| 64. Hús sömu, Bankastrti 12 A. | 459 | 23925.- |
| 65. Hús Bjarna Jóhannessonar, Framnesvegur 52 B. | 2065 | 810.- |
| 66. Hús Högna Hanssonar o.fl. Garðastræti 11 | 3289 | 48082.- |
| 67. Hús Jóhanns Valdimarssonar, Seljavegi 3 | 544 | 30241.- |
| 68. Hús Jónasar Jónassonar, Grettisgata 77 | 66 | 38393.- |
| 69. Hús Zophoníasar Snorrasonar, Leifsgata 21 | 526 | 50309.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð skólanefndar frá 30. október lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 12. október, 1o. liður. 10. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 2. nóv. , 1o., 11. og 16. liður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn skuldbindur sig til að ráða ekki stúlkur til hreingerninga undir taxta þvottakvennafélagsins Freyja."
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við 16. lið:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að reyna samningaumleitanir við þvottakvennafélagið Freyja um kaup og kjör þvottakvenna í þjónustu bæjarins."
10. liður samþ. með shlj. atkv.
11. liður samþ. með shlj. atkv.
Ályktun meiri hæutans í 16. lið samþ. með 9:6 atkvæðum.
Tillaga frá Bjarna Benediktssyni um að vísa tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar til bæjarráðs samþ. með 7:6 atkv.
Tillaga Björns Bjarnasonar felld með 8:7 atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 9. nóvember, 6. og 13. liður.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
13. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 13. nóvember lögð fram.
Bæjarráðið bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að taka 50. þús. króna lán handa bæjarsjóði til aukningar á atvinnubótavinnu til áramóta, gegn 25 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði, og felur bæjarráði að fjölga í atvinnubótavinnunni um allt að 200 manns, þegar er lánsfé þetta er fengið til viðbótar áður samþykktum lántökum."
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að verða við áskorunum verkamannafélagsins Dagsbrún, sem um getur í 3. og 4. lið erindis frá nefndu félagi."
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn Reykjavíkur felur 3ja manna nefnd, kosinni með hlutfallskosningu af verkamannafélaginu Dagsbrún, að rannsaka úthlutun atvinnubótavinnunnar og annan rekstur ráðningarskrifstofu bæjarins."
Tillaga frá Bjarna Benediktssyni um að vísa tillögu Jóns Axelx Péturssonar til bæjarráðs samþ. með 7:6 atkv.
Tillaga Björns Bjarnasonar felld með 7:1 atkv.
Tillaga bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 5. nóvember lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Fundargerð hafnarstjórnar frá 12. nóvember lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurkaupstaðar árið 1933.
Tillaga frá Guðmundi R. Oddssyni um að fresta málinu samþ. með 7:5 atkv.

XI. Lagður fram til úrskurðar reikningur hafnarsjóðs árið 1934.-
Málinu frestað sbr. X. lið.

XII. Kosning 4. manna í niðurjöfnunarnefnd.
Forseta bárust 2 listar, er hann merkti A og B. Á A-lista voru Ingimar Jónsson skólastjóri og Jón Guðjónsson bókari, en á B-lista Gunnar Viðar hagfræðingur, Sigurbjörn Þorkelsson kaupmaður og Sigurður Kristjánsson alþingismaður. Atkvæði féllu þannig að A-listi fékk 6 atkv., B-listi 8 atkv., en 1 seðill var auður.
Hlutu þannig kosningu:
Ingimar Jónsson og
Jón Guðjónsson af A-lista, en
Gunnar Viðar og
Sigurbjörn Þorkelsson af B-æista.
Varamenn kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Sigurður Ólafsson gjaldkeri og
Kristinn Arndal forstjóri af A-lista,
Sigurður Kristjánsson, alþimgism.
Sveinn Benediktsson framkvæmdastj. Af B-lista.

XIII. Frumvarp að samþ. um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, 2. umræða.
1. breytingartillaga Einars Olgeirssonar felld með 8:1 atkvæði.
2. breytingartillaga sama felld með 8:4 atkv.
3. breytingartillaga sama felld með 7:6 atkv.
4. breytingartillaga sama felld með 8:3 atkv.
5. breytingartillaga sama felld með 8:4 atkv.
6. breytimgartillaga sama felld með 8:6 atkv.
Frumvarpið samþ. með shlj. atkv.

XIV. Atvinnuleysið. Eftir ósk Björns Bjarnasonar bæjarfullttúa.
Málið tekið af dagskrá.

XV. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
Ólafur B. Magnússon kaupmaður, Laugavegi 27.
samþ. með 6:5 atkv. að láta niður falla málssókn á hendur honum til greiðslu á gömlum útsvarsskuldum, með því skilyrði, að hann greiði fyrir 1. desember næstkomandi drátt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vezti frá 1. febrúar 1932 af þeim kr. 1700.oo, sem honum var gert að greiða með samþykkt bæjarstjórnar 22. janúar 1932, alls kr. 291.oo, málskostnað kr. 200.oo - svo og útsvar fyrir yfirstandandi ár með dráttarvöxtum."

Fundargerð lesin, staðfest og undurskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.25.

Guðmundur Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.
Sig Jónsson. Sig. Jóhannsson. Ólafur Friðriksson.
Jóh. Ólafsson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Oddsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Gunnar E. Benediktsson.
Ragngildur Pétursdóttir. Aðalbjörg Sigurðardóttir.
Guðmundur Eiríksson. Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 29. nóv. var reglulegur aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 11.35 árdegis, og voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Bjarni Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Jóhanna Egilsdóttir, Stefán Jóhann Stefánsson, Jón Axel Pétursson, Ólafur Friðriksson, Guðmundur R. Oddsson, Jóhann Ólafsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Samþ. með shlj. atkv., að fundurinn skyldi haldinn fyrir luktum dyrum.

II. Viðvíkjandi lántöku til Sogsvirkjunarinnar. Borgarritari bar fram svohljóðandi tillögu:

"Í framhaldi af ályktun bæjarstjórnarinnar 13. janúar 1934 um lántöku til Sogsvirkjunarinnar samþykkir bæjarstjórn Reykjavíkur að að taka viðbótarlán að upphæð £ 20000 -0-0- tuttuguþúsund sterlingspund eða tilsvarandi upphæð í öðrum gjaldeyri, þannig að öll lánsupphæðin verði £ 295000.0.0.- tvö hundruð níutíu og fimm þúsund sterlingspund, eða tilsvarandi upphæð í öðrum gjaldeyri, og hefir borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Þorláksson, að öllu leyti sama umboð til þessarar stærri lántöku og veðsetningar í sambandi við hana, sem honum var veitt til lántökunnar æ3. júní síðastliðinn, og jafnframt hefir hann ynboð bæjarstjórnarinnar til þess að veðsetja Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir öllu láninu á þann hátt, sem greinir í fundarályktun bæjarstjórnar 29. nóv. 1934."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 10.10.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jóh. Ólafsson. Guðrún Jónasson. Ólafur Friðriksson. Sig. Jónsson. Jóhanna Egilsdóttir. Guðmundur Eiríksson. Guðmundur Oddsson. Björn Bjarnason. Jón Axel Pétursson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 6. des. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5. síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Sigurður Jóhannsson, Guðrún Jónasson, Gunnar E. Benediktsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar sambykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Ásmundar Ólafssonar, o.fl. Fálkagata 32 | 1738 | 26275.- |
| 2. | Hús Alexanders Guðjónssonar, Laugarnesvegur 83 | 114 | 15245.- |
| 3. | Hús Halldórs Hansens, Laufásvegur 24 | 300 | 68748.- |
| 4. | Hús h/f Hampiðjan við Þvergötu | 3298 | 61800.- |
| 5. | Hús Steindórs Þorsteinssonar, Egilsgata 10 | 570 | 37830.- |
| 6. | Hús Thorkels Hansen, Melavellir við Hlíðarveg | 2775 | 51604.- |
| 7. | Hús Kristmanns Jónssonar, Bergþórugata 15 | 2387 | 29438.- |
| 8. | Hús Jóns Halldórssonar, Hörpugata 15 | 571 | 8800.- |
| 9. | Hús Kristínar Jónasdóttur, Laugavegur 50 | 590 | 11512.- |
| 10. | Hús Einars Buðmundssonar, Vesturvallagata 7 | 1989 | 21218.- |
| 11. | Hús Friðriks Ólafssonar, Vestur~~valla~~gata 23 A | 3290.- | 29635.- |
| 12. | Hús Högna Halldórssonar við Langholtsveg | 3211 | 7590.- |
| 13. | Hús Vilmundar Jónssonar, Ingólfsstræti 14 | 144 | 39594.- |
| 14. | Hús Magnúsar Sch. Rhorsteinsson, smjörlíkisgerð við Þvergötu | 2797 | 51950.- |
| 15. | Hús Einþórs B. Jónssonar, Grettisgata 48 | 861 | 18785.- |
| 16. | Hús Guðjóns Jónssonar, Ránargata 14 | 573 | 32454.- |
| 17. | Hús Þorsteins Péturssonar, Freyjugata 30 | 2857== | 1394.- |
| 18. | Hús Garðars Þorsteinssonar, Vesturgata 19 | 79 | 1125.- |
| 19. | Hús Jóns Björnssonar, Vesturgata 4 A | 1359 | 1500.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. Hús Guðrúnar Ágústsdóttur o.fl. Barónsstígur 65 — Brbnr.: 3025 — Kr.: 1500þ-
21. Hús h/f Nói, Barónsstígur 2 — 3261 — 2317.-
22. Hús G.J.Bergmann, Ljósvallagata 24 — 2334 — 1740.-
23. Hús Hendriks Thorarensen, Barónsstígur 49 — 3168 — 2156.-
24. Hús h/f Mánínu, Veghúsastígur7 — 1554 — 18770.-
25. Hús Thor Jensen, Lindargata 22 — 1273 — 17404.-
26. Hús Björns Benediktssonar, á horni Hringbrautar og Holtsgötu — 92 — 21956.-

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. nóvember lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 23. nóvember, 6. liður. Borgarritari bar fram svohljóðandi tillögu í sanbandi við 6. lið:

III. Fundargerð bæjarráðs frá 16. nóvember lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 23. nóvenber, 6. liður. Borgarritari bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 6. lið:

"Bæjarstjórn samþykkir að ábyrgjast fyrir Gunnar Ólafsson, Óðinsgötu 12, lán að upphæð kr. 6000.oo til kaupa á mb. Sigurður Gunnarsson G. K. 525, enda verð lánið tryggt með 2. veðrétti í bátnum næst á eftir 18 þús. ~~kr.~~ krónum, er greiðist að fullu á ekki lengri tíma en 9 árum.

Það er sömuleiðis skilyrði fyrir ábyrgðinni, að kaupandi skuldbindi sig til þess að gera bátinn út frá Reykjavík á vetrarvertíð og að Reykvíkingar sitji fyrir um skiprúm og aðra vinnu við útgerð bátsins."

Tillaga þessi var samþykkt með 10 shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 30. nóvember, 5. liður.
5. liður tekinn af dagskrá.

VI. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkur kaupstaðar árið 1933.

Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin álítur, að fjárreiður bæjarins hvað snertir Elliheimilið Grund og meðferð gamalmennahælissjóðs Reykjavíkur séu í svo megnu ólagi, að bæjarstjórnin ákveður að kjósa sérstaka nefnd til að rannsaka bæði fjárhagslegt ástand og rekstur þess elliheimilis, sem og meðferðin á þeim gamalmennum, sem þar búa."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykningur bæjarsjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með 12:1 atkv.

Tillaga Einars Olgeirssonar felld með 8:1 atkvæði.

Reikningur Vatns- og hitaveitu Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gasstöðvar Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1933 samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 11:1 atkv.

Reikningur skipulagssjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur sjúkrahússjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur eftirlaunasjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur barnahælissjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur barnahælissjóðs Thorvaldsensfélagsins 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gamalmennahælissjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með 9:1 atkv.

Reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur sjóðsins Hallveig 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gjafasjóðs Sighvats Bjarnasonar frá 1890 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gjafasjóðs Sighvats Bjarnasonar frá 1929 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur alþýðulestrarfélags Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur verðlaunasjóðs H. Th. A. Thomsen 1933 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur minningarsjóðs Ingibjargar Hansen 1933 samþ. með shlj. atkv.

VII. Lagður fram til úrskurðar reikningur hafnarsjóðs 1933.

Reikningur hafnsögusjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

Efnahagsreikningur bæjarsjóðs Reykjavíkur 1933 samþ. með shlj. atkv.

VIII. Atvinnuleysið (eftir ósk Björns Bjarnasonar bæjarfulltrúa).

Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögur:

1."Bæjarstjórnin samþykkir að verða við kröfum verkamannafélagsins Dagsbrún um ókeypis mötuneyti fyrir atvinnuleysingja og að þeir fái sömuleiðis ókeypis gas, rafmagn og kol. Felur bæjarstjórn borgarstjóra að sjá nú þegar um framkvæmdir á þessu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Bæjarstjórnin ákveður, vegna neyðar þeirrar, sem nú ríkir meðal atvinnulauss verkalýðs í bænum, að úthluta fyrir jólin til hvers atvinnulauss verkamanns eða verkakonu, sem hefir fyrir fjölskyldu að sjá, 100 krónum, en til hvers einhleyps manns eða konu, sem atvinnulaus er, 50 krónum. Skal þetta ekki skoðast fátækrastyrkur."

Tillaga frá Bjarna Benediktssyni um að vísa tillögum Einars Olgeirssonar til bæjarráðs samþykkt með 8:5 atkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.55.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson. Sig. Jónsson.
Sig. Jóhannsson. Jóhanna Egilsdóttir. Ólafur Friðriksson. Jóh. Ólafsson. Jón Axel Pétursson.
Einar Olgeirsson. Bjarni Benediktsson. Guðm. Oddsson.
Guðm. Eiríksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir.
Gunnar E. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 20. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:

Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jóhannsson, Ragnar Lárusson, Guðrún Jónasson, Ragnhildur Pétursdóttir, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. des. , 1. og 13. liður. 1. liður samþ. með shlj. atkv. Tillaga meiri hlutans í 13. lið samþ. með 8:4 atkvæðum.

~~III.~~

III. Fundargerð bæjarráðs frá 14. des. lögð fram. Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin ákveður að úthluta nú fyrir jólin til atvinnylausra verkamanna og kvenna, 100 krónum til hvers, er hefir fyrir fjölskyldu að sjá, og 50 krónum til einhleypra.

Til vara:
Í stað kr. 100.oo komi: kr. 50.oo og í stað kr.50.oo komi: kr. 25.oo.

2. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að koma nú þegar upp mötuneyti, þar sem atvinnuleysingjar geti fengið ókeypis fullkomið fæði. Ennfremur að láta atvinnuleysingjum í té ókeypis rafmagn, gas, kol og koks.

Aðalbjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Egilsdóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að veita 2000 krónur til hjálpar einstæðum mæðrum nú fyrir jólin og sjái Mæðrastyrksnefndin og vetrarhjálpin um úthlutun þess fjár.

1. tillaga Björns Bjarnasonar felld með 7:1 atkv.
Varatillagan felld með 8:1 atkv.
2. tillaga Björns Bjarnasonar felld með 8:1 atkv.
Tillaga Aðalbjargar Sigurðardóttur felld með 8:5 atkvæðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð skólanefndar frá 6. des. lögð fram. 2., 3. og 6. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.16.

Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónsson. Sig. Jóhannsson. Guðmundur Oddsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Björn Bjarnason. Guðmundur Eiríksson. Bjarni Benediktsson. Ragnar Lárusson. Ragnhildur Pétursdóttir. Guðrún Jónasson. Jóhanna Egilsdóttir. Ólafur Friðriksson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1934, fimmtudaginn 28. des., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 8½ síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1935, - fyrri umræða.
Frumvarpið samþ. til síðari umræðu með shlj. atkv.

II. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1935, fyrri umræða.
Frumvarpið samþ. til síðari umræðu með shlj. atkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirrituð.

Fundi slitið kl. 9.08.

Guðmundur Ásbjörnsson. Jakob Möller. Gunnar E. Benediktsson. Pétur Halldórsson. Guðmundur Eiríksson. Bjarni Benediktsson. Sig. Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Guðm. Oddsson. Ólafur Friðriksson. Jón Axel Pétursson. Einar Olgeirsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935, föstudaginn 4. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Sigurður Jóhannsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Arngrímur Kristjánsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Geirs Gunnlaugssonar, Eskihlíð a | 357 | 27500.- |
| 2. | Hús Messíönu Guðmundsdóttur, Nýlendugata 19 A | 2363 | 22290.- |
| 3. | Hús h/f Fiskimjöl við Köllunarklettsveg | 2393 | 40303.- |
| 4. | Hús sama við Köllunarklettsveg | 2603 | 24316.- |
| 5. | Hús sama við Köllunarklettsveg | 2031 | 820.- |
| 6. | Hús Elínar Hafstein, Fjölnisvegur 12 | 2700 | 4252.- |
| 7. | Hús Lýsissamlags ísl. Botnvörpunga, Haukshús við Mýrargötu | 917 | 128418.- |
| 8. | Hús Kassagerðar Reykjavíkur við Skúlagötu | 612 | 35316.- |
| 9. | Hús Óskars Bjartmarz, Bergstaðastræti 21 | 437 | 11096.- |
| 10. | Hús Stefáns Árnasonar, Þorragata 6 | 617 | 11868.- |
| 11. | Hús Jóns Hlíðbergs o.fl. Leifsgata 12 | 656 | 35902.- |
| 12. | Hús Jóhanns Jónssonar, Auðnar við Langholtsveg | 2540. | 2244.- |
| 13. | Hús Guðmundar Jónssonar, Garðastræti 14, | 678 | 54730.- |
| 14. | Hús Magnúsar Sch. Thorsteinsen Laufásvegur 62 | 761 | 45530.- |

II. Fundargerð bæjarráðs frá 21. des. 1934, 5. liður.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnins samþykkir að fjölga nú þegar b í atvinnubótavinnunni upp í 400 manns."
5. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar til bæjarráðs samþ. með 8:6 atkb.

III. Funfargerð bæjarráðs frá 28. des. 1934, 5. liður.
5. liður samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð skólanefndar frá 2. janúar lögð fram.
3. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Kosning á einum manni og öðrum til vara í lóða-matsnefnd skv. lögum nr. 59, 3. nóv. 1915.
Kosningu hlaut:
Sigurður Thoroddsen, yfirkennari
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.
Varamaður:
Kosningu hlaut
Sigurjón Sigurðsson, trésmiður
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

VI. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1935, síðari umræða.
Fundarhlé kl. 8'- 9½.

